


**skoðun 16**

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Lífið




## Íslenskt hráefni í Svíþjóð
*Rúnar Larsen býður upp á íslenskt lamb og humar á veitingahúsi sínu í Svíþjóð.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Föstudagur**
**16. mars 2012**
64. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




## Læra fléttur
*Útskriftarnemar í hárgreiðslu kenna foreldrum ýmsar auðveldar barnahárgreiðslur.*

**lífstíll 26**

## Börn eru vanmetin
*Þórdís Þórðardóttir ver í dag doktorsritgerð sína um menningarlæsi barna.*

**tímamót 20**



## Töpuðu en fengu bikar
*Grindvíkingar tóku á móti deildarmeistarabikarnum í gærkvöldi.*

**sport 30**

## veðrið í dag




**ÉL SV-TIL** Í dag verður yfirleitt hæg suðlæg átt með éljum SV-til en annars úrkomulaust að mestu. Hitinn breytist lítið.

**VEÐUR 4**

# Skýrsla RNA langt frá því að vera nóg

**Við hefðum þurft sannleiksnefnd til að gera upp hrunið, segir Ingibjörg Sólrún, sem telur rannsóknarnefnd Alþingis ekki standa undir þeim titli. Sjálf sat hún lengur í vitnastúku fyrir Landsdómi en í skýrslutöku hjá rannsóknarnefndinni.**

**EFNAHAGSMÁL** Rannsóknarnefnd Alþingis vann ágæta grunnvinnu á þeim skamma tíma sem hún hafði til umráða en sú vinna dugar hvergi nærri til að gera upp hrunið. Þetta er mat Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, fyrrverandi utanríkisráðherra.

„Tökum mig sem dæmi, ég fer til rannsóknarnefndarinnar og sit þar í klukkutíma í skýrslutöku. Það er allt og sumt. Það sem fólk segir er aldrei gagnprófað og reynt að kafa dýpra eða fólk spurt aftur og málum fylgt eftir. Það er ekki við nefndina að sakast – hún hafði mjög skamman tíma – en það hefði þurft að skoða þetta miklu betur,“ segir Ingibjörg í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Hún telur að það hafi verið mikil mistök að fara með málið í refsifarveg þar sem ekkert er til skoðunar annað en tímabilið frá febrúar fram í október 2008. „Í stað þess að fara með þetta í farveg einhvers konar sannleiksnefndar þar sem málið yrði skoðað í miklu víðara ljósi. Það er það sem menn eins og Ögmundur Jónasson átta sig núna á þó að seint sé. Þetta gerir það að verkum að það er búið að loka þeirri leið – hún verður aldrei farin.“

Ingibjörg segir að þrátt fyrir allt þetta séu réttarhöldin yfir Geir H. Haarde ekki alslæm. „Það er að ýmsu leyti gott að fá að koma þarna og fá að tala. Vegna þess að maður hefur upplifað það í þrjú ár að það hafa engin hlustunarskilyrði verið í samfélaginu. Það er eins og sá tímapunktur sé kannski loksins kominn.“

Ingibjörg ræðir í einnig í viðtalinu um starf sitt í þágu kvenréttinda í Afganistan. **- sh / sjá síðu 12**



**SAFNA FYRIR UNICEF** Nemendur í Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði hafa undanfarna daga kynnst Afríku vegna þemadaga í skólanum. Krakkarnir framleiddu meðal annars skartgripi. Í dag milli klukkan tíu og tólf verður opið hús þar sem hægt verður að kaupa afurðirnar. Allur ágóðinn rennur til UNICEF. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FLÓTTAMANNABÚÐIR** Sýrlenskur drengur í Reyhanli-flóttamannabúðunum í Tyrklandi. NORDICPHOTOS/AFP

Ár liðið frá uppreisn í Sýrlandi:

## Þúsundir flýja til Tyrklands

**SÝRLAND** Yfir þúsund flóttamenn hafa komið til Tyrklands frá Sýrlandi undanfarinn sólarhring. Verið er að setja upp nýjar flóttamannabúðir fyrir ört vaxandi fjölda Sýrlendinga við landamærin.

Ár var í gær liðið frá því að uppreisnin gegn Assad Sýrlandsforseta hófst. Stjórnarherinn hefur hert aðgerðir sínar gegn uppreisnarmönnum undanfarið og er talið að 46 manns hið minnsta hafi látist í gær. Mannréttindasamtök segja um tíu þúsund manns hafa látist á undanförnu ári. Sameinuðu þjóðirnar telja að um 230 þúsund manns hafi flúið heimili sín vegna ástandsins. **- þeb**

Íslensk kvikmynd endurgerð:

## Selja Borgríki til Hollywood

**FÓLK** Leikstjórinn Ólafur Jóhannesson er að ganga frá samningum við kvikmyndarisann New Regency um endurgerð á myndinni Borgríki.

Það eru Hollywood-framleiðendurnir James Mangold og Cathy Conrad sem hyggjast endurgera myndina en meðal þeirra mynda sem þau hafa framleitt eru Walk the Line, Girl Interrupted og Scream 1, 2, 3 og 4.

„Þetta er mjög stórt og við Kristín Andrea, sem framleiddi Borgríki með mér, erum komin með sterkan lögfræðing til að sjá um okkur þarna úti því þetta er mikill frumskógur.“ **- áp / sjá síðu 34**

Greining Íslandsbanka spáir 16% hækkun húsnæðisverðs næstu tvö ár:

# Ekki má fara of geyst í lánveitingar

**EFNAHAGSMÁL** Húsnæðisverð á Íslandi er líklegt til að hækka um samanlagt 16% á næstu tveimur árum. Að teknu tilliti til verðbólguspár jafngildir það um 8,5% hækkun að raunvirði. Þetta er mat greiningar Íslandsbanka sem birt hefur spá um þróun íbúðaverðs.

Í spánni kemur fram að meðal helstu aflvaka líklegra hækkana verði áframhaldandi bati í efnahagslífinu, sögulega lágir vextir, vaxandi kaupmáttur og minni óvissa um skuldastöðu heimila. Þá hafi á síðustu misserum safnast upp óuppfyllt eftirspurn eftir húsnæði. Helsta forsenda spárinnar er að batinn í hagkerfinu haldi áfram á næstunni án bakslags en ýmsir óvissuþættir eru þó nefndir sem sett geta strik í reikninginn. Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Íslandsbanka, segir að hækki húsnæðisverð muni það koma skuldugum heimilum til góða. „Þetta getur auk þess ýtt undir efnahagsbatann en þá þarf að tryggja að hækkunin verði varanleg og sérstaklega að passa að ekki verði farið of geyst í nýjar lánveitingar,“ segir Ingólfur.

Gangi spáin eftir mun sú lækkun sem varð á nafnverði íbúðarhúsnæðis eftir hrun hafa gengið til baka um mitt þetta ár. Raunverð er þó enn langt undir þeim hæðum sem það náði fyrir hrun. **- mþl**





Ég ljúfa vil þér syngja söngva
Einstök örlagasaga um vináttu, leyndarmál og ástríður
NÝ KILJA



VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is



## SPURNING DAGSINS



*Felix, verða þetta þöglar kvöldstundir?*

„Þetta er svo rómantískt hjá okkur að ég vitna bara til skáldsins og segi: Þögul nóttin þreytir aldrei þá sem unnast.“

Felix Bergsson, leikari og tónlistarmaður, gaf á dögunum út sína fyrstu sólóplötu sem ber nafnið Þögul nóttin. Á næstunni heldur Felix ferna tónleika víðs vegar um landið til að kynna plötuna.

Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður FME, segir ekki hægt að veita áminningu:

# Segir rétt staðið að brottvikningu

**STJÓRNSÝSLA** Aðalsteinn Leifsson, stjórnarformaður Fjármálaeftirlitsins, segir að rétt hafi verið staðið að brottvikningu Gunnars Þ. Andersen úr starfi forstjóra FME. Þetta kom fram í viðtali við hann í Kastljósi í gærkvöldi.

Aðalsteinn segir að frá upphafi hafi verið ljóst að ákvörðun um framtíð Gunnars hjá FME yrði byggð á þremur þáttum: álitsgerð Andra Árnasonar lögmanns, álitsgerð Ástráðs Haraldssonar lögmanns og Ásbjörns Björnssonar endurskoðanda og loks mati stjórnar FME. Hann sagði aðeins hafa verið stigsmun á álitsgerðunum tveimur og niðurstaða beggja hafi verið að upplýsingagjöf Gunnars um aðkomu hans að aflandsfélögum í eigu Landsbankans hafi verið ófullnægjandi.

Aðalsteinn hélt því fram að ekki hefði verið hægt að veita Gunnari áminningu eins og lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna kveða á um vegna þess að brot hans hefðu átt sér stað áður en hann var ráðinn. Hann sagðist ekki óttast að tapa dómsmáli ef Gunnar kærir brottvikningu sína. **- þeb**



GUNNAR Þ. ANDERSEN



AÐALSTEINN LEIFSSON

Endurgreiðsla AGS lána:

## Greiða 116 milljarða fyrirfram

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld endurgreiða síðar í þessum mánuði jafngildi 116 milljarða króna af lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og Norðurlöndunum.

Fjárhæðin nemur ríflega fimmtungi af þeim lánum sem tekin voru hjá aðilunum í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS. Um er að ræða fyrirframgreiðslu vegna gjalddaga lánanna á árunum 2013 til 2016. Miðar greiðslan að því að draga úr kostnaði við gjaldeyrisforðahald. **- mþl**

Fimmtugur maður dæmdur:

## Stal milljón frá húsfélaginu

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í dag dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir fjárdrátt þegar hann sat sem gjaldkeri í fjölbýlishúsi í Breiðholti í Reykjavík. Maðurinn dró sér rúma milljón á tímabilinu 23. mars 2010 til 24. nóvember sama ár.

Við meðferð málsins fyrir dómi féll sækjandi málsins frá nokkrum ákæruliðum, upphæðin lækkaði því lítillega og stóð því í 805 þúsund krónum. Maðurinn, sem er tæplega fimmtugur, játaði brot sín skýlaust. Refsingin er skilorðsbundin og fellur niður eftir tvö ár, haldi maðurinn skilorð.

Slitastjórn Glitnis:

## Greiðir út rúma 100 milljarða

**VIÐSKIPTI Slitastjórn Glitnis greiðir í dag forgangskröfuhöfum jafngildi 105,6 milljarða króna. Greiðslurnar verða í myntkörfu sem styðst við gengi krónunnar hinn 22. apríl 2009.**

**Slitastjórnin áformar að inna af hendi greiðslur beint til forgangskröfuhafa og einnig inn á sérstaka geymslureikninga sem greitt verður af mánaðarlega.**

**Samkvæmt breytingum sem gerðar voru á lögum um gjaldeyrishöft í vikunni þarf slitastjórnin samþykki Seðlabankans fyrir úthlutun greiðslna í íslenskum krónum. Sá hluti sem greiða átti í íslenskum krónum í dag verður settur á geymslureikning meðan beðið er heimildar Seðlabankans fyrir greiðslunum.** **- mþl**

**REYKJANESBÆR**

### Eldisstöð fyrir senegalflúru

Framkvæmdir við nýja fiskeldisstöð á Reykjanesi gætu hafist á næstu vikum. Stolt Sea Farm Holdings hefur fengið leyfi frá Reykjanesbæ til að reisa stöðina. Um er að ræða eldi á senegalflúru.

# Klúbbar kæra nýjan golfvöll í Grímsnesi

**Golfklúbbar kæra Grímsnes- og Grafningshrepp til innanríkisráðuneytisins vegna byggingar sveitarfélagsins á golfvelli við Minni-Borg. Oddvitinn segir engan hafa einkarétt á golfvöllum. Sveitarfélagið muni ekki sjálft reka völlinn.**

**DÓMSMÁL** Golfklúbbur Öndverðarness og Golfklúbbur Kiðjabergs krefjast þess að innanríkisráðuneytið ógildi ákvörðun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um byggingu 18 holu golfvallar í landi Minni-Borgar.

„Það virðist vera einlægur vilji sveitarstjórnar að í sveitarfélaginu verði í framtíðinni einn golfvöllur, golfvöllur sveitarfélagsins, byggður og rekinn fyrir skattfé íbúanna og sumarhúsaeigenda. Innanríkisráðuneytinu ber að koma í veg fyrir slíkt enda framkvæmdin andstæð lögum,“ segir Hjörleifur Kvaran, lögmaður golfklúbbanna tveggja, í stjórnsýslukæru. Ráðuneytið hafnar kröfum klúbbanna um að það mæli fyrir um að framkvæmdum sé frestað þar til úrskurður þess liggur fyrir.

Gunnar Þorgeirsson, oddviti sveitarfélagsins, bendir á að engar athugasemdir hafi verið gerðar þegar deiliskipulag fyrir golfvöllinn var samþykkt fyrir um tíu árum. Þá var það reyndar Golfborgir ehf. sem hugðist standa að byggingu vallarins og hóf framkvæmdir. Félagið fór í þrot og sveitarfélagið keypti landið af Sparisjóðabankanum fyrir 55 milljónir króna.

„Þarna hefur verið opið framkvæmdasvæði sem valdið hefur talsverðu moldroki og leiðindum. Við sjáum fyrir okkur að loka þessu en erum ekki að fara að reka golfvöll,“ segir oddvitinn og hafnar því að sveitarfélagið megi ekki koma að uppbyggingu vallarins.

„Ég vissi ekki að það væru einkaleyfi á uppbyggingu golfvalla á Íslandi,“ segir Gunnar. „Sveitarfélög byggja upp íþróttavelli, knattspyrnuvelli og körfuboltavelli og væntanlega flokkast golf undir íþrótt þannig að ég átta mig nú alls ekki á þessum málflutningi.“

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur þegar undirritað viljayfirlýsingu um leigu á golfvellinum við félag sem þar hyggst reisa og reka eitt hundrað herbergja hótel. Jóhann Friðbjörnsson, formaður Golfklúbbs Kiðjabergs, segist telja viljayfirlýsinguna yfirvarp sveitarstjórnarinnar vegna kærunnar. Sveitarstjórnin muni alla tíð koma að rekstrinum á einn og eða annan hátt.

„Nú er ljóst að að fjárfesta þarf í tækjum til að slá og hirða það svæði sem tilbúið verður í vor. Má þá segja að sveitarfélagið sé komið í rekstur á svæðinu um leið og sú vinna hefst. Höfum heyrt að þeir séu nú þegar búnir að fjárfesta í einum vinnubíl og að fleiri tæki séu á leiðinni. Verða þessi tæki trúlega skráð á áhaldahús sveitarfélagsins svo kostnaður við kaup leggist ekki völlinn og rekstur við hann,“ segir Jóhann. **gar@frettabladid.is**




**GOLFVÖLLUR Á MINNI-BORG** Áætlað er að um 170 milljónir króna kosti að ljúka gerð vallarins á Minni-Borg sem hannaður er af Edwin Roald golfvallahönnuði. Sérkenni á vellinum verður meðal annars að í stað sands verður rauðamöl í glompum.
MYND/EDWIN ROALD

Mannréttindadómstóll Evrópu:

## Bann við ættleiðingu í lagi

**FRAKKLAND, AP Franska ríkið braut ekki á rétti lesbískrar konu með því að banna henni að ættleiða barn. Þetta er niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu.**

**Konan vildi ættleiða dóttur konu sinnar og verða lögforeldri hennar. Henni var neitað um það og franskir dómstólar vísuðu í lög um að aðeins gift fólk gæti ættleitt á þennan hátt.**

**Konurnar kærðu niðurstöðuna til Mannréttindadómstólsins og töldu þeim mismunað vegna kynhneigðar. Mannréttindadómstóllinn taldi svo ekki vera, því samkvæmt lögunum væri öllum ógiftum pörum bannað að ættleiða með þessum hætti, óháð kynhneigð. Samkynhneigðir mega ekki gifta sig í Frakklandi.** **- þeb**

Ávísun getnaðarvarna:

## Fleiri en læknar fái heimildina

**HEILBRIGÐISMÁL** Hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum verður heimilt að ávísa hormónatengdum getnaðarvörnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, samþykki Alþingi frumvarp Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra.

Á vef ráðuneytis hans kemur fram að með frumvarpinu sé brugðist við tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna sem lýsti nýlega yfir áhyggjum vegna fjölda þungana og fóstureyðinga meðal stúlkna undir 18 ára aldri hér á landi.

Sala hormónagetnaðarvarna er minnst hér á landi í samanburði við önnur Norðurlandaríki. Sala á neyðargetnaðarvörnum er hvað mest hér. **- ibs**




Viðamikil rannsókn á skipulagðri glæpastarfsemi og handrukkunum:

# Sex úrskurðaðir í gæsluvarðhald

**LÖGREGLUMÁL** Sex menn voru í Héraðsdómi Reykjaness í gær úrskurðaðir í gæsluvarðhald til miðvikudags vegna viðamikillar rannsóknar lögreglu á skipulagðri glæpastarfsemi, líkamsmeiðingum og öðrum tengdum brotum. Fimm þeirra hafa kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Meðal þeirra sem sitja í varðhaldi eru handrukkarinn Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson, sem hlaut sjö og hálfs árs fangelsisdóm árið 2005 fyrir hrottafengna líkamsárás með öxi. Þá er að minnsta kosti einn sexmenninganna liðsmaður vélhjólasamtakanna Hells Angels, en hann var tekinn höndum í Héraðsdómi Reykjaness í gærdag, þar sem hann var staddur til að styðja félaga sína í samtökunum sem voru leiddir fyrir dómara út af öðru máli.



**MÆTTUR AFTUR** Þessi liðsmaður Hells Angels var handtekinn í Héraðsdómi Reykjaness á miðvikudag og leiddur þangað aftur í gær.

Annþór og Börkur eru taldir hafa staðið í innheimtustarfsemi um nokkurt skeið, meðal annars fyrir Hells Angels, og eru þeir grunaðir um að tengjast tveimur alvarlegum líkamsárásum, annars vegar í Mosfellsbæ og hins vegar í Hafnarfirði.



**HULINN** Annþór var leiddur út úr Héraðsdómi Reykjaness undir teppi.

Lögregla réðst í húsleitir á átta stöðum vegna málsins á miðvikudagsmorgun, meðal annars á tveimur sólbaðsstofum Annþórs og Barkar og í heimahúsum. Þar fannst lítilræði af fíkniefnum og meint þýfi. **- sh**




## Meniga heimilisbókhald er nú hluti af Netbanka Íslandsbanka



Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum hætti séð hvernig þínar kökur líta út. Opnaðu Netbankann og byrjaðu að spara tíma og peninga með aðstoð Meniga. Nú er allt á einum stað í skemmtilegri Netbanka.

MENIGA | Íslandsbanki er fyrsti banki í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

**GENGIÐ 15.03.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,28 | 127,88 |
| Sterlingspund | 199,3 | 200,26 |
| Evra | 166,02 | 166,94 |
| Dönsk króna | 22,327 | 22,457 |
| Norsk króna | 21,924 | 22,054 |
| Sænsk króna | 18,628 | 18,738 |
| Japanskt jen | 1,5247 | 1,5337 |
| SDR | 194,72 | 195,88 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,4399

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ræðumenn á Iðnþingi fjölluðu um framtíðarfyrirkomulag gjaldmiðilsmála:

# Fjórir kostir í boði í gjaldmiðilsmálum

**STJÓRNMÁL** Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra segir ekkert standa í vegi fyrir því að Ísland uppfylli Maastricht-skilyrði evrusamstarfsins á næsta kjörtímabili. Lang farsælast sé fyrir Ísland að stefna að inngöngu í ESB og upptöku evru. Oddný var meðal ræðumanna á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins í gær.

Þá sagði Oddný skattkerfisbreytingar að mestu yfirstaðnar á þessu kjörtímabili.

Jón Daníelsson, prófessor við London School of Economics, tók einnig til máls á Iðnþingi en hann ræddi nokkuð um valkosti Íslendinga í gjaldmiðilsmálum. Í erindi sínu ræddi Jón einnig vanda evrusvæðisins sem hann sagði hafa verið óumflýjanlegan í ljósi hönnunar evrusamstarfsins. Líklegast væri þó að samstarfið kæmist í gegnum erfiðleikana þótt ekki væri víst að lausnir evruríkjanna yrðu fullnægjandi.



**ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR**

Jón sagði Íslendinga standa frammi fyrir fjórum kostum í gjaldmiðilsmálum. Í fyrsta lagi að halda gjaldeyrishöftunum í óbreyttri mynd til langs tíma. Í öðru lagi að afnema höftin og halda krónunni. Í þriðja lagi að taka einhliða upp aðra mynt og að síðustu að ganga í ESB og taka upp evru. Þó sagði Jón það fráleitan kost að taka einhliða upp annan gjaldmiðil og lagði áherslu á að hægt væri að afnema höftin á skömmum tíma með réttum undirbúningi.

**- mþl**

Skattadagur í HR um helgina:

## Ókeypis aðstoð við skattframtal

**FJÁRMÁL** Almenningi gefst kostur á að fá ókeypis ráðgjöf við gerð skattframtals í aðalbyggingu Háskólans í Reykjavík á sunnudaginn. Opið verður frá klukkan 11 til 17.

Boðið verður upp á túlkaþjónustu fyrir pólsku- og kínverskumælandi fólk. Þá verður einnig táknmálstúlkur á staðnum. Skil á skattframtali er 22. mars. Arion banki, í samstarfi við Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar, lögfræðiþjónustu Lögréttu og KPMG, stendur fyrir skattadeginum. **- th**

Formannskjör hjá SI:

## Kona í fyrsta skipti formaður

**FÉLAGSMÁL** Svana Helen Björnsdóttir var í gær kjörin formaður Samtaka iðnaðarins. Hún tekur við af Helga Magnússyni, sem hefur verið formaður síðan árið 2006.



**SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR**

Svana Helen er fyrsta konan til að gegna embættinu. Hún hafði betur í kjöri gegn Haraldi Ólafssyni, framkvæmdastjóra málmendurvinnslunnar Furu. Hún fékk 94.440 atkvæði eða 58,6 prósent greiddra atkvæða.

Svana Helen er framkvæmdastjóri ráðgjafar- og hugbúnaðarfyrirtækisins Stiku. **- th**

Kjaranefnd eldri borgara:

## Vilja afturkalla kjaraskerðingu

**KJARAMÁL Kjaranefnd Félags eldri borgara krefst þess að kjaraskerðing sem aldraðir og öryrkjar urðu fyrir á krepputímanum verði leiðrétt strax, þar á meðal sú kjaraskerðing sem þessi hópur varð fyrir þann 1. júlí 2009.**

**Þetta kemur fram í ályktun Félags eldri borgara sem samþykkt var á þriðjudag.**

**„Í lögum um málefni aldraðra segir að aldraðir eigi að njóta jafnréttis á við aðra þegna þjóðfélagsins. Það er búið að afturkalla kjaraskerðingu ráðherra, þingmanna og embættismanna en ekki kjaraskerðingu lífeyrisþega,“ segir meðal annars í ályktuninni og krefst kjaranefndin leiðréttingar strax.** **- kh**

# Innrita nemendur án samþykkis ráðuneytis

**Byrjað er að innrita nýja nemendur í Menntaskólann Hraðbraut þrátt fyrir að námið sé ekki samþykkt af menntamálaráðuneyti. Óvíst er um upphæð námsgjalda og jöfnunarstyrki. Ráðuneytinu hafa borist fyrirspurnir frá foreldrum.**

**MENNTAMÁL** Mennta- og menningarmálaráðuneytinu hafa borist fyrirspurnir um rétt nemenda til að fá nám sitt á fyrra námsári í Menntaskólanum Hraðbraut metið í öðrum framhaldsskólum. Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu má ráða af fyrirspurnunum að ekki séu ljós möguleg áhrif þess að námið er ekki lengur viðurkennt af yfirvöldum.

Innritun fyrir nýja nemendur skólaárið 2012 og 2013 í Hraðbraut hófst í vikunni. Ólafur Johnson skólastjóri segir að þó sé ekki vitað hversu há skólagjöldin verða, en þau eru nú 249 þúsund krónur fyrir árið. Hann telur líklegt að gjöldin hækki náist ekki nýir samningar við ráðuneytið fyrir sumarið. Samkvæmt Ólafi er ekki vitað til þess að nokkur nemandi hafi skráð sig.

„Það verður fullt af fólki sem mun sækja um skólavist ef við störfum næsta vetur, ég hef engar áhyggjur af því,“ segir Ólafur. „En auðvitað er það áhyggjuefni að umsóknum beint úr grunnskólum hefur fækkað og það má segja að það sé partur af aðför ráðuneytisins að reyna að tryggja að erfitt sé að sækja um í skólann.“

Ólafur skoraði á Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra að mæta á opinn fund um málefni skólans sem átti að fara fram í gærkvöld. Honum var þó aflýst þar sem ekkert svar barst frá ráðuneytinu, að sögn Ólafs. Katrín hefur verið stödd erlendis alla vikuna.

Ólafur segist þurfa að leggja út fyrir kostnaði við rekstur skólans úr eigin vasa, skipti ráðuneytið ekki um skoðun.

„Það er á mína persónulegu fjárhagslegu ábyrgð ef eitthvað fer úrskeiðis í fjármálum skólans,“ segir hann. „Ég er með veð í öllum mínum eignum og konunnar minnar og ég mundi tryggja skólastarfið áfram með sama hætti.“

Námið fyrir árið 2012 og 2013 er ekki samþykkt af ráðuneytinu þar sem fallið var frá þjónustusamningum við skólann síðasta haust. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til Hraðbrautar í fjárlögum þessa árs. Þeim nemendum sem þegar voru skráðir í námið var þó gefinn kostur á því að klára það fram til vorsins 2012.

**sunna@frettabladid.is**



**FRAMHALDSSKÓLANEMI** Nemandi á fyrsta ári við Menntaskólann Hraðbraut hefur fengið synjun frá LÍN vegna umsóknar um jöfnunarstyrk þar sem námið er ekki lengur viðurkennt af menntamálaráðuneytinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Nemanda synjað um dreifbýlisstyrk

Námsstyrkjanefnd LÍN hefur synjað nemanda á fyrsta ári við Menntaskólann Hraðbraut um jöfnunarstyrk, eða dreifbýlisstyrk, á þeirri forsendu að skólinn hafi ekki viðurkenningu frá menntamálaráðuneyti til kennslu á fyrra námsári. Auður Lilja Erlingsdóttir, formaður námsstyrkjanefndar LÍN, segir að þegar einstaklingar fái slíka synjun geti þeir kært úrskurð nefndarinnar til menntamálaráðuneytisins og fengið þaðan endanlegan úrskurð. Nemandinn sem um ræðir hefur þó ekki gert það.

Eins og greint er frá í greininni segir Ólafur Johnson að enginn hafi enn sótt um nám á fyrsta ári Hraðbrautar fyrir næsta misseri.



**VARÐSKIPIÐ ÞÓR** Í fjarveru Þórs hefur varðskipið Ægir verið við eftirlit og löggæslu á Íslandsmiðum.

Rolls Royce ber kostnaðinn:

## Þór úr viðgerð í byrjun apríl

**LANDHELGISGÆSLAN Viðgerðir Rolls Royce á vélum varðskipsins Þórs eru á áætlun, að því er fram kemur á vef Landhelgisgæslunnar. Skipið er í viðgerð í Noregi. „Gert er ráð fyrir að skipið verði tilbúið til afhendingar að nýju eftir vélaskipti, prófanir og úttektir flokkunarfélags í byrjun apríl,“ segir á vefnum.**

**Fram kemur að viðgerðirnar séu alfarið á ábyrgð framleiðanda vélanna, Rolls Royce, og muni Landhelgisgæslan ekki bera nokkurn kostnað af framkvæmdunum. „Ábyrgðartími véla og skips lengist sem nemur framkvæmdatíma vegna þessa.“** **- óká**

Knattspyrnuóeirðir í febrúar:

## 75 ákærðir í Egyptalandi

**EGYPTALAND, AP** Saksóknari í Egyptalandi hefur ákært 75 manns fyrir aðild að óeirðum eftir knattspyrnuleik í borginni Port Said í byrjun febrúar. Minnst 74 létu lífið í óeirðunum.

Níu lögreglumenn eru meðal hinna ákærðu og telur saksóknari að þeir hafi vitað að óeirðir ætti á aðkomumennina. Þeir hafi hleypt allt of mörgum á völlinn og ekki leitað á neinum. Þá hafi lögreglumenn ekkert aðhafst þegar átökin hófust. **- þeb**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**HELGARHORFUR**
Á laugardag verður norðlæg átt með éljum norðanlands en bjart sunnan heiða. Á sunnudag snýst þetta við og verður vaxandi suðaustanátt með snjókomu eða slyddu og síðan rigningu sunnan- og vestanlands.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 15° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 14° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | 9° |
| París | 21° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# Danskir dagar



Tulip kæfur
2 tegundir

Tulip kjötbollur

*Den Grønne Slagter*



Den Grønne Slagter
Álegg og kæfur

## Tulip álegg í úrvali



**TULIP ÁLEGG**
Hamborgarhryggur
Rúllupylsa
Reykt rúllupylsa
Steiktur kambur
Roastbeef
Nautabringa
Dönsk salami
Hvítlauksspægipylsa



GOTT VERÐ 899 kr/kg

**Svínasíða**
ribbensteg að dönskum sið



GOTT VERÐ 1.799 kr/kg

**Fylltar svínalundir**
með gráðaosti



GOTT VERÐ 1.198 kr/kg

**Hamborgarhryggur**
að dönskum sið



GOTT VERÐ 899 kr/kg

**Svínabuff**
að dönskum sið

*Direkte fra Danmark*



GOTT VERÐ 199 kr/stk

**Jolly Cola**
0,5 líter

*Direkte fra Danmark*



**Guf danskt ískrem**
jarðarberja, þarf aðeins að þeyta

*Nyheder på danske dage*



**Dan Cake**
kökur og rúllutertur

*Direkte fra Danmark*



**Danskar gulrætur, rótargrænmeti & epli**



GOTT VERÐ 289 kr/stk

**Birkibrauð**

*Nyheder på danske dage*



**Lakrids, handgerður**
3 spennandi tegundir

*Direkte fra Danmark*



**Toms súkkulaðistykki**
5 tegundir

*Nyheder på danske dage*



**Castus ávaxtastangir**
nýtt og spennandi

Gildir til 18. mars á meðan birgðir endast.

**NÝTT VISATÍMABIL**

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Hjólar þú í vinnuna?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 8,5% |
| NEI | 91,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hræðist þú uppgang glæpagengja hér á landi?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. vísir

Lögregla í Sviss rannsakar rútuslys og þjóðarsorg hefur verið lýst yfir:

# Lík barnanna flutt til Belgíu

**BELGÍA** Þjóðarsorg hefur verið lýst yfir í Belgíu í dag vegna rútuslyss sem varð 28 manns að bana í Sviss á þriðjudag. 21 Belgi og sjö Hollendingar létust, 22 skólabörn og sex fullorðnir.

Um hundrað ættingjar hinna látnu fóru til Sviss á miðvikudag á vegum belgískra stjórnvalda. Þeir heimsóttu slysstaðinn í gær auk þess sem hluti þeirra fór í líkhús til að bera kennsl á látna ástvini sína. Yfirvöld í Sviss hafa þó sagt að sum líkanna séu of illa farin til þess að fjölskyldumeðlimir verði látnir bera kennsl á þau. Hefja átti flutning líkanna til Belgíu í gærkvöldi.

Börnin höfðu verið í skíðaferðalagi í Sviss og voru nýlögð af stað heim á leið í þremur rútum þegar slysið varð. Rútan skall á vegg í göngum en verið er að rannsaka orsök slyssins. Ekkert bendir til þess að rútunni hafi verið ekið of hratt og tveir bílstjórar hennar höfðu virt reglur um hvíldartíma. Nú er verið að skoða hvort rútan hafi bilað, hvort bílstjórinn hafi veikst eða hvort mannleg mistök hafi valdið slysinu. Fjölmiðlar í Sviss og Belgíu greindu frá því í gær að bílstjórinn hefði skipt um dvd-disk rétt áður en slysið varð og höfðu þær upplýsingar frá ónefndum eftirlifendum. Lögregla sagði í gær að myndbandsupptökur úr göngunum sýndu ekkert slíkt. - þeb



**BÖRNIN HUGGUÐ** Mikil sorg ríkti við minningarathöfn sem haldin var í barnaskólanum í Lommel í Belgíu í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP








**HAGNAÐUR** Uppistaðan í fjármögnun Arion banka eru innstæður. Vilji er til þess að fjármagna bankann meira með öðrum hætti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gengisdómur kostaði Arion 13,8 milljarða

**Arion banki birti fyrstur allra áætlað tap sitt vegna gengislánadóms. Tapið byggir á einum af fjórum sviðsmyndum FME. Útlán bankans jukust mikið vegna kaupa á lánasafni þrotabús Kaupþings. Farinn að huga að lánshæfiseinkunn.**

**VIÐSKIPTI** Arion banki færði eignir sínar niður um 13,8 milljarða króna vegna kostnaðar við endurreikning gengislána í kjölfar dóms Hæstaréttar í febrúar síðastliðnum. Útreikningurinn byggir á sviðsmynd sem Fjármálaeftirlitið (FME) hefur teiknað upp vegna dómsins. Alls eru sviðsmyndir FME fjórar og Arion banki valdi þá sem hann taldi líklegasta. Sá fyrirvari er þó gerður á útreikningnum að hann gæti breyst umtalsvert, til hins betra eða verra fyrir bankann, ef túlkun á niðurstöðu Hæstaréttar tekur breytingum frá þeirri sviðsmynd sem valin var. Þetta kemur fram í ársreikningi Arion banka sem birtur var í gær. Bankinn er fyrstur stóru viðskiptabankanna þriggja að birta mat á kostnaði sínum vegna niðurstöðu Hæstaréttar í febrúar.

Hagnaður Arion banka eftir skatta var 11,1 milljarður króna á síðasta ári og arðsemi eiginfjár 10,5%. Vaxtatekjur bankans jukust milli ára og voru 23,4 milljarðar króna. Þá jukust þóknanatekjur úr 6,9 milljörðum króna í 10,7 milljarða króna. Á kynningarfundi með fjölmiðlum í gær sagði Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion, að tæpur helmingur þeirra væri tilkominn vegna greiðslukortaþjónustu dótturfélagsins Valitor og um fjórðungur vegna eignastýringar bankans. Að mati Höskuldar er niðurstaðan viðunandi.

Útlán Arion banka jukust úr 451,2 milljörðum króna í 561,6 milljarða króna á árinu 2011 og eignir hans jukust því umtalsvert á liðnu ári. Tvennt var þó ráðandi í þessari breytingu. Annars vegar greiddi Össur hf. upp öll sín lán hjá Arion, sem voru vel á þriðja tug milljarða króna, í mars 2011 með endurfjármögnun frá erlendum bönkum. Hins vegar tók Arion yfir íbúðalánasafn þrotabús Kaupþings, sem metið er á 120 milljarða króna, og hafði áður verið í sérstökum sjóði.

Innstæður jukust og eru sem áður uppistaðan í fjármögnun bankans, eða 67% hennar. Helstu stjórnendur Arion greindu frá því á kynningarfundinum í gær að ein þeirra lykilspurninga sem bankinn stæði frammi fyrir í ár væri hvort, og þá hvenær, hann ætti að sækjast eftir lánshæfiseinkunn hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum. Slíkt yrði lykillinn að því að blanda fjármögnun hans betur þannig að hún hvíldi ekki jafn mikið á innlánum. Hvort það yrði gert færi þó eftir þróun á lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins. Ísland er sem stendur með lægstu einkunn í fjárfestingaflokki. Sú einkunn þyrfti að hækka um eitt eða tvö hök. thordur@frettabladid.is

## Samráðsfundir hafnir

Samkeppniseftirlitið heimilaði á föstudag fjármálafyrirtækjum landsins að hafa með sér afmarkað samstarf sem miðar að því að hraða úrvinnslu skuldamála sem varða gengisbundin lán vegna dóms Hæstaréttar 15. febrúar síðastliðinn. Á meðal skilyrða sem sett voru fyrir samstarfi var aðkoma fulltrúa Neytendastofu og talsmanns neytenda. Í úrskurði eftirlitsins er enn fremur sett það skilyrði „að fjármálafyrirtækin fresti fullnustuaðgerðum vegna krafna sem ljóst er að falli undir dóm Hæstaréttar, meðan á samstarfinu stendur“. Þegar hafa farið fram tveir fundir á grundvelli úrskurðarins.






Ályktun Evrópuþingsins um stöðu aðildarviðræðna Íslands og ESB:

# Stefna að opnun fjögurra nýrra kafla

**EVRÓPUMÁL** Stefnt er að því að opna fjóra nýja samningskafla í aðildarviðræðum Íslands og ESB á ríkjaráðstefnu í lok mánaðarins. Þar verður einnig leitast við að loka sem flestum köflum. Þá munu viðræður í lykilköflum, til dæmis fiskveiðum og landbúnaði, hefjast í ár. Þegar hafa ellefu kaflar af 35 verið opnaðir og átta þeirra hefur þegar verið lokað.

Þetta kom fram í máli Stefan Füle, stækkunarmálastjóra ESB, og Nicolai Wammen, Evrópumálaráðherra Dana, á Evrópuþinginu á miðvikudag þar sem ályktun þingsins vegna stöðu viðræðnanna var afgreidd.



STEFAN FÜLE

Báðir voru þeir bjartsýnir um að viðræður myndu ganga vel og fljótt fyrir sig, þó þess yrði gætt að huga betur að vönduðum vinnubrögðum en hraðri afgreiðslu.

Í umræðunum sagði Füle að sambandið væri tilbúið til að taka tillit til „sérstöðu og væntinga Íslands“ í viðræðunum. Þó innan grundvallarreglna sambandsins.

Ályktunin var rædd á Alþingi í gær þar sem til tals kom kafli um makríldeilur Íslands við ESB og Noreg. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra áréttaði að ekkert yrði gefið eftir í þeim viðræðum. „Af hálfu okkar er ekki líðandi að ESB setji fram einhver skilyrði um makrílinn í samningaviðræðum almennt um aðildarferlið,“ sagði Jóhanna. - þj




MYNDARLEGAR HAMINGJUÓSKIR FRÁ Canon



Brandenburg

Nýherji, umboðsaðili Canon á Íslandi, óskar verðlaunahöfunum **Daníel Rúnarssyni, Eyþóri Árnasyni, Kjartani Þorbjörnssyni (Golli), Kristni Magnússyni** og **Rakel Ósk Sigurðardóttur** innilega til hamingju með glæsilegar verðlaunamyndir í keppni Blaðaljósmyndarafélags Íslands; „Myndir ársins 2011“.

Eins og svo margir aðrir treysta þau á **Canon EOS ljósmyndabúnað**, sem er í uppáhaldi hjá ljósmyndurum um allan heim. Nýherji hvetur allt áhugafólk um ljósmyndun til að skoða glæsilega ljósmyndasýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands í Gerðarsafni.

NÝHERJI

Nýherji hf. | Sími 569 7700 | www.netverslun.is

BETRI LAUSNIR

Geir H. Haarde fyrir Landsdómi – dagur 8

# Sagði Geir sekan um alvarlega vanrækslu

**Brot Geirs H. Haarde á ráðherraábyrgð í aðdraganda hrunsins telst alvarlegt og viðurlög allt að tveggja ára fangelsi, sagði saksóknari í málflutningi sínum í gær. Hún sagði Geir hafa sýnt alvarlega vanrækslu á skyldum sínum sem forsætisráðherra. Málflutningur heldur áfram í dag þegar verjandi Geirs á sviðið.**

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, sinnti ekki þeirri frumkvæðisskyldu sem hvíldi á honum til að draga úr stærð bankakerfisins, sjá til þess að Icesave yrði fært í dótturfélag og fleira í aðdraganda hrunsins, sagði Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, í málflutningi í Landsdómsmálinu í gær. Brot Geirs telst að hennar mati alvarlegt, en við því getur legið allt að tveggja ára fangelsi verði Geir fundinn sekur.

Sigríður sagði að þó alvarleiki brota Geirs ætti að leiða til þyngingar refsingar væri eðlilegt að litið væri til þess að langt væri um liðið síðan brotin hefðu verið framin, auk þess sem Geir hefði ekki gerst brotlegur áður. Það gæti þýtt að skilorðsbinda mætti refsingu Geirs, yrði hann fundinn sekur.

Sigríður sagði Geir hafa sýnt alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra frá byrjun febrúar 2008 fram að bankahruninu í október.

Hún tók fram að ekki væri verið að gefa það í skyn með ákæru að Geir hefði með aðgerðum sínum getað afstýrt hruninu. Á honum hefði hvílt sú skylda að reyna. Hann hefði vitað af þeirri hættu sem yfir hefði vofað en hefði ekki brugðist við eins og honum hefði verið unnt sem forsætisráðherra landsins.

„Það hefur verið talað um að viðvörunarljós hafi blikkað og rúmlega það. Það má líkja þessu við þegar peran er farin í stefnuljósinu, þá hamast ljósið sem aldrei fyrr,“ sagði Sigríður, sem taldi viðvörunarljós hafa blikkað frá árinu 2006 þegar svokölluð míní-kreppa skall á bönkunum.

Landsdómur vísaði frá tveimur af sex ákæruliðum í ákæru Alþingis áður en til aðalmeðferðar kom. Eftir standa fjórir ákæruliðir sem Sigríður fjallaði um í málflutningi sínum í gær.

## Vanræksla samráðshópsins

**Í fyrsta ákæruliðnum, lið 1.3, er Geir ákærður fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika væru markviss og skiluðu árangri.**

Samráðshópur stjórnvalda um fjármálastöðugleika var eini vettvangurinn þar sem unnið var að undirbúningi fyrir mögulegt fjármálaáfall, sagði Sigríður í Landsdómi í gær. Í hópnum sátu fulltrúar forsætis-, fjármála- og viðskiptaráðuneytis, auk fulltrúa Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Vinna hópsins átti að fela í sér greiningu á áhættu ríkisins, sagði Sigríður. „Það hlýtur að vera forsenda þess þegar unnið er að gerð viðbúnaðaráætlunar að gera sér grein fyrir við hverju megi búast.“

Fundargerðir hópsins, auk annarra gagna, sýna að „vinna hópsins var alls ekki markviss og skilaði ekki tilætluðum árangri“, sagði Sigríður. Hún sagði að skort hefði upp á aðkomu stjórnvalda að starfi hópsins. Hópurinn hefði ekki fengið upplýsingar um út frá hvaða leiðum stjórnvöld hefðu viljað vinna og því erfitt að klára viðbúnaðaráætlun eða önnur verkefni.

Ólíkt öðrum ráðherrum fékk Geir ýmis gögn frá samráðshópnum, en settist ekki niður með samráðherrum sínum til að móta stefnu. Sigríður sagði að alvarleg staða bankakerfisins hefði blasað við meðlimum samráðshópsins frá nóvember 2007 að hruninu tæpu ári síðar. Allan þann tíma hefði hópurinn beðið eftir stefnumótun stjórnvalda.

Sigríður gerði lítið úr þætti samráðshópsins í undirbúningi á neyðarlögunum. Geir hafði, auk vitna sem komu fyrir Landsdóm, sagt neyðarlögin hafa byggt í veigamiklum atriðum á vinnu samráðshópsins. Þetta sagði Sigríður orðum aukið. Mikilvægustu ákvæði neyðarlaganna hefðu verið samin á þremur dögum fyrir setningu laganna.

## Smækka banka og senda úr landi

**Í öðrum ákæruliðnum, lið 1.4, er Geir ákærður fyrir að hafa ekki haft frumkvæði að virkum aðgerðum ríkisvaldsins til að draga úr stærð bankakerfisins, til dæmis með því að einn bankanna flytti höfuðstöðvar sínar úr landi.**

Íslensku bankarnir hefðu vel getað selt eignir á árinu 2008 til að minnka efnahagsreikning sinn, og þar með áhættu sem fylgdi hruni þeirra þá um haustið, sagði Sigríður. Hún sagði augljóst að Geir hefði átt að fullvissa sig um að unnið væri að slíkri eignasölu, og beita ríkisvaldinu til að tryggja að af henni yrði.

Hún sagði ekki duga fyrir Geir að benda á að ýmislegt hefði verið rætt á fundum, eða að stjórnendur bankanna hefðu sjálfir ólmir viljað selja eignir en ekki getað.



**MÁLFLUTNINGUR** Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, undirbjó sig fyrir málflutning fyrir Landsdómi í gær þegar Geir gekk í salinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það verður ekki séð að spjall um að minnka bankana hafi skilað neinu,“ sagði Sigríður. Hún sagði að Geir hefði átt að kalla eftir upplýsingum um stöðu bankanna, setja fram kröfur og fylgja þeim eftir í stað þess að leyfa bönkunum að gera þetta á eigin forsendum.

Sigríður sagði augljóst að bankarnir hefðu tapað á því að selja eignir sem mögulega hefðu verið keyptar á uppsprengdu verði, þó fráleitt væri að tala um brunaútsölu. Þó þeir hefðu ekki verið viljugir til að taka á sig slíkt tap hefði það verið skylda Geirs að setja hag samfélagsins í fyrsta sæti og krefjast eignasölu.

Bankarnir þrýstu á þessum tíma mjög á stjórnvöld að stækka gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans. Sigríður sagði að það hefði verið kostur fyrir stjórnvöld að binda slíka stækkun skilyrðum um að bankarnir minnkuðu stærð efnahagsreikninga sinna með sölu eigna óháð kostnaði, í ljósi óhagstæðra aðstæðna.

Ekki var hægt að útiloka að slík eignasala kæmi einum eða fleiri bönkum í vanda, en svo mikið var í húfi að Geir hefði átt að sjá til þess að þeir reyndu, sagði Sigríður.

„Ákærði hafði skyldur við íslenskt samfélag umfram bankana,“ sagði Sigríður. Hún sagði að svo hefði virst sem Geir hefði verið mögulegt tap bankanna efst í huga, ekki alvarlegar afleiðingar af hruni þeirra fyrir íslenskt samfélag.

## Flytja Icesave í breskt dótturfélag

**Í þriðja ákæruliðnum, lið 1.5, er Geir ákærður fyrir að hafa ekki fullvissað sig um að unnið væri að flutningi Icesave-reikninganna frá útibúi Landsbankans í Bretlandi í dótturfélag með virkri aðkomu ríkisvaldsins.**

Icesave-reikningar Landsbankans í Bretlandi, og síðar Hollandi, urðu þess valdandi að mikil hætta vofði yfir ríkissjóði vegna Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, sem ábyrgðist innistæðurnar, sagði Sigríður. Þá hefði verið hætta á áhlaupi á reikningana, og þar með Landsbankann, sem hefði getað haft alvarlegar afleiðingar fyrir allt íslenska fjármálakerfið.

Geir hefði átt að hafa frumkvæði að því að þvinga Landsbankann til að færa Icesave-reikningana úr útibúi sínu í Bretlandi í breskt dótturfélag til að takmarka áhættu Íslands vegna þeirra, sagði Sigríður.

Breska fjármálaeftirlitið (FSA) setti sem skilyrði að eignir yrðu færðar í slíkt dótturfélag, en það hugnaðist stjórnendum Landsbankans augljóslega ekki, sagði Sigríður.

„Landsbankinn vildi ekki færa neinn herkostnað vegna þessa,“ sagði Sigríður. FSA taldi flutninginn geta tekið þrjá til sex mánuði.

## Ræða ógn á ríkisstjórnarfundum

**Í fjórða ákæruliðnum, lið 2, er Geir ákærður fyrir að hafa látið fyrir farast á ríkisstjórnarfundum að ræða um þá ógn sem steðjað hafi að íslenska fjármálakerfinu.**

Í stjórnarskránni er kveðið á um að forsætisráðherra skuli ræða á ríkisstjórnarfundum um „mikilvæg málefni“. Þrátt fyrir þetta verður ekki séð að vandi fjármálakerfisins hafi verið ræddur fyrir alvöru á fundum ríkisstjórnar Geirs fyrr en í óefni var komið, sagði Sigríður.

„Málin verða varla mikið stærri,“ sagði hún, og átti þá við stöðuna á efnahagsmálunum frá því snemma árs 2008. Með því að ræða ekki þetta alvarlega mál á ríkisstjórnarfundum er ljóst að möguleiki ríkisstjórnarinnar á því að afstýra hættu á tjóni minnkaði, sagði Sigríður. Það séu augljóslega minni möguleikar til að bregðast við reyni menn ekki að vinna saman og finna lausnir.

Sigríður sagði venjur um hvað tekið væri á dagskrá ríkisstjórnarfunda ekki geta ýtt til hliðar skýru ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins.



Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is







## Orðrétt

„Það hefur verið talað um að viðvörunarljós hafi blikkað og rúmlega það. Það má líkja þessu við þegar peran er farin í stefnuljósinu, þá hamast ljósið sem aldrei fyrr.

Sigríður Friðjónsdóttir taldi útilokað annað en Geir H. Haarde hafi séð viðvörunarljósin blikka fyrir hrun.

„Það virtist enginn vita neitt um krosseignatengsl, enginn nema Tryggvi [Þór] Herbertsson sem virtist vita mest af öllum um þetta.

Sigríður sagði að skort hefði á að upplýsingar um stöðu bankanna og áhættu í rekstri þeirra væru tiltækar í hruninu.

„Þá hefði kannski verið snjallt fyrir menn að drífa sig í stærra hagkerfi. Svona fyrir okkur hin.

Sigríður vitnaði í bankastjóra Kaupþings sem orðaði það þannig að íslenska hagkerfið væri of lítið fyrir bankann.

„Ákærði hafði skyldur við íslenskt samfélag umfram bankana.

Sigríði þótti Geir hafa frekar verið umhugað um að bankarnir töpuðu ekki peningum en að tryggja öryggi landsins.

„Þetta bjargaðist. Sem betur fer […] Þetta fór merkilega vel, betur en á horfðist, en það má setja spurningarmerki við hverjum það var að þakka.

Sigríður taldi, þrátt fyrir allt, íslenskt samfélag hafa sloppið merkilega vel frá hruninu, þótt hún hefði að því er virðist ekki talið að sá árangur væri Geir að þakka.

„Viðskiptaráðherra var ekki á þeim fundi, frekar en mörgum öðrum fundum.

Sigríður tók undir þá skoðun sumra að upplýsingum hafi verið haldið frá Björgvini G. Sigurðssyni viðskiptaráðherra.

# NÝR TILBOÐS-BÆKLINGUR!

**NÝTT AFSLÁTTARMIÐAKERFI - KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Í NÝJA NETTÓ BÆKLINGNUM**





**nettó** KRÆSINGAR & KOSTAKJÖR

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir




Farin verður millileið vegna riðuveiki á Jökuldal:

# Hætt við niðurskurð á fé

**LANDBÚNAÐUR** Hætt hefur verið við að skera niður allt sauðfé á bænum Merki á Jökuldal. Riða greindist í einu heilasýni úr kind þaðan sem slátrað var á Vopnafirði í haust.

„Samkvæmt greiningum á Tilraunastöðinni á Keldum þá er riðan í flokki óhefðbundinna tilfella af riðu eða af afbrigðinu NOR 98 og er þetta fjórði bærinn á Íslandi þar sem þetta afbrigði greinist," segir á vef Matvælastofnunar. „Við þeim tilfellum hefur verið brugðist með niðurskurði, eins og um hefðbundna riðu væri að ræða." Stefanía Þorgeirsdóttir, sérfræðingur á Keldum, skrifaði grein um málið í Bændablaðið en hún er einn helsti sérfræðingur landsins í riðu. Í greininni kemur fram að nokkur óvissa ríki um skilgreiningu á riðuafbrigðinu, sem sé greinilega mun minna smitandi en hefðbundin riða.

Yfirdýralæknir hefur nú ákveðið að ákveðin millileið verði farin. Öllum kindum sem eru fimm ára og eldri verði fargað, ásamt kindum sem eru mest skyldar jákvæðu kindinni. Þá verði heilasýni rannsökuð og ákvörðun um frekari niðurskurð tekin í framhaldi af niðurstöðum rannsókna. **- óká**




**BLAÐAMANNAFUNDUR Í ÓSLÓ** Lögreglan kynnti innri rannsókn sína fyrir fjölmiðlum í gær. Lögreglustjórinn Øystein Mæland baðst afsökunar fyrir hönd lögreglunnar.

# Gengst við mistökum

**Norska lögreglan viðurkennir að hafa ekki brugðist nógu hratt við hryðjuverkum Anders Breivik í fyrra. 54 atriði hefðu betur mátt fara samkvæmt rannsókn. Lögreglustjóri baðst afsökunar vegna málsins.**

**NOREGUR, AP** Norska lögreglan hefur gengist við því að hafa ekki brugðist nógu hratt við þegar fréttir bárust af drápunum í Útey í fyrrasumar þar sem Anders Behring Breivik myrti 69 manns.

Niðurstöður innri rannsóknar lögreglunnar leiddu í ljós að galli í samskiptaferlum hefði orsakað tafir á viðbrögðum. Einnig hefði ofhleðsla á hraðbáti á leið út í eyjuna með sérsveitarmenn tafið málin, en alls voru tiltekin 54 atriði þar sem betur hefði mátt fara.

Breivik náði að athafna sig á Útey í eina klukkustund og tuttugu mínútur áður en lögregla handtók hann. Tuttugu manns hið minnsta eru taldir hafa fallið í valinn á Útey síðasta stundarfjórðunginn áður en Breivik var stöðvaður.

Øystein Mæland, lögreglustjóri í Ósló, sagðist á blaðamannafundi harma að lögregla skyldi ekki hafa náð að stöðva Breivik fyrr en raunin varð. Hann baðst afsökunar fyrir hönd lögreglunnar að Breivik náðist ekki fyrr og sagði ljóst að lögreglan hefði ekki verið undir hryðjuverkin búin á þessum tíma. „Hver mínúta var einni mínútu of mikið," sagði hann.

„Hefðum við getað brugðist hraðar við? Svarið er já. Ef báturinn hefði ekki verið ofhlaðinn hefðum við komist fyrr út í Útey. Við vitum ekki hvort það hefði leitt til betri niðurstöðu, en það er ekki útilokað. Og það er sárt að hugsa sér að við hefðum getað bjargað mannslífum ef við hefðum yfirbugað gerandann fyrr."

Lögregla hefur hingað til verið treg til að viðurkenna að eitthvað annað hafi verið hægt að gera til að bregðast við árás Breiviks.

Grete Faremo dómsmálaráðherra tók undir afsökunarbeiðni lögreglunnar, en margir aðstandenda hinna látnu hafa lýst yfir ánægju með afsökunarbeiðni lögreglu. Faremo sagði einnig að innri rannsóknin hefði verið mikilvæg, gott væri að fá staðreyndirnar upp á borðið.

Breivik sjálfur er enn til rannsóknar hjá geðlæknum til að skera úr um sakhæfi hans.

**thorgils@frettabladid.is**
**thorunn@frettabladid.is**


# Er framtíð í flýtibílum?

Fundur um framtíð flýtibíla á Íslandi verður haldinn í Tjarnarbíói þriðjudaginn 20. mars kl. 15-17.
Fjallað verður um samgöngur, kostnað við að eiga bíl og hugmyndir um innleiðingu á flýtibílum á Íslandi.
Öllum er velkomið að sækja fundinn.

## Dagskrá

15.00 **Elly Katrín Guðmundsdóttir**, borgarritari Reykjavíkurborg.
*Fundarstjóri og stjórnandi pallborðs*

15.05 **Runólfur Ólafsson**, framkvæmdastjóri FÍB.
*Kostnaður við að eiga bíl á Íslandi*

15.25 **Ólafur Bjarnason**, sviðsstjóri hjá Reykjavíkurborg.
*Samgöngur í Reykjavík*

15.45 **Finnur Sveinsson**, sérfræðingur í samfélagslegri ábyrgð hjá Landsbankanum.
*Er framtíð í flýtibílum?*

16.05 **Pallborðsumræður**. Auk fyrirlesara eru þátttakendur þeir Ástgeir Þorsteinsson frá Frama og Einar Kristjánsson hjá Strætó.

Að fundinum standa átta aðilar sem hafa frumkvæði að verkefninu en það eru Advania, Alcoa Fjarðaál, Íslensk nýorka, Landsbankinn, Landspítalinn, Landsvirkjun, Orkuveita Reykjavíkur og Reykjavíkurborg.

Landsvirkjun · Íslensk NýOrka · Landspítali Háskólasjúkrahús · Alcoa · advania · Reykjavíkurborg · Orkuveita Reykjavíkur


Samruni Íslandsbanka og Byrs:

# Kæru MP Banka vísað frá

**SAMKEPPNISMÁL** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála hefur staðfest úrskurð Samkeppniseftirlitsins um að heimila samruna Íslandsbanka og Byrs. MP banki kærði á sínum tíma ákvörðunina og krafðist þess að hún yrði felld úr gildi.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins frá því í október kom fram að sterkar vísbendingar væru um að samruninn myndi auka skaðlega fákeppni. Hins vegar ylli alvarleg staða Byrs því að ástæða væri til þess að heimila samrunann með vísan til reglna samkeppnisréttar um fyrirtæki á fallanda fæti. Taldi eftirlitið að raunhæfir möguleikar á annarri sölu en til Íslandsbanka hefðu ekki verið fyrir hendi. **- mþl**


Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur
BYLGJAN 989
Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

# Íslenskt grænmeti
## styður Mottumars í verki






**islenskt.is** **Íslenskt grænmeti er stoltur styrktaraðili Krabbameinsfélags Íslands.**

ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR

íslenskt grænmeti

# Hefðum þurft sannleiksnefnd

**Við erum ekki búin að gera upp hrunið og réttarhöld fyrir Landsdómi munu ekki hjálpa okkur við það. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fer yfir aðkomu sína að málinu yfir Geir Haarde og starf sitt í þágu kvenfrelsismála í Afganistan í samtali við *Stíg Helgason.***

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra, hóf í nóvember á síðasta ári störf fyrir UN Women í Kabúl í Afganistan. Hún fer þar með umboð frá Sameinuðu þjóðunum til að vinna að framgangi kvenréttinda og stýrir stofnun um verkefnið með á áttunda tug starfsmanna. „Mig vantaði vinnu. Það var bara svo einfalt,“ segir Ingibjörg, spurð hvers vegna hún sótti um starfið. Hún hafði þá verið atvinnulaus í vel á þriðja ár. „Mig langaði að leita aftur í ræturnar mínar. Ég var ákveðin í að mig langaði að vinna að kvennamálum því að þaðan kem ég upphaflega inn í pólitíkina.“ Hún hafi því sótt um nokkur slík störf og loks verið valin til starfa hjá UN Women úr nokkuð stórum hópi umsækjenda.

Hún segist ekki sjálf finna fyrir því hve erfitt það sé að vera kona í Afganistan því aðstæður séu aðrar í Kabúl þar sem hún vinnur. „Það er náttúrulega hræðilegt að vera afgönsk kona. Aðstæður eru alveg óskaplegar,“ segir Ingibjörg, og nefnir sem dæmi að þorri afganskra kvenna sé ólæs, á hálftíma fresti deyi kona af völdum meðgöngu eða fæðingar, ofbeldi í garð kvenna sé útbreitt og margar stúlkur séu barnungar gefnar eldri mönnum. Á hinn bóginn séu líka í landinu aðdáunarverðar, sterkar og áberandi konur í stjórnmálum og kvennahreyfingu. „Annars vegar ertu með hóp af konum, ekki mjög stóran en hóp samt, sem er gríðarlega sterkur, öflugur og óhræddur, og svo ertu aftur með mikinn massa af konum sem eru algjörlega réttlausar og eiga engin tækifæri í tilverunni.“

Þetta hafi þó lagast á liðnum árum og smátt og smátt megi merkja viðhorfsbreytingu, sem fylgi því að fram á sjónarsviðið stígi frjálslyndari öfl.

### Eigum stefnumót úti í heimi

„Starf mitt felur það í sér að við styðjum við afgönsk stjórnvöld í stefnumótun þeirra í málefnum kvenna og hvetjum þau til að gera breytingar sem skipta máli fyrir konur. Við erum líka málsvarar kvenna gagnvart stjórnvöldum og kerfinu öllu.“

Erfiðust séu einstaklingsmálin og gagnvart þeim verði hún svolítið magnþrota. „Hvað getur maður gert þegar maður rekst á sextán ára stúlku í kvennaathvarfi sem er að eignast barn af því að henni var nauðgað, hún er þarna en nauðgarinn gengur laus? Hún á enga möguleika, enga framtíð fyrir sér. Hvað getur maður gert fyrir þessa stúlku? “

Ingibjörg býr og starfar á lokuðu öryggissvæði í Kabúl í sex vikur í senn og fær þá einnar viku frí eins og tíðkast með starfsmenn SÞ á stríðshrjáðum svæðum, sem hún ver yfirleitt utan Afganistan, en þó ekki á Íslandi. Hún ferðast um ein með bílstjóra á brynvörðum jeppa, hefur í þrígang skroppið út fyrir Kabúl til að öðlast betri skilning á landi og þjóð, er ekki í samneyti við neina Íslendinga og vinnan á hug hennar allan. „Það er ekkert sem dregur athyglina frá starfinu, ekkert sem truflar mig. Og það er í rauninni dálítið gaman að fá að vinna þannig, að gefa sig bara algjörlega í starfið alla daga vikunnar frá morgni til kvölds,“ segir hún.

Hún réði sig í fyrstu til árs og segist ekki vera búin að taka ákvörðun um framhaldið. Og hún segir starfið svo spennandi og lærdómsríkt að henni finnist ekkert erfitt að vera fjarri fjölskyldu og vinum löngum stundum. Enda hittir hún sína nánustu af og til. „Við eigum stefnumót úti í heimi. Og svo er auðvitað skæpið. Maður er í daglegum samskiptum þar. Það er ekki mikið vandamál.“



**LEIÐIST EKKI** Ingibjörg segir starfið í Afganistan, þótt það geti tekið á, vera nógu spennandi og lærdómsríkt til að henni finnist ekki erfitt að vera fjarri fjölskyldunni og vinum löngum stundum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Sannleiksnefnd vantar

Ingibjörg kom til landsins í vikunni til að bera vitni fyrir Landsdómi, í réttarhöldum þar sem hún hefði allt eins sjálf getað setið á sakamannabekk ef tillaga þingmannanefndar Atla Gíslasonar hefði hefði verið samþykkt. Hún segir að því fylgi að vonum blendnar tilfinningar.

„Það er sérkennilegt að sjá allar helstu persónur og leikendur úr hruninu koma til að fjalla um aðgerðir eða aðgerðaleysi Geirs en ekki sínar eigin gerðir. Þetta sýnir best að leiðin sem var valin var svo óskaplega röng og gerir það að verkum að það mun ekkert koma út úr þessu sem getur fullnægt því fólki sem vildi velta við hverjum steini,“ segir hún. Við blasi að Geir verði sýknaður. „Ég veit ekkert hvernig málið mun þróast en það er enginn efi í mínum huga.“

*Þú heldur að þetta muni ekki skila okkur neinu?*

„Nei, að minnsta kosti ekki uppgjöri við hrunið, því miður. Það var ákveðið að fara með málið í refsifarveg með þetta afmarkaða tímabil undir, frá febrúar fram í október 2008, í stað þess að fara með þetta í farveg einhvers konar sannleiksnefndar þar sem málið yrði skoðað í miklu víðara ljósi. Það er það sem menn eins og Ögmundur Jónasson átta sig núna á þó að seint sé. Þetta gerir það að verkum að það er búið að loka þeirri leið – hún verður aldrei farin.“

*Þú talar um sannleiksnefnd. Erum við ekki búin að fara þá leið?*

> ” Það er að ýmsu leyti gott að fá að koma þarna og fá að tala. Vegna þess að maður hefur upplifað það í þrjú ár að það hafa engin hlustunarskilyrði verið í samfélaginu.

„Nei, það erum við ekki búin að gera. Rannsóknarnefnd Alþingis vann ágætt verk að mörgu leyti en vandamálið var að hún þurfti að vinna svo hratt. Það var orðið aðalatriði að koma skýrslunni út sem fyrst í stað þess hún fengi bara þann tíma sem hún þurfti. Hún vann ákveðna grunnvinnu en það var mjög takmarkandi. Tökum mig sem dæmi, ég fer til rannsóknarnefndarinnar og ég sit þar í klukkutíma í skýrslutöku. Það er allt og sumt. Það sem fólk segir er aldrei gagnprófað og reynt að kafa dýpra eða fólk spurt aftur og málum fylgt eftir. Það er ekki við nefndina að sakast – hún hafði mjög skamman tíma – en það hefði þurft að skoða þetta miklu betur. Um starf þingmannanefndarinnar ætla ég ekki að tala að svo stöddu – það er þyngra en tárum taki. Hún lét sig hafa það að leggja fram ákærur á hendur einstaklingum sem voru bæði illa rannsakaðar og vanreifaðar.“

### Léttir að fá að segja frá

Réttarhöldin eigi sér þó jákvæðar hliðar. „Það er að ýmsu leyti gott að fá að koma þarna og fá að tala. Vegna þess að maður hefur upplifað það í þrjú ár að það hafa engin hlustunarskilyrði verið í samfélaginu. Það er eins og sá tímapunktur sé kannski loksins kominn. Margt sem ég er að segja þarna fyrir Landsdómi er eitthvað sem ég hef verið að reyna að segja í gegnum andmælin mín eða bréfið mitt til þingnefndarinnar en það hafa bara ekki verið móttökuskilyrði. Þetta er í fyrsta skipti sem maður fær ráðrúm til að tala og segja hlutina eins og þeir blöstu við manni. Það er mikill léttir líka. Þannig að þetta er ekki alslæmt.“

*Í máli Davíðs Oddssonar kom fram að utanríkisráðherra – og þú varst nú í embætti utanríkisráðherra þótt þú hafir verið erlendis veik – hefði stungið upp á því að taka 30 til 40 milljarða evra lán til að bjarga bankakerfinu á síðustu metrunum. Þú kannast ekkert við þetta?*

„Þetta á að hafa verið um Glitnishelgina. Ég skil ekki hvernig í veröldinni ég á að hafa getað lagt þetta til. Ég er komin á sjúkrahús þetta kvöld, 28. september. Að morgni mánudagsins 29. er ég skorin upp. Þannig að ég er hreinlega á skurðarborðinu þegar menn eru að ræða Glitnismálin. Þetta er algjörlega fráleitt.“

*En hefurðu heyrt af því að starfandi utanríkisráðherra, Össur Skarphéðinsson, hafi verið með svona hugmyndir?*

„Nei, ég hef ekki heyrt það. En þetta er líka dæmi um smjörklípu. Davíð leikur alltaf sama leikinn. Hann er eins og smali sem hendir út spýtu og hundarnir hlaupa á eftir spýtunni í hvert eitt sinn og hugsa: Nei sko, spýta! Eins og þeir séu að sjá hana í fyrsta sinn. Nú eru allir álitsgjafarnir að tala um þetta. Þetta virðist aðalmálið. Og hvaða máli skiptir þetta? Segjum sem svo að ég eða Össur, eða einhver annar, hefði spurt: Er þetta leið til að fara? Það væri ekki í sjálfu sér óeðlilegt að spyrja þeirrar spurningar á fundi með seðlabankastjóra. Það er ekki þar með sagt að menn séu að leggja það til. Við erum að eltast við algjör aukaatriði.“

*Þið Össur Skarphéðinsson báruð algjörlega á sitt hvorn veginn um Glitnishelgi. Hann fullyrti fyrir dómi að þú hefðir sérstaklega beðið hann um að halda Björgvini G. Sigurðssyni utan við alla þá atburðarás. Þú segir að þetta sé ekki rétt. Er ekki annað hvort ykkar að ljúga?*

„Ég er búin að gera Landsdómi grein fyrir því máli og læt það duga,“ segir Ingibjörg.

MIKIÐ ÚRVAL BÍLA Á TILBOÐI!
VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og EIRHÖFÐA (Bílakjarninn)
525 8000
www.bilaland.is
bílaland
ENNEMM / SÍA / NM51004

# Vinsælar vörutegundir með 35-50% afslætti

dagana 15.-19. mars



3 fyrir 2

**Body butter**
Þú kaupir tvær tegundir af sívinsælli „body butter“-húðnæringu (200ml) og velur þér þá þriðju í kaupbæti
**Verð nú: 4500 kr.**
**með 37% afslætti**
Verð áður: 7170 kr.



35% afsláttur

**E-vítamín fyrir andlitið**
Þrjár vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), andlitsvatn (200ml) og hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml). Þessar vörutegundir henta öllum húðgerðum
**Verð nú: 3100 kr.**
**með 35% afslætti**
Verð áður: 4770 kr.



35% afsláttur

**Sólarpúður og bursti**
Tvær vörutegundir saman: „Bronzing powder“-farði (litbrigði að eigin vali) og „Sun lustre“-andlitsbursti
**Verð nú: 3170 kr.**
**með 35% afslætti**
Verð áður: 4880 kr.



50% afsláttur

**„Honey bronze“-varagljái**
Rakagefandi vara„gloss“ innan sólarfarðalínunnar. Val er milli tveggja litbrigða: „Coral“ eða „Sand“
**Verð nú: 945 kr.**
**með 50% afslætti**
Verð áður: 1890 kr.



40% afsláttur

**Fyrir herramanninn**
Tvær vörutegundir saman: „Of a man“-hár og -sturtusápa (200ml) og „Of a man“-svitalyktareyðir (75ml)
**Verð nú: 1935 kr.**
**með 40% afslætti**
Verð áður: 3230 kr.



35% afsláttur

**Aloe vera-andlitsvörur**
Þrjár vörutegundir saman: Hreinsimjólk (200ml), andlitsvatn (200ml) og dagkrem (50ml) - allt saman vörutegundir sem innihalda græðandi „aloe vera“-gelið góða
**Verð nú: 3340 kr.**
**með 35% afslætti**
Verð áður: 5140 kr.



40% afsláttur

**Unaðslegur ilmur og dekur**
Við gefum 40% afslátt af verði vörutegunda innan þriggja vörulína:
„Vanilla“, „Japanese cherry blossom“ og „Neroli jasmin“. Um er að ræða ilmvatn, hörundsúða, sturtugel og húðnæringu.
Gríptu nú gæsina meðan hún gefst!

THE BODY SHOP™

**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI**

Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL **NÝTT KORTATÍMABIL** NÝTT KORTA

## BÓNUS BUFFALÓ FULLELDAÐ
## KJÚKLINGAVÆNGIR OG LEGGIR




**398** KR. BOXIÐ




**598** KR. BOXIÐ




**595** KR. PK

**FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR**
4 STK. 80 GRAMMA / M. BRAUÐI




**1995** KR. KG

**FERSK NAUTAPIPARSTEIK**




**1195** KR. KG

**FERSKT 100% NAUTAHAKK**



**1359** KR. KG

**KS FROSIÐ LAMBALÆRI**




**1995** KR. KG

KJÖRFUGL **FERSKAR**
**KJÚKLINGABRINGUR**



**3598** KR. KG

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
**FROSIÐ LAMBAFILLET**



**1398** KR. KG

ÞÝSKAR FROSNAR
**GRÍSALUNDIR**




**698** KR. KG

ALI GRÍSAKJÖT
**FERSKUR GRÍSABÓGUR**




**129** KR. 200G

EUROSHOPPER
**STEIKTUR LAUKUR**

## SKÚFFUKAKA



**359** KR. 380G

MYLLU
**SÚKKULAÐI SKÚFFUKAKA**




**BÓNUS PYLSUR 10 STK**
**359 KR.** ca. 480 gr.
**PYLSUBRAUÐ 5 STK**
**139 KR.**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | | | | | 2 |
| | 6 | 2 | 8 | 9 | 4 | | | 5 |
| | 9 | | | 2 | | | 6 | |
| | | | 6 | | | 8 | | |
| 2 | | | 9 | | 7 | | | 4 |
| | | 9 | | | 1 | | | |
| | 8 | | | 5 | | | 9 | |
| 5 | | | 2 | 6 | 9 | 1 | 7 | |
| 9 | | | | | | 5 | | |

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU Á BONUS.IS 54

# OPNUM KL.10

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
169 KR. KG
RAUÐAR VATNSMELÓNUR
439 KR. KG
STEINALAUS RAUÐ VÍNBER
195 KR. KG
GULAR MELÓNUR
FERSKT ÍTALSKT BLAÐSALAT
298 KR. 100G
ROCOLA WILD
298 KR. 100G
MESCLUM BLANDAÐ
298 KR. 100G
BABY SPINAT
398 KR. KG
MANGÓ
MÖNDLUR MEÐ HÝÐI
698 KR. 500 GR
HEIMA MÖNDLUR
DANSKE GULERØDDER
159 KR. 500 GR
DANSKAR GULRÆTUR
Best Quality
498 KR. 600 GR
600G FERSKAR DÖÐLUR
195 KR. KG
STÓRAR PERUR Í LAUSU
359 KR. 200 GR
BÓNUS SPÍNAT
FERSKT FRÁ SPÁNI
495 KR. 750G
LÁRPERA
AVÓCADÓ 750G
pick me up.
in fruit we trust.
one ingredient fruit.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
froosh
298 KR. 250 ML
FROOSH SMOOTHIE 250 ML.
ÓSVIKINN ÁVAXTA ORKUDRYKKUR
195 KR. KG
STÓRAR APPELSÍNUR Í LAUSU
LÍFRÆNT
Engiferdrykkur
259 KR. 330ML
HIMNESKUR ENGIFER-DRYKKUR
ALMOND DREAM
Original + Calcium
359 KR. 1 LTR.
ALMOND DREAM MÖNDLUMJÓLK MEÐ KALKI
RICE DREAM
+ Calcium
298 KR. 1 LTR.
RICE DREAM RÍSMJÓLK MEÐ KALKI
LÍFRÆNT
Rauðrófusafi
Epla & mangó
498 KR 750 ML
598 KR 750 ML
HIMNESKT: RAUÐRÓFUSAFI EPLA & MANGÓSAFI
ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN
MATVÖRUVERSLANIR
BÓNUS 1. sæti
MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lífeyrissjóðir þurfa að fá að fjárfesta erlendis:

## Þjóðnýting og misnotkun

Íslendingar eru skyldugir til að greiða í lífeyrissjóði. Hver launamaður greiðir hundruð þúsunda hið minnsta í þá á ári hverju. Í staðinn er þeim lofað „greiðslu lífeyris til æviloka, örorku eða andláts“ samkvæmt lögum um lífeyrissjóði. Til að standa við þetta loforð er sjóðunum gert að skila 3,5% raunávöxtun á ári. Lífeyrissjóðir eru skuldbundnir samkvæmt lögum að fjárfesta að minnsta kosti helming eigna sinna, sem í dag eru rúmlega 2.100 milljarðar króna, innanlands. Þess utan eru í gildi gjaldeyrishöft sem gera þeim ókleift að fjárfesta nýjar innborganir í kerfið utan Íslands. Þær eru um 120 milljarðar króna á ári hverju.

Ýmsir hafa séð sér leik á borði í þessum aðstæðum. Þeirra á meðal er íslenska ríkið og tæknilega gjaldþrota sveitarfélög. Hægt og rólega hafa þessir aðilar látið lífeyrissjóðina kaupa upp skuldir sínar. Í byrjun árs 2007 áttu sjóðirnir skuldabréf útgefin af þeim fyrir um 55 milljarða króna. Þá voru slík bréf 3,6% af heildareignum sjóðanna. Í lok september 2008, við anddyri hrunsins, nam eignin 97 milljörðum króna og hlutfallið af heildareignum var 5,5%. Í lok janúar síðastliðins áttu íslenskir lífeyrissjóðir skuldabréf ríkis og sveitarfélaga fyrir 297,4 milljarða króna. Þau eru nú 13,9% af heildareignum þeirra.


SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is


Þar sem nýir fjárfestingarmöguleikar á Íslandi eru nánast engir er hrikaleg stærð lífeyrissjóðanna í íslensku samhengi bóluvaldandi. Þá neyðast þeir líka til að leita í gerninga sem eru ekki nægilega arðbærir. Með öðrum orðum eru kjöraðstæður til að neyða þá til að taka þátt í fjárfestingum sem eru andstæðar starfsmarkmiði þeirra. Innanríkisráðherrann vill til dæmis að lífeyrissjóðir einbeiti sér að óútskýrðum „samfélagslega verðugum verkefnum“ og að þeir séu nýttir til „markvissrar uppbyggingar á innviðum samfélagsins“. Seðlabankanum fannst kjörið að neyða sjóðina til að taka þátt í gjaldeyrisútboðum sínum með hótunum um himinháa skattlagningu yrðu þeir ekki við þeim kröfum. Aðrir vilja nota peninga sjóðanna til að byggja risavaxið sjúkrahús, endurfjármagna himinháan byggingarkostnað tónlistarhúss, grafa göng, byggja vegi eða „leiðrétta forsendubresti“ fyrir nokkra tugi milljarða króna sem þröngur hópur skuldara telur sig hafa orðið fyrir.

En lífeyrissjóðir eiga ekkert að gera þessa hluti. Þeir eiga, fyrst og fremst, að geta borgað Íslendingum sómasamlegan lífeyri þegar þeir eru orðnir gamlir og víkja af vinnumarkaði fyrir nýjum kynslóðum. Allar ákvarðanir þeirra eiga að miðast við það, og því á að hleypa sjóðunum út úr íslensku hagkerfi til að fjárfesta. Frekar ætti að takmarka heimildir lífeyrissjóða til innlendra fjárfestinga við um það bil þriðjung af ráðstöfunarfé þeirra. Í dag eru þær um 75% þess. Þetta er ekki óþekkt og leysir misnotkunarvandann. Norðmenn til að mynda setja allt ráðstöfunarfé olíusjóðs síns í fjárfestingar erlendis.

Sú hægláta þjóðnýting sem á sér stað á lífeyri landsmanna er af völdum manna sem hugsa til skamms tíma, ekki lengri. Takmark hennar er að nýta núna fé sem er í eigu komandi kynslóða lífeyrisþega til að létta tímabundna skuldabyrði eða til að láta drauma um óarðbærar framkvæmdir verða að veruleika. Og það er rangt.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871





MAIA
REYKJAVÍK
LAUGAVEGI 7

Flott gúmmístígvél frá Stylesnob
**12.990 kr.**

**www.facebook.com/MAIAReykjavik**


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sök klínt á sjálfstæðismenn

Í ritstjóraspjalli nýútkominna Þjóðmála er tekin upp þykkjan fyrir marga valinkunna einstaklinga sem hafa verið milli tannanna á fólki. Þar er farið yfir málarekstur yfir Geir H. Haarde fyrir Landsdómi, sem er afsprengi „bandalags vinstri manna og útrásarmanna“ til þess að „klína sök“ á Sjálfstæðisflokkinn „og ekki síst Davíð Oddsson“.

Þá er lýst yfir furðu á nýlegum dómum yfir Birni Bjarnasyni og Baldri Guðlaugssyni. Baldur er þar sagður „vammlaus maður í hvívetna“ sem hafi orðið á „augnabliks dómgreindarbrestur“.

### Óvenju langt augnablik

Er þá væntanlega átt við tveggja daga langt augnablik þar sem Baldur ákvað að selja hlut sinn í Landsbankanum fyrir tæpar 200 milljónir króna í tveimur lotum. Það var svo í ljósi upplýsinga sem Hæstiréttur hefur síðan staðfest að voru innherjaupplýsingar.



### Í góðra vina hópi

Síðasti einstaklingurinn sem tekið er til varna fyrir er Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra fyrir „skörunglegar ákvarðanir“ í Grímsstaðamálinu. Óvíst er hvort Ögmundur hreykir sér af þessum félagsskap. Á bloggi sínu setur Jónas Kristjánsson Ögmund í svipaðan hóp.

Undir öðrum formerkjum þó en í þjóðmálum, eins og við var að búast.

**thorgils@frettabladid.is**

## HALLDÓR




## Svar til Sjálfsbjargar


Samfélagsmál



Björk Vilhelmsdóttir
formaður velferðarráðs


Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra, er með réttmætar kröfur í Fréttablaðinu í gær um að allir öryrkjar fái sérstakar húsaleigubætur ef þeir eiga til þess rétt skv. tekju- og eignamörkum, óháð því hjá hverjum þeir leigja. Reykjavíkurborg kom fyrst sveitarfélaga með sérstakar húsaleigubætur árið 2004, sem fleiri hafa tekið upp með mismunandi hætti. Markmiðið er að lækka greiðslubyrði fólks með mikinn félagslegan vanda sem leigir á almennum markaði til að það hafi val um búsetu og aðgerðin átti að ýta undir almennan leigumarkað.

Síðar færðist niðurgreiðsla borgarinnar til Félagsbústaða frá almennri niðurgreiðslu yfir til leigjenda í formi sérstakra húsaleigubóta. Ekki hafa því verið greiddar sérstakar húsaleigubætur til leigjenda í sérstökum leiguúrræðum á vegum samtaka öryrkja en fram hefur komið í nýlegri húsnæðisúttekt Öryrkjabandalagsins að greiðslubyrði leigjenda þeirra er umtalsvert lægri en almennt gerist – sem betur fer.

Borgarstjórn samþykkti nýlega húsnæðisstefnu þar sem segir skýrt að endurskoða eigi stuðning til leigjenda í Reykjavík þannig að hann verði óháður því hver á og rekur húsnæðið en taki mið af greiðslubyrði og félagslegum aðstæðum. Jafnframt er nú í gangi endurskoðun á öllum húsnæðisstuðningi opinberra aðila í samvinnu sveitarfélaga og ríkis. Er stefnt að því að um næstu áramót komi til húsnæðisbætur sem taki við húsaleigubótum og vaxtabótum og auki stuðning við leigjendur en í dag er hann miklu minni en vaxtabætur til eigenda.

Á meðan þessi endurskoðun stendur yfir er ekki hægt að gera breytingar á gildandi reglum. Þegar hið nýja húsnæðisstuðningskerfi hefur verið þróað mun Reykjavíkurborg í samvinnu við önnur sveitarfélög endurskoða núverandi reglur um sérstakan húsnæðisstuðning. Mun Reykjavíkurborg gera það í samræmi við umrædda samþykkta húsnæðisstefnu borgarinnar um að leigustuðningur taki mið af greiðslubyrði og félagslegum aðstæðum, óháð því hver á og rekur húsnæðið. Slíkur stuðningur verður því vonandi í boði frá og með næstu áramótum, þó í öðru formi en er í dag.

Það er alveg ljóst að sveitarfélögin þurfa að mæta fólki sem býr við félagslega erfiðleika og hefur mikla greiðslubyrði vegna húsnæðis og veita því húsnæðisstuðning. Það er von okkar sem að þessum málum vinnum að nýtt kerfi verði réttlátara en það sem fyrir er og mæti þörfum leigjenda betur.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Bíla-Ísland

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



Ég ætla að byrja á játningu. Ég öfunda Bíla-Ísland. Á Bíla-Íslandi er skilvirkt markaðshagkerfi. Þar kostar allt sitt, en allt er til. Bíla-Ísland virkar.

Ég elst upp á Fóta-Íslandi. Á Fóta-Íslandi notar fólk fætur, hjól eða strætó til að ferðast. Fóta-Ísland er vitanlega ekki sérlega fjölmennt. Lengi vel vissu raunar fæstir að Fóta-Ísland væri yfirhöfuð til og þeir sem það þó gerðu héldu að þar byggju aðallega fátæklingar og útlendingar. Sem að mörgu leyti var ekki alrangt.

Fóta-Ísland var þannig eins konar huglægt gettó. Fáir ímynduðu sér að nokkur byggi þar nema af fjárhagslegum ástæðum, nema kannski einstaka bóhemar. Og vissulega er Fóta-Ísland ekki dýr staður til að búa á en ókosturinn við hann er að þjónustan þar er gjarnan rekin á félagslegum forsendum. Og vond eftir því.

Ef bensín hækkar þurfa íbúar Bíla-Íslands að borga meira fyrir bensín meðan íbúar Fóta-Íslands þurfa að horfa fram á niðurskurð í strætókerfinu. Svona er þetta. Á Bíla-Íslandi borga menn mikið en fá það sem þeir þurfa. Á Fóta-Íslandi borga menn lítið sem ekkert og fá lítið sem ekkert.

Ég keypti mér hjól fyrir nokkrum árum með innbyggðum ljósrafal á framhjólinu. Eftir hálft ár hætti hann að virka. Ég fór með hjólið á upprunalega sölustaðinn, þar sem viðgerðarmennirnir smurðu það og stilltu en ypptu svo öxlum yfir ónýta ljósinu. Þeir kynnu ekkert á svona lagað. Ég sé þetta ekki gerast á Bíla-Íslandi. Þar er manni skutlað til og frá vinnu á meðan ötulir starfsmenn bílaumboðsins kíkja á bilunina. Og ef bilunin er ekki á ábyrgð þá er viðgerðin vissulega sjúklega dýr, en allavega möguleg.

Ef bíl er stolið á Bíla-Íslandi er það tekið alvarlega. Menn taka af manni skýrslu og reyna jafnvel að finna bílinn. Sé hjóli stolið á Fóta-Íslandi er flestum sama. Þótt hjólaþjófnaðir séu algjör plága upplýsast þeir aldrei og ekkert er gert til að sporna við þeim. Það væri auðvelt að koma upp kerfi þar sem sölumenn og aðrir gætu skráð stellnúmer hjóla hjá lögreglu. Eða selja hjólin með almennilegum lásum. Flestir íslenskir hjólalásar flokkast sem barnalásar og eru ekki ætlaðir til notkunar í alvöruborgum. Hugsið ykkur ef stela mætti 90% bíla með garðklippum einum saman.

Menntakerfi Bíla-Íslands er einkarekið og fjárhagslega sjálfbært. Ökunám kostar um þrjú hundruð þúsund krónur og enginn vælir yfir því. Ein klukkustund í ökukennslu kostar jafnmikið og önn í framhaldsskóla. Allir borga með glöðu geði. Ekkert tal um „jafnrétti til bílprófs“ eða „rétt til aksturs óháð efnahag“. Jafnvel bílprófið sjálft er tekið hjá einkaaðilum og kostar sitt. En fyrir vikið er framboðið á þjónustunni ótrúlega gott. Það er til dæmis hægt að hefja ökunámið hvenær sem er. Skrifleg og verkleg próf er hægt að taka alla daga ársins. Ekkert nám utan Bíla-Íslands er jafnsveigjanlegt og jafneinstaklingsmiðað.

En þótt markaðshyggja Bíla-Íslands sé aðdáunarverð þá er samt einn stór þáttur sem henni er undanskilinn. Vegakerfið sjálft er ríkisbákn. Það er fjármagnað með skattheimtu og byggt upp af hinu opinbera. Sveitarfélög fjármagna vegagerð með sköttum á alla fasteignaeigendur, óháð því hvort þeir eiga bíl eða ekki. Eins mikið og kvartað er undan sköttum á bensín þá er staðreyndin sú að þeir sérskattar hafa á undanförnum árum ekki staðið undir kostnaðinum af viðhaldi og uppbyggingu vegakerfisins. Menn eiga samt ekki í minnstu vandræðum með að hvetja í sömu andrá til lækkunar bensíngjalda og stóraukinna útgjalda til vegagerðar. Slíkt gengur auðvitað ekki upp nema að aðrir skattar verði hækkaðir eða peningar teknir frá öðru.

Raunar er til leið til að lækka álögur á bensín og hraða jafnframt uppbyggingu vegakerfisins, án þess að þurfa sækja féð í aðra sjóði eða í vasa allra skattgreiðenda. Sú leið felst í því að láta stærri framkvæmdir næstu ára byggjast upp í gegnum einkaframkvæmd og fjármagna þær með gjöldum þeirra vegfarenda sem umrædda vegi nota. Vissulega yrði þannig markaðsvætt vegakerfi dýrara í notkun fyrir umrædda vegfarendur. En það yrði fáránlega skilvirkt. Eins og allt annað á Bíla-Íslandinu góða.

# Íslendingar eiga ekki að skeina Ameríkana

Umhverfismál
Ingimar Sveinsson
fv. kennari við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri



Fyrir nokkru síðan var sagt frá því í fréttum að amerísk sorpeyðingarfyrirtæki hefðu áhuga á að kaupa og starfrækja Kölku, sorpbrennslu Suðurnesja, og flytja hingað til förgunar iðnaðar- og sjúkrahússorp frá Kanada og Bandaríkjunum.
Mér finnst ótrúlega hljótt hafa verið um þetta mál og hvergi hefi eg séð nein afgerandi andmæli gegn þessari ráðagerð.

Að mínu mati hafa Íslendingar meiri þörf fyrir flest annað en innflutning á sorpi sem þessi stórveldi eru í vandræðum með að eyða sjálf á forsvaranlegan hátt.

Það getur varla verið fjárhagslega hagkvæmt að flytja slíkt sorp til fjarlægra landa til förgunar, svo að augljóst er að eitthvað annað liggur að baki. Heyrst hefur um slíka flutninga til nokkurra þróunarlanda þar sem komið hafa upp stórfelld mengunarvandamál og að einmitt sé verið að loka fyrir slíka starfsemi þar og því ekki undarlegt að leitað sé hingað í framhaldi þess.

Í Víkurfréttum annan febrúar sl. segir m. a. um. þetta mál: „Áhugi Bandaríkjamanna stafar fyrst og fremst af mjög stífum reglum í þeirra heimalandi og því kaupi þeir nú m.a. brennslu í fleiri löndum.“

Er trúlegt að það kosti minna að framfylgja ásættanlegum (stífum) reglum hér en í Bandaríkjunum eða er hreinlega verið að segja okkur að sætta okkur við slakari mengunar- og heilbrigðiskröfur?

Í sömu grein Víkurfrétta segir að hjá sorpbrennslunni Kölku hafi þegar hlaðist upp stórt öskufjall og engin lausn hafi fundist á því hvað hægt sé að gera við öskuna, hún sé nú geymd í gámum á nokkrum stöðum á Suðurnesjum, í Sandgerði, Garði og gömlu sorpeyðingarstöðinni við Hafnarveg. Enn fremur segir þar orðrétt: „Ekki hefur fundist lausn á því hvernig Kalka getur losað sig við úrganginn, öskuna. Er m.a. verið að skoða það alvarlega að sigla henni til Danmerkur þar sem hægt væri að urða hana.“

Eru framtíðaratvinnuhorfur Suðurnesja (og reyndar allra Íslendinga) virkilega orðnar svo slæmar að þörf sé á innflutningi á iðnaðar- og sjúkrahússorpi frá Kananum og útflutningi á úrgangsösku frá brennslu þess?

Meðan við Íslendingar erum í vandræðum með að eyða okkar eigin sorpi, þá eigum við ekki að ljá máls á því að taka við iðnaðar- og sjúkrahússorpi frá öðrum löndum til förgunar.

Því vil eg skora á ráðherra umhverfis- og heilbrigðismála að vísa þessu máli frá hið bráðasta. Það er ekki forsvaranlegt að ljá þessu eyra eða að láta það velkjast til lengdar í umræðu, svo fráleitt sem það er.

# Þagnarmúrinn rofinn

Umhverfisvernd
Ólína Þorvarðardóttir
alþingismaður



Í nýliðinni viku samþykkti samþykkti Alþingi mikilvæga lagabreytingu sem tekur af vafa um skyldu stjórnvalda til þess að upplýsa almenning þegar lífi og heilsu fólks stafar hætta af losun mengandi efna. Sem fyrsti flutningsmaður málsins fagna ég niðurstöðunni og tel að hér sé á ferðinni mikil réttarbót fyrir íslenskan almenning þar sem bein frumkvæðisskylda stjórnvalda varðandi upplýsingagjöf hefur ekki verið innleidd í íslenska löggjöf áður.

Frumvarp þetta var fyrst lagt fram á síðasta ári, í kjölfar þess að upp komst um mikla díoxíðmengun frá nokkrum sorpeyðingarstöðvum á landsbyggðinni. Kom í ljós að búfjárafurðir í námunda við sorpeyðingarstöðina Funa í Skutulsfirði voru díoxíðmengaðar, og að opinberir eftirlitsaðilar höfðu haft vitneskju um að díoxíðmengun frá Funa hafði verið tugfalt yfir viðmiðunarmörkum um langt skeið. Opinberir eftirlitsaðilar, sveitarfélagið og umhverfisyfirvöld sættu harðri gagnrýni fyrir viðbragðsleysi og upplýsingaskort, enda hafði almenningi ekki verið gerð grein fyrir menguninni fyrr en Mjólkursamsalan fann díoxíðmengun í mjólk kúa frá bænum Engidal og málið komst í hámæli.

Skömmu síðar kom í ljós að sorpeyðingarstöðin á Kirkjubæjarklaustri – sem stendur á skólalóð sveitarfélagsins – hafði um allnokkurt skeið valdið díoxíðmengun sem var hundraðfalt yfir mörkum, án þess að foreldrar skólabarnanna sem léku sér í námunda hefðu um það nokkra vitneskju. Þá reyndust stöðvarnar í Vestmannaeyjum og á Húsavík hafa losað mikið díoxíðmagn umfram viðmiðunarmörk.

Frá því þetta frumvarp leit fyrst dagsins ljós, á vordögum 2011, hafa ýmsir atburðir orðið sem sanna enn frekar þörfina fyrir lagabreytingu af þessu tagi. Ég læt nægja að nefna tvennt: Kadmíum-mengaðan áburð sem dreift var á tún þrátt fyrir vitneskju opinberra eftirlitsaðila um innihaldið, og iðnaðarsalt í matvælum sem árum saman var látið viðgangast með þegjandi samþykki hins opinbera.

Nú er þessum þagnarkafla vonandi lokið. Hér eftir þurfa stjórnvöld og opinberir eftirlitsaðilar ekki að velkjast í vafa um það hvort þeim beri að upplýsa almenning um það þegar losun mengandi efna skapar hættu fyrir heilsu manna eða dýra. Hér eftir má ljóst vera að almenningur á rétt á því að varðveita lífsgæði sín og heilsu og taka ákvarðanir um búsetu og athafnir á grundvelli upplýsinga .

Það er hins vegar sorglegt að verða vitni að því að þingmenn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks skuli hafa lagst gegn þessari breytingu og reynt allt fram á síðustu stundu að bregða fæti fyrir frumvarpið. Það segir þó meira en mörg orð um hvaða augum sömu þingmenn líta almannahagsmuni andspænis þrengri hagsmunum rekstraraðila mengandi starfsemi – að ekki sé minnst á afstöðuna til hlutverks opinberrar stjórnsýslu.

En lagabreytingin er orðin þrátt fyrir andstöðu sterkra afla. Nú er ljóst að opinberir aðilar mega ekki lengur þegja yfir því sem þeir vita þegar heilsa almennings og lífsgæði eru í húfi. Það er vel.

Lagerútsala
Das Möbelhaus
Bjóðum vandaða vöru á frábæru verði.
Sófar frá 62.000 kr
Opið einungis í nokkra daga!
Vertu velkominn, sjón er sögu ríkari!
Erum í Korputorgi, Gamla Office Outlet plássinu
Opið virka daga frá 11-18:30 og helgar frá 12 - 18









# Enn um skattpíningu barna

Fjármál

Matthías Bjarnason
fv. ráðherra



**Bankareikningar barna**

| Innstæða | Vextir | Skattur |
|---|---|---|
| 443.176 | 10.212 | 6.229 |
| 434.848 | 9.660 | 5.817 |
| 185.288 | 3.954 | 2.111 |

Ég ritaði grein um skattpíningu barna sem beið birtingar í Fréttablaðinu í á þriðju viku en birtist loks hinn 29. febrúar síðastliðinn. Strax daginn eftir birtist grein frú Jóhönnu Sigurðardóttur sem á að vera svar við minni grein.

Ég ræddi í grein minni um þá ósanngjörnu skattlagningu að taka út stóra hlutdeild af vaxtatekjum allra þeirra barna sem eiga sparifé í bönkum. En það er ekki nóg með að drjúgur hluti vaxtanna sé tekinn heldur hirðir ríkið líka stóran hluta verðbótanna sem bankinn bætir inn á bækur barna. Ég dreg það mjög í efa að löglegt sé að taka skatt af verðbótum, en þær eru ekki vaxtatekjur heldur leiðrétting á verðgildi sparifjár. Í töflu fyrir ofan má sjá innstæður á reikningum þriggja langafabarna minna, hverjir vextir af þeim eru og hversu háir skattar eru innheimtir af hverjum reikningi:

Í grein Jóhönnu er engu svarað um skattlagningu sparifjár barna heldur fer hún að ræða um tekjuskattinn og bregður þá ekki út af hennar vana að kenna Sjálfstæðisflokknum um ákveðna hækkun á skattinum meðan hann var við völd. Ég treysti forystumönnum Sjálfstæðisflokksins til að svara fyrir sig en ég vil í fullri vinsemd benda frú Jóhönnu á að hennar flokkur, Samfylkingin, og hún sjálf stóðu að öllum þessum sköttum sem lagðir voru á. Jóhanna var meira að segja meðflutningsmaður að öllum þessum frumvörpum þar sem þetta voru stjórnarfrumvörp.

Það er ótrúlegt hvað frú Jóhönnu er títt um að kenna Sjálfstæðisflokknum um allt sem aflaga hefur farið í stjórnartíð hans og hennar eigin flokks. Tilgangur minn með skrifum mínum var að benda á þessa ranglátu skattlagningu og skora á stjórnvöld að afnema með öllu fjármagnstekjuskatt á börn 16 ára og yngri. Jóhanna hreykir sér af því í svari sínu að fjöldi þeirra sem greiði fjármagnstekjuskatt hafi hrapað. Mér kemur í þessu sambandi til hugar að fjöldi fólks tekur í stórum stíl út sparifé sitt og geymir undir koddanum. Sér í lagi á þetta við um aldraða og öryrkja sem ella eiga á hættu að bætur almannatrygginga skerðist.

Jóhanna stendur oft í ræðustól Alþingis og kvartar sáran undan því hve stjórnarandstöðuflokkarnir eru leiðinlegir og illgjarnir í garð ríkisstjórnarinnar. Ekki dettur mér í hug að gagnrýna stjórnarandstöðuna fyrir of mikla hörku í garð ríkisstjórnarinnar en hitt finnst mér afleitt hversu lin stjórnarandstaðan er í garð þessarar endemis ríkisstjórnar og mætti hún þar bæta ráð sitt verulega.

Hér á árum áður, en þó eftir að farið var að leita álits fólks á gerðum og stöðu ríkisstjórna, kom það stundum fyrir í þeirri eftirgrennslan að stjórnin naut ekki stuðnings meirihluta kjósenda. Þá krafðist stjórnarandstaðan, sér í lagi vinstriflokkarnir, þess að ríkisstjórnin segði af sér. En hvað gerist núna? Í nýlegri skoðanakönnun mælist samanlagt fylgi ríkisstjórnarflokkanna aðeins 26 prósent, en ríkisstjórn sem er svo rúin trausti dettur þó ekki í hug að fara frá og meira að segja frú Jóhanna telur að hún eigi eftir að sitja miklu lengur að völdum.

Ég held að hún ræði ekki við þá samflokksmenn sína sem vilja að hún hætti formennsku. Sjálf talar hún líkt og hún eigi eftir marga mannsaldra við stjórnvölinn. Samfylkingin logar innan frá og það er ósk margra á þeim bæ að stjórnin fari frá og ekki er Steingrímur J. Sigfússon á því að boða til kosninga þó að fylgið falli af honum í stríðum straumum alla daga.

Nær væri fyrir frú Jóhönnu að taka ábendingunni í fyrri grein minni og hætta að skattleggja börn. Ég tel rétt að hún gangi enn lengra og afnemi með öllu skatta á inneignir aldraðra og öryrkja í þessu landi. Ef frú Jóhanna yrði við þeirri hvatningu minni er alla vega ljóst að hún yrði ekki jafnilla þokkuð og hún er nú.




# Pabbi! Má maður ljúga?

Landsdómur

Vigfús Geirdal
sagnfræðingur



Sannleikurinn birtist stundum með undarlegum hætti.

Í fljótu bragði virðist Landsdómur grátbroslegur brandari. Hann er skipaður af Alþingi til að fjalla um og dæma í málum sem sama Alþingi hefur ákveðið að höfða gegn ráðherrum vegna meintra brota í embættisrekstri.

Með vissum hætti má því segja að hér fari sami aðilinn með ákæru- og dómsvald. Sem í þróuðum réttarríkjum þykir ekki góð latína. Þetta segir þó ekki einu sinni hálfa sögu. Þegar haft er í huga að ráðherrar eru nær undantekningarlaust alþingismenn, að í dómnum sitja hæstaréttardómarar skipaðir af ráðherrum helstu valdaflokka landsins, auk annarra dómenda sem Alþingi hefur valið eftir flokkspólitískum línum, má segja að hér sé íslensk valdastétt að dæma í eigin sök.

Það verður heldur ekki sagt að réttarhaldið yfir Geir Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, sé stílbrot við þá umgjörð sem hið samansúrraða löggjafar-, framkvæmda- og dómsvald hefur búið því. Sakborningurinn er eins og afmælisbarn í veislu; býður jafnt ákærendur, vitni sem dómendur innilega velkomna með handabandi. Eiginkonan gætir þess vandlega að horfa aðdáunaraugum á mann sinn hvenær sem sjónvarpsvélum er beint að henni. Gamall og góður vinur sér um brandarana. Og til að króna sköpunarverkið sjá fréttamenn (4. valdið), valdir eftir flokkspólitískum kvarða, um að lýsa herlegheitunum á viðeigandi hátt.

> Tilkvaddir álitsgjafar hafa almennt tekið undir þá yfirlýsingu Geirs að hættulegast af öllu hefði verið að upplýsa almenning.

Myndin sem dregin er upp í fjölmiðlum er nokkurn veginn skýr þótt menn greini nokkuð á um hvenær þeir sáu hrunið fyrir. Geir gerði ekkert rangt. Árin 2007 og 2008 var einfaldlega allt orðið um seinan og alvarlegustu glöpin, sem Geir hefði getað framið, hefðu verið þau að segja almenningi satt og rétt frá. Sem hann kaus að gera ekki. Núverandi forsætisráðherra hefur jafnframt stigið fram forvera sínum til stuðnings og lýst því yfir að á þessum tíma hafi bókstaflega ekkert verið hægt að gera.

Tilkvaddir álitsgjafar hafa almennt tekið undir þá yfirlýsingu Geirs að hættulegast af öllu hefði verið að upplýsa almenning. Ætla má að þessi skoðun sé líka farin að síast inn í vitund almennings.

Það er hins vegar gömul saga og ný að börn eru oft skarpari greinendur en aðrir. Þegar fram komu í fréttum þau orð Geirs að ekki hefði mátt segja almenningi sannleikann árið 2008, spurði lítil stúlka pabba sinn: Pabbi, má maður ljúga?

Þessi barnslega einlæga spurning setur réttarhald landsdóms skyndilega í nýtt ljós. Þetta er ekki bara mál Alþingis gegn fyrrverandi ráðherra. Þetta er ekki aðeins mál gegn persónu Geirs Haarde. Málið snýst um skyldur kjörinna ráðamanna við umbjóðendur sína – lýðræði en ekki fámennisveldi.

Forsætisráðherra hrunstjórnarinnar er fjarri lagi eini sakborningurinn í málinu. Nær allir þeir sem að réttarhaldinu koma eru með einum eða öðrum hætti sakborningar. Og játning í málinu liggur þegar fyrir. Um leið og Geir lýsti því yfir að hann hefði ekki séð neina ástæðu til að upplýsa umbjóðendur sína, almenning í landinu, um það sem var að gerast þá opinberaði hann jafnframt að hann setti hagsmuni fámennrar klíku fjárglæframanna ofar velferð alþýðu manna. Geir Haarde braut með öðrum orðum gegn þeim sem hann hafði ríkastar skyldur við. Ekki bara hann. Forverar hans líka og eftirmaður.

Hér skal engu um það spáð hvort landsdómur Alþingis mun dæma Geir Haarde sekan. Því er mjög haldið á lofti að málið sé flókið og umfangsmikið, enginn hafi í rauninni gert neitt rangt heldur öðru nær. En málið er í raun ekkert flóknara en eftirfarandi dæmi:

Hópflutningabíll fullur af farþegum nemur staðar á Kambabrún. Bíllinn er keyptur á bílaláni og bankinn fær bílstjórann til að taka bremsurnar af, svona til að auka frelsið, gamanið og áhættuna við aksturinn. Bílstjórinn hlýðir þessu enda sjálfur fylgjandi frelsi einstaklingsins. Hann lætur farþegana ekki vita að bíllinn sé bremsulaus þar eð slíkt myndi aðeins hafa vandræði í för með sér. Hann leggur af stað, gefur hressilega í, setur í hlutlausan og reynir eftir bestu getu að stýra bílnum klakklaust niður í Hveragerði. Sem auðvitað tekst ekki.

Dettur einhverjum í hug að bílstjórinn yrði síðan dæmdur sýkn af allri sök? Jafnvel þótt sýnt yrði fram á að hann hefði gert allt sem í hans valdi stóð til að halda bílnum á veginum?

Nú liggur fyrir tillaga að nýrri stjórnarskrá. Margt er þar til bóta en engu að síður er sá alvarlegi annmarki á að þar vantar það grundvallarákvæði að hið æðsta og endanlega vald sé fólksins. Væri ekki ráð að koma þessari setningu inn í tillöguna áður en hún verður borin upp í þjóðaratkvæðagreiðslu?

AF NETINU

## Rammaáætlun og tækifærissinnar



Nú þegar niðurstaða Rammaáætlunar liggur loks fyrir, ætlumst við til að farið sé að niðurstöðum hennar og skammtímahugsun vikið til hliðar. Sé litið til alls þessa er harla einkennilegt og reyndar mótsagnarkennt þegar einhver hópur stígur nú fram að segist tala fyrir munn náttúruverndarsinna.

Þessi hópur vill ýta til hliðar niðurstöðum Rammaáætlunar og hverfa aftur til tækifærissinnaðrar ákvarðanatöku stjórnmálamanna og hefur í frammi allskonar dylgjur í garð þeirra sem ekki eru sammála þeirra sjónarmiðum. Því fer fjarri að þetta fólk tali fyrir munn allra náttúruverndarsinna.

Það liggur fyrir að það þarf að virkja á Íslandi, það viðurkenna náttúruverndarsinnar. Það eru ákveðin svæði sem eru betur til þess fallin en önnur. Það er ekki þar með sagt að það þurfi að virkja öll þessi svæði nú þegar.

http://gudmundur.eyjan.is/

**Guðmundur Gunnarsson**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




## MÁLVERKA-GJÖRNINGUR

**Hulda Hlín Magnúsdóttir stendur fyrir gjörningi, Málverk á ferð, á morgun. Gjörningurinn hefst við Hallgrímskirkju klukkan 13. Þaðan ferðast hún með málverk gegnum miðbæinn til þess að gera list sýnilegri utan hefðbundinna sýningarrýma.**





LIFE IS BEAUTIFUL

Grillhúsið



abbey road / design

# Alvöru helgar-Brunch

**Nú er kominn tími á alvöru helgar-brunch:**
Steikt beikon, spælt egg, steiktar pylsur, pönnukökur með sírópi, grillaður tómatur, kartöfluteningar, ristabrauð, ostur, marmelaði, sneiðar af ferksum ávöxtum, ávaxtasafi og te eða kaffi.
Ótrúlega gómsæt byrjun á góðum degi.

**Verð kr. 1.590 pr mann**
**50% afsláttur fyrir börn undir 12 ára.**

**Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11.00 til kl. 14.30**



Grillhúsið Sprengisandi og Tryggvagötu - Sími 5275000 - www.grillhusid.is





# BJÓÐA UPP Á ÍSLENSKAN HUMAR OG LAMB Í SVÍÞJÓÐ

**GENGUR VEL** *Rúnar Larsen matreiðslumaður fór til Svíþjóðar árið 2007 til að afla sér reynslu í faginu. Í dag er hann með eigið veitingahús, Bryggargatan, í Skellefteå í norðausturhluta landsins.*

■ FRAMHALD Á SÍÐU 2


*Eva Sveinsdóttir*
*Margfaldur Íslandsmeistari í Icefitness*




# Þau vita hvað þarf til að ná árangri

enda afreksfólk í fremstu röð og vel að sér um næringu og heilsu.

Heilsuréttirnir okkar eru sérstaklega hollir og góðir, fullir af fersku grænmeti, nær fitulausir og án salts og sykurs. Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni.
Heilsuréttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

*Sveinbjörn Sveinbjörnsson*
*Margfaldur BootCamp- og Crossfitt meistari Íslands*



Heilsuréttir Nings
*og kroppurinn blómstrar*

NINGS

TRANS FITA
MSG

Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12
Sími 588 9899 • www.nings.is

## Á KORTERI

**BLT samloka**



**4 beikonsneiðar**
**2 salatblöð**
**2 tómatsneiðar**
**2 brauðsneiðar, ristaðar**
**1 msk. majónes**

**Steikið beikon á pönnu, í um það bil tíu mínútur. Þerrið sneiðarnar með eldhúspappír. Raðið beikoni, káli og tómötum á aðra ristuðu brauðsneiðina. Smyrjið majónesi á hina. Leggið brauðsneiðarnar saman. Útkoman er guðdómleg.**


Fermingartilboð

Dúnsæng

100% dúnn
100% bómull

engin gerfiefni
ekkert fiður

790 grömm
dúnfylling

áður 33.490 kr
nú 24.990 kr



Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 5332220 www.lindesign.is





# SÝNIR MYNDIR AF ÓSKILGREINDRI TÖFRAVERU

**LISTRÆN LJÓSMYNDUN** *Dulúð nefnist ljósmyndasýning sem opnuð verður í Gallerí Tukt á morgun. Þar sýnir Rebekka Líf ljósmyndir sem prentaðar eru á álplötur.*

Sýningin heitir Dulúð og myndirnar eru allar unnar út frá hugmyndum um einhverja óskilgreinda töfraveru,“ segir Rebekka Líf sem opnar einkasýningu á ljósmyndum í Gallerí Tukt á morgun. „Þetta eru sex myndir á svipuðum nótum og þemað er ljós og skuggi.“

Rebekka Líf stundar nám í ljósmyndun við Tækniskólann og útskrifast í vor. Auk þess hefur hún lokið sveinsprófi í grafískri miðlun. Hvað var það sem kveikti áhugann á ljósmyndun? „Ég hef tekið myndir síðan ég var lítil stelpa og þessi áhugi alltaf legið undir niðri,“ segir Rebekka Líf. „Ég held reyndar að mér hafi í upphafi þótt þetta spennandi af því að það var eiginlega bannað að vera að fíflast með myndavélina hans pabba og það varð auðvitað til þess að maður sótti enn meira í það. Ég fékk þó að nota einnota myndavélar, en filmurnar voru nánast aldrei framkallaðar þannig að ég á enn þá fjöldann allan af óframkölluðum filmum heima. Fyrstu stafrænu myndavélina fékk ég svo í fermingargjöf, en það var ekki fyrr en 2008 sem ég eignaðist virkilega góða myndavél og þá opnuðust nýjar dyr fyrir mér. Þá gerði ég mér grein fyrir því að það var hægt að tjá sig með myndunum og segja heilu ævintýrin.“

Rebekka Líf stefnir á framhaldsnám í ljósmyndun en þar sem ekki er hægt að stunda það hérlendis er hún ekki viss um hvenær eða hvert hún fer. „En það er alveg á hreinu að ég verð viðloðandi þennan geira það sem eftir er,“ segir hún og brosir út að eyrum. ■ **fsb**



**DULÚÐ** Rebekka Líf opnar sýningu á ljósmyndum sínum í Gallerí Tukt á morgun. MYND/STEFÁN

■ FRAMHALD AF FORSÍÐU

Þegar Rúnar fór til Svíþjóðar fékk hann vinnu á veitingahúsi í bæ sem nefnist Piteå. Eigendur þar voru hjónin Jón Óskar Árnason og Sarah Holmqvist Árnason. Í sameiningu ákváðu þau að ráðast í byggingu nýs veitingahúss í Skellefteå sem var opnað í nú desember. Um sjötíu kílómetrar eru á milli þessara tveggja bæja. Í Skellefteå eru tvö veitingahús í sama húsi, annars vegar bistró og hins vegar fínn veitingastaður. Staðurinn er búinn nýjustu og fullkomnustu tækjum.

„Þetta er í raun sami veitingastaður og í Piteå þótt hann sé kominn á nýjan stað í nýju húsi. Um tuttugu manns starfa á Bryggargatan, fjórtán í fullri vinnu og sex í hlutastarfi. Þetta er gríðarmikil vinna en skemmtileg þó að sumir dagar geti verið langir,“ segir Rúnar.

**EKKI Á HEIMLEIÐ**

„Ég ætlaði upphaflega að vera hér í eitt ár en þegar ég var búinn að vera í níu mánuði gerðist ég meðeigandi. Nú er ég sestur hér að og ekki á heimleið, enda kann ég vel við mig hérna,“ segir Rúnar sem segist hafa verið fljótur að komast inn í málið. Hann hafði áður starfað eitt sumar sem kokkur í Svíþjóð.

Þótt stutt sé síðan veitingahúsið var opnað hefur það strax vakið athygli. Rúnar segir að íbúar í bænum séu um 70 þúsund og duglegir að fara út að borða. Boðið hefur verið upp á íslenskt lambakjöt og humar sem var mjög vel tekið af gestum staðarins. Þeir félagar, Rúnar og Jón Óskar, ætla að gera meira af því í framtíðinni að bjóða upp á íslenskt hráefni. Rúnar bætir því þó við að í Svíþjóð sé hráefnið líka mjög gott.

**KEPPNISMAÐUR**

Rúnar segir allnokkrar Íslendinga búa á þessu svæði og hafa þeir verið duglegir að koma á Bryggargatan. „Í Piteå er tónlistarháskóli og þar eru Íslendingar við nám sem þekkja staðinn.“

Rúnar Þór Larsen hefur tekið þátt í keppni matreiðslumanna, bæði hér heima og í Svíþjóð. Árið 2005 hlaut hann titilinn matreiðslunemi ársins. Árið 2007 tók hann þátt í keppninni Matreiðslumaður ársins í Svíþjóð og komst þar í undanúrslit, einn af 24 en 150 matreiðslumenn tóku þátt. Þá lenti hann í þriðja sæti í keppninni Matreiðslumaður ársins hér á landi árið 2009.

Rúnar gefur lesendum uppskrift að vinsælum eftirrétti á Bryggargatan. ■ **elin**



**NAMMI NAMM** Heit súkkulaðikaka, fljótandi í miðjunni.

## HEIT SÚKKULAÐIKAKA MEÐ HINDBERJAÍS



**SÚKKULAÐIKAKAN**
**125 g sykur**
**140 g súkkulaði**
**125 g smjör**
**5 egg**
**75 g hveiti**

**Bræðið smjör, sykur og súkkulaði saman. Kælið blönduna og hrærið eggjunum saman við einu í einu. Sigtið hveitið síðan í blönduna. Kælið deigið í tvær klukkustundir áður en það fer í ofninn. Penslið formin með smjöri og síðan hrásykri áður en þau eru fyllt með deiginu að 2/3. Bakað við 175°C í um það bil 8 mínútur. Þessi súkkulaðikaka á að vera fljótandi í miðjunni. Ef hún er bökuð í einu stóru formi þarf lengri tíma.**

**HINDBERJAÍS**
**100 g sykur**
**250 ml mjólk**
**250 ml rjómi**
**80 g eggjarauða**
**1 vanillustöng**
**350 ml hindberjamauk**

**Sjóðið saman sykur, mjólk, rjóma og vanillu. Munið að kljúfa vanillustöngina og skrapa út fræin, þar er allt bragðið. Þeytið eggjarauðuna létt í stórri skál, hellið síðan sjóðandi rjómablöndunni yfir eggin og þeytið á meðan þangað til þykknar. Blandið þá hindberjamaukinu í og kælið niður áður en ísinn er frystur í ísvél.**

16. MARS 2012

# Lífið



JÓI FEL & UNNUR SAMSTÍGA Í RÆKTINNI

GLÆSIKONUR Á OPNUN HRÍMS HÖNNUNARHÚSS

MAGGI BESS & KATRÍN EVA Í SKÝJUNUM

**KATRÍN JAKOBS RÁÐHERRA**

LEIKUR VIÐ BÖRNIN TIL AÐ TÆMA HUGANN

## ÞURFUM AÐ DRAGA ÚR LYFJANOTKUN

JÓHANNA VILHJÁLMSDÓTTIR UM BARÁTTUNA FYRIR MINNI LYFJANOTKUN, BÚFERLAFLUTNING FJÖLSKYLDUNNAR, STJÓRNMÁLIN, FJÖLMIÐLASTÖRFIN OG BÓKARSKRIF.

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?



Hin síunga **Valgerður Matthíasdóttir** sat glæsileg að vanda í sófa Íslensku kaffistofunnar á Höfðatorgi í vikunni.

Á veitingastaðnum Snaps er margt um manninn í hverju hádegi en þar voru samankomnar ritstýra Nude Magasín, **Jóhanna Björg Christensen**, og pjattrófan Margrét Gústavsdóttir eitt hádegið í vikunni.



Fleiri glæsikonur voru saman á veitingahúsinu Sushisamba síðastliðna helgi en þar var fatahönnuðurinn **Andrea Magnúsdóttir** ásamt flugfreyjunni Söru Regins og fleiri flottar.

Sömu helgi voru sjarmatröllin og tvíburarnir Arnar og Bjarki meðal gesta á Bar 101.



Lífið

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf.
**Umsjón** Ellý Ármanns *elly@365.is* og Kolbrún Pálína Helgadóttir *kolbrunp@365.is*
**Förðunn Jóhönnu:** Margrét R. Jónasar
**Hár Jóhönnu:** Daði á Kompaníinu
**Fatnaður Jóhönnu:** Vera Moda
**Skart Jóhönnu:** Hildur Hafstein
**Forsíðumynd** Stefán Karlsson
**Útlitshönnun** Arnór Bogason
**Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is
**Lífið** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

# FJÖLSKYLDUFUNDUR EFTIR HÁLFRAR ALDAR LEIT

### Maggi Bess og Katrín Eva Auðunsdóttir eru þakklát fyrir öll kraftaverkin

Vaxtarræktarjöfurinn Magnús Bess Júlíusson og unnusta hans, fitnessdrottningin Katrín Eva Auðunsdóttir dvelja nú á Venice Beach í Kaliforníu, á strönd sem er kölluð Muscle Beach. Tilgangur ferðarinnar var meðal annars sá að hitta fjölskyldu Magga í fyrsta skipti, en faðir hans, Júlíus Bess, hefur leitað hennar nú í hartnær fimmtíu ár og loks fundið!

Lífið heyrði í Katrínu sem var í skýjunum enda yfir mörgu að gleðjast en parið á von á sínu öðru barni á aðeins tveimur árum nú í sumar.

„Júlíus Bess, faðir Magga Bess, er búinn að leita að föður sínum í 50 ár, en faðir hans var bandarískur hermaður sem kom hingað í stríðinu. Fullur kraftur var settur í leitina rétt eftir jól og viti menn, hún skilaði árangri þegar börn, barnabörn og systkini föður Júlla eða afa Magga komu í leitirnar en hann er látinn í dag," segir Katrín.

**Aðspurð um móttökurnar þegar þau hittu ættingja Magga segir hún þær hafa verið framar öllum vonum.** „Þetta er ofboðslega jákvætt og yndislegt fólk sem hefur opnað heimilin sín fyrir okkur og við erum svo velkomin að það er dásamlegt. Það var haldin stór veisla, þar sem fullt af Bessurum komu saman alls staðar að úr Bandaríkjunum á búgarði sem ein af frænkunum á."

Katrín segir alla ættingjana langa að koma til Íslands. „Það er aldrei að vita nema að stórt Bess-ættarmót verði haldið á Íslandi í sumar.



Maggi Bess, Katrín Eva og Ísabella Bess á búgarði fjölskyldu hans í Bandaríkjunum, sem þau voru að hitta í fyrsta sinn.

### Alltaf dreymt um dvelja erlendis

Katrín og Maggi fóru út í byrjun febrúar og munu dvelja þar fram að miðjum apríl. „Við ákváðum í fyrra að láta drauminn verða að veruleika og prófa að búa hér og æfa. Þar sem við lifum og hrærumst í sportinu þá er mjög gaman að vera á þeim stað í heiminum sem er Mekka líkamsræktarinnar. Maggi, sem vinnur sem vélvirki í Álverinu í Straumsvík ásamt því að þjálfa með, er í fæðingarorlofi um þessar mundir og gat því látið þetta verða að veruleika með mér. Katrín segir Bandaríkjamenn gapa af undrun þegar þeir heyra af því að hann fái sex mánuði í orlof. „Maggi tók mína þrjá mánuði þar sem ég get unnið hvar sem er í heiminum," segir Katrín sem er í fullu starfi með fjarþjálfun http://betriarangur.is/.

„Ég vil meina að ég sé í besta starfi í heimi, því ég upplifi persónulegan árangur með öðrum á hverjum einasta degi og það er virkilega gefandi."

### 14 mánuðir á milli barna

Saman eiga þau Katrín og Maggi Ísabellu Bess, en hún kom í heiminn í mars á síðasta ári en von er á öðru barni í júní. „Við fengum að vita það rétt áður en við fórum út að við eigum von á strák. Það verður fyrsti strákurinn hans Magga, sem er bara yndislegt, það verða því aðeins fjórtán mánuðir á milli Ísabellu og litla bróður hennar." Fyrir á Maggi þær Rögnu Dögg fædda 1991 og Viktoríu Rós fædda 1997. „Þær koma út til okkar yfir páskana og við hlökkum mikið til að fá þær.

**Spurð um heilsuna á meðgöngunni og hvernig tilfinning það er að vera með ungt barn og ólétt á sama tíma segist hún mjög heppin.**

„Ég er búin að vera ofboðslega heppin á báðum meðgöngunum og þarf að hafa ótrúlega lítið fyrir þessu. Það besta sem ég geri þessa dagana er að skella mér á línuskauta meðfram strandlengjunni hér, með Ísabellu í kerrunni í 27 stiga hita. Ég finn ekkert fyrir því að vera ólétt, svo er Maggi besti pabbi í heimi og gerir allt með dóttur sinni og léttir þar af leiðandi undir með mér en ég vinn mjög mikið."

**Katrín Eva, sem hóf feril sinn í fitness fyrir aðeins nokkrum árum, hefur náð einstökum árangri og því forvitnilegt að vita hvort hún ætli sér aftur á pall eftir barneignirnar.**

„Ég stefni allavega á að koma mér í gott form eftir meðgöngu, en þannig líður mér best. Ég á bara einn líkama og hugsa því vel um hann. Hvað keppnir varðar þá líður mér eins og ég sé búin að vera að keppa stanslaust síðan ég steig síðast af sviði enda búin að þjálfa ansi margar fitness-stelpur fyrir sviðið og búin að fylgja Magga eftir í allar hans keppnir, hérlendis sem erlendis. En sviðið er vissulega besta gulrótin að „ofurforminu" og þess vegna er aldrei að vita hvað maður gerir, segir Katrín hlæjandi.




# BON JOVI Í ÚLPU FRÁ SIGGA HLÖ

Siggi Hlö fór á tónleika með goðinu sínu, Bon Jovi, í Barcelona í júlí í fyrra en Sigga og konunni hans var boðið þangað af Bon Jovi sjálfum.

Hann gaf söngvaranum úlpu eins og sjá má á mynd sem birtist í tímaritinu US Weekly af Bon Jovi og yngsta syni hans í íslenskum úlpunum.

„Hann bauð mér út af því að konan mín, Þorbjörg Sigurðardóttir, sem rekur fyrirtækið Visitor.is, skipulagði sumarfríið þeirra á Íslandi," svarar Sigurður Hlöðversson, eða Siggi Hlö eins og hann er iðulega kallaður, þegar hann er spurður hvað hann hafi verið að gera með Bon Jovi en Siggi færði söngvaranum gjöf sem innihélt nokkrar úlpur frá 66°norður í þakklætisskyni.

### Af hverju gafst stjörnunni úlpur?

„Af því að hann býr í New Jersey þar sem er svipað veður og hérna heima á Íslandi. Harður vetur og gott sumar."

### Fórstu í kerfi þegar þú hittir stórstjörnuna?

„Nei! Ég var ekki „starstruck" en mér leið fáránlega vel alls staðar þar sem ég gekk um því lífverðirnir skiptu sér ekkert af mér þar sem ég var í boði hans. Ég gat valsað þarna um alls staðar á tónleikasvæðinu. Ég var með familymember-passa!"



MYND/US WEEKLY

Bon Jovi í göngutúr í Langjökuls Primaloft úlpunni frá 66°norður ásamt ásamt sonum sínum, Jesse James Louis (17), Jacob Hurley (9) and Romeo Jon (8). Yngsti sonurinn Romeo Jon er í Magna dúnúlpu frá 66°norður.



MYND/EINKASAFN SIGGA

PIPAR\TBWA · SÍA · 120870

# -7 kr.

## af lítranum í dag

# OG

## fjórfaldir Vildarpunktar Icelandair

Í dag, föstudaginn 16. mars býður Óttar Bender 7 króna afslátt af eldsneytislítranum til ÓB-lykilhafa – og hvorki meira né minna en fjórfalda Vildarpunkta Icelandair þar ofan á, fyrir Vildarpunktasafnara.

Afslátturinn er bæði á ÓB og Olís-stöðvum og gildir einnig fyrir ÓB-frelsiskort og Staðgreiðslukort Olís.

**Sæktu um ÓB-lykil núna á ob.is.**




ICELANDAIR VILDARKLÚBBUR

frelsi

ÓB



Ingibjörg Gréta Gísladóttir, eigandi Reykjavík Runway, og Jónína Bjartmarz, eigandi OK ehf.

# FKA-KONUR Í SÓKN

Konur í Félagi kvenna í atvinnurekstri og alþjóðanefnd félagsins snæddu saman hádegisverð í hádeginu í gær og ræddu þar sókn á erlenda markaði. Dagskráin var hin glæsilegasta sem og félagar FKA. Lífið var á staðnum og fangaði stemninguna sem var frábær í alla staði.



Marín er í stjórn FKA.



Áhugi skein úr augum gesta.



Ragnheiður stofnandi Knitting Iceland.


CLINIQUE KYNNIR:

Nýr Almost lipstick varalitur og Blushwear cream stick kynnalitur frá Clinique sem gefur þér náttúrulegt og fallegt útlit.

Fæst á helstu útsölustöðum.







Þórdís Björk og Olga Perla hjá Gling Gló.



Elín, Helga og Magdalena voru kátar.



Fyrirlesararnir Helga Waage og Paula Gold ásamt Hafdísi formanni FKA.



Konurnar fylgdust vel með áhugaverðum erindum.

www.somi.is

# PESTÓ HUMMUS

# ALGJÖR SNILLD MILLI MÁLA

Pestó hummus er bragðgóð nýjung í salatlínunni frá Sóma. Frábært milli máltíða með gulrótum, gúrkum eða niðurskornum eplum. Pestó hummus er að sjálfsögðu líka gott ofan á brauð, t.d. með papriku og salatblaði. Hollt, gott og algjör snilld!




SÓMI










**E! ENTERTAINMENT** ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


## DAGUR Í LÍFI

# RAKEL ÓSK SIGURÐARDÓTTIR



MYND/HEIÐA HELGADÓTTIR

**7.15** Vakna og byrja daginn á að knúsa tíkina mína, Konný, í dágóða stund. Það hleður mann svo sannarlega jákvæðri orku fyrir daginn. Hún kúrir svo áfram á meðan ég fer í sturtu og geri sjeik dagsins en vaknar um leið og morgunmaturinn hennar er klár.

**8.15** Við Konný förum í morgungöngu í snjókomunni og alla jafna hefði hún svo komið með mér í vinnuna en þar sem hún er að lóða þá skutla ég henni til mömmu sem ætlar að vera með hana í dag.

**9.00** Mæti í vinnuna og kíki á plan dagsins. Fyrri hluti dagsins fer í myndvinnslu.

**12.00** Hitti Heiðu vinkonu og hún tekur af mér mynd til að láta fylgja þessari dagbók. Við lentum svo í smá ævintýri þar sem að það var aðeins meiri hálka úti en ég gerði mér grein fyrir en Heiða gerði sér lítið fyrir og ýtti bílnum nánast upp alla Öskjuhlíðina. Við fórum að því loknu og fengum okkur hádegismat og áttum mjög gott ljósmyndaspjall.

**13.00** Seinni hluti vinnudagsins fer í áframhaldandi myndvinnslu, undirbúning fyrir flutning fyrirtækisins og myndatöku á stórglæsilegum brúðartertum, en það er brúðarblað í vinnslu hjá okkur núna. Í millitíðinni afhendi ég Brynju Dögg Friðriksdóttur gjafabréf frá Íslandsbanka, sem hún fékk fyrir að eiga myndskeið ársins í flokknum daglegt líf. Úrslitin voru tilkynnt við opnun sýningarinnar Myndir ársins 2012 í Gerðarsafni í Kópavogi um síðustu helgi.

**17.15** Fer og sæki Siggu vinkonu og við komum okkur upp í Hafnarfjörð þar sem við hittum fleiri göngufélaga sem eiga það sameiginlegt að stefna á að toppa í vor.

**18.13** Lagt af stað í göngu dagsins á Helgafellið og umhverfis Valahnúka.

**19.08** Toppnum á Helgafellinu náð.

**21.00** Fer og sæki Konný til foreldra minna og stoppa aðeins svo við getum nú fylgst með því sem er að gerast í lífi okkar.

**22.30** Kem heim að loknum góðum degi og byrja á að svara nokkrum tölvupóstum sem liggur á. Svo er það bara heitt bað, smá lestur og góður nætursvefn.

## ATHAFNAKONAN



MYND/VALLI

Sigríður Dögg Auðunsdóttir

**Hver er konan?** Sigríður Dögg Auðunsdóttir fjölmiðlaráðgjafi.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Ég ætlaði alltaf að verða læknir. Er nú reyndar ekkert búin að gefa það upp á bátinn enda kornung enn þá. Reyndar dreymdi mig einnig um að verða rithöfundur enda er ég mikill áhugamaður um bókmenntir og les mjög mikið mér til ánægju.

**Bakgrunnur/menntun?** BA í bókmenntafræði og framhaldsnám í hagnýtri fjölmiðlun.

**Starf?** Framkvæmdastjóri SDA, ráðgjöf sem sérhæfir sig í almannatengslum, fjölmiðlaráðgjöf og textagerð (www.sdaradgjof.com)

**Hvernig varð hugmyndin að fyrirtækinu til?** Fyrirtækið varð eiginlega til af sjálfu sér. Ég er reyndar búin að ganga með það lengi í maganum að stofna eigið fyrirtæki sem sérhæfir sig í fjölmiðlaráðgjöf en aldrei verið í aðstöðu til þess að láta verða af því. Svo komu þær aðstæður einmitt upp núna rétt eftir áramótin og ég bara lét vaða.

Fjölmiðlaráðgjöf er mín sterka hlið, þarna er ég á heimavelli. Ég var blaðamaður til margra ára og hef einnig áralanga reynslu af almannatengslum, bæði hér á landi og í London, þar sem ég vann hjá stærsta almannatengslafyrirtæki heims, Weber Shandwick í um þrjú ár.

**Hvaða viðskiptavinir eru á þínum snærum?** Viðskiptavinir mínir eru allt frá litlum fyrirtækjum og einstaklingum upp í alþjóðleg stórfyrirtæki og verkefnin eins misjöfn og þau eru mörg. Það er allavega alltaf eitthvað nýtt og spennandi í gangi.

**Þú átt þrjú börn og þrjú stjúpbörn – hvernig gengur að samtvinna ferilinn og móðurhlutverkið?**

Ég set börnin í forgang og vil frekar verja frítíma mínum í samveru með börnunum en í heimilisstörf. Ég er engin ofurkona og get ekki gert allt 100%. Til þess að ég geti sinnt börnunum mínum eins og ég vil hef ég þurft að sækja mér utanaðkomandi hjálp með heimilisstörfin. Ýmist höfum við verið með au-pair eða stúlku sem kemur daglega og hjálpar til, enda stórt heimili og foreldrar sem vinna langan vinnudag. Yngstu börnin eru fjögurra og sex ára þannig að róðurinn á heimilinu er örlítið að léttast. Við höfum verið án aðstoðar í um ár núna og það gengur alveg upp þó það sé ekki alltaf jafnfínt hjá okkur og þegar við fengum hjálp. Við erum reyndar bæði hjónin að vinna svo mikið þessa dagana að við höfum alvarlega verið að hugleiða það að fá aftur au-pair.

Ég viðurkenni það fúslega að ég er betri mamma en húsmóðir. Ég er hins vegar ágætiskokkur og hef gaman af því að elda mat. Ég reyni að beina kröftum mínum innan heimilisins í samveru með börnunum og þannig hefur verkaskiptingin meðal okkar hjóna eiginlega þróast, ég sinni börnunum og hann innkaupum og flestum heimilisverkum. Ég er ekki jafndugleg og maðurinn minn í tiltekt á heimilinu en ég elda alltaf kvöldmatinn. Svo á ég unglingsdóttur sem er einstaklega dugleg að hjálpa til við hin ýmsu heimilisstörf og með yngri systkini sín.

**Hvert er þitt mottó í lífinu?** Ég reyni að temja mér heiðarleika, jákvæðni, æðruleysi og bjartsýni. Svo forðast ég af fremsta megni að tala illa um annað fólk. Mitt helsta mottó í lífinu er sennilega það að maður eigi aldrei að sjá eftir neinum ákvörðunum í lífinu því að á þeim tíma sem hver og ein ákvörðun er tekin er hún rétta ákvörðunin, annars hefði maður ekki tekið hana.

AUGLÝSING: OROBLU KYNNIR WELLNES BOX AÐHALDSLÍNU

# OROBLU MÓTAR VÖXTINN

**Módel:** Rut Róberts
**Stílisti:** Ásdís Gunnarsdóttir
**Ljósmyndari:** Valgarður Gíslason



**Förðun:** Erna Hrund Hermannsdóttir með L'Oréal




Háar boxerbuxur sem móta svæðið neðan brjósta til læra. Slétta magann, grenna mitti, mjaðmir og læri. Þær lyfta upp og mótar rassinn. Sérstakir hankar til að krækja í brjóstahaldara.




Samfella með breiðum hlýrum sem sléttir magann, grennir mitti, mótar brjóst og rass. Með bómullar skrefbót og smellum til festinga.

Við leituðum til Ásdísar Gunnarsdóttur, stílista Debenhams, varðandi ráðleggingar við val á aðhaldsfatnaði. Í Debenhams er hægt að fá persónulega ráðgjöf við val á slíkum fatnaði viðskiptavininum að kostnaðarlausu. Mikið úrval er í boði í dömudeildinni í Debenhams og mælir Ásdís eindregið með Oroblu-aðhaldsfatnaði. Ásdís segir að nýja línan þeirra sé engri lík. „Hún lætur konunni líða vel í eigin líkama og hjálpar henni að móta erfið svæði. Wellness Box grennir og mótar mitti, barm, mjaðmir, læri og rass á fullkominn hátt án þvingunar. Ýmsar útfærslur eru í boði, allt eftir því hvaða svæð þarf að móta og grenna, til dæmis er í boði kjóll, bolur, nærbuxur, boxer-buxur, háar boxer-buxur sem ná alveg upp að brjóstahaldara, sokkabuxur sem ná einnig alveg upp að brjóstahaldara og meðgöngusokkabuxur með stuðningsbelti," segir Ásdís.

„Þetta er saumlaus undirfatnaður sem er ofinn úr stífum og sterkum þráðum, eftir nýjustu tækni. Þetta er frábær undirfatnaður sem hægt er að nota við hvaða tilefni sem er til að láta vöxtinn njóta sín enn betur."




Sokkabuxur sem móta svæðið frá brjóstum til læra fyrir fullkomnar útlínur án þess að hamla. Eru með sílíkonkanti efst.



**Aðhaldskjóll:** Oroblu

**Skart:** Pilgrim

**Sokkabuxur:** Doris frá Oroblu



**Fatnaður og fylgihlutir:** Debenhams

**Kjóll og veski:** Soaked in Luxury

**Skór:** Bullboxer

**Sokkabuxur:** Luama




Boxer sem grenna maga, mjaðmir og móta rassinn (án þvingunar)..




Nærbuxur sem grenna maga, mjaðmir og móta rassinn (án þvingunar).




Nærbolur með breiðum hlýrum sem grennir magann, mitti og mótar brjóst.



Kjóll með breiðum hlýrum sem sléttir magann, grennir og mótar brjóst, mjaðmir og rass.

Sjá nánar á visir.is/lifid

https://www.facebook.com/orobloureykjavik

# ÞURFUM AÐ DRAGA ÚR LYFJAN

## Jóhanna Vilhjálmsdóttir um baráttuna fyrir minni lyfjanotkun, búferlaflutning fjölskyldunnar, stjórnmálin, fjölmiðlastörfin og bókarskrif.

**JÓHANNA VILHJÁLMSDÓTTIR**
**STARF:** Dagskrárgerðarkona, fyrirlesari.
**ÁHUGAMÁL:** Fjölskyldan, allt sem snýr að því hvernig við getum dregið úr lyfjanotkun og fyrirbyggt sjúkdóma. Lífeðlis- og lífefnafræði líkamans finnst mér líka ótrúlega heillandi heimur sem tengist óneitanlega þessu fyrrnefnda. Svo finnst mér mjög gaman að lesa góðar skáldsögur, fara í hot-yoga og þá eru skíði og hestar eitthvað sem hefur setið á hakanum lengi en nú stendur til breyta því – a.m.k. hvað skíðin varðar.
**MAKI:** Geir Sveinsson
**BÖRN:** Fimm börn á öllum aldri – þriggja, fjögurra, níu, átján og tuttugu ára.

*Jóhanna Vilhjálmsdóttir flytur búferlum til Austurríkis í sumar með stórfjölskyldu sinni. Unnusti hennar, borgarfulltrúinn og fyrrverandi landliðsfyrirliðinn Geir Sveinsson, hefur verið ráðinn þjálfari austurríska liðsins Bregenz til tveggja ára.*

**Hvernig barn og unglingur varstu?** Ætli að það megi ekki segja að ég hafi verið mjög aktívt barn. Prófaði að æfa alls kyns tegundir af íþróttum til dæmis fimleika, frjálsar og sund. Ég lagði einnig stund á píanónám alla mína grunnskólagöngu og alveg upp í menntaskóla. Svo var ég ótrúlega mikill námshestur í grunnskóla sem ég vildi að ég hefði haldið áfram að vera alla mína skólagöngu. Annars var ég barn og unglingur sem ekki þurfti að hafa miklar áhyggjur af – ef einhverjar. Ég var mjög sjálfstæð og þegar ég byrjaði í Versló flutti ég með annan fótinn til afa og ömmu því þau bjuggu rétt hjá skólanum. Það má eiginlega segja að ég hafi verið minn eigin herra frá þeim aldri. En foreldrar mínir sýndu mér alltaf mikið traust, studdu mig og hvöttu mig til að fara eigin leiðir. Eitthvað sem hefur virkilega mótað mig með jákvæðum hætti held ég.

**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Lengi vel dreymdi mig um að verða söngkona en þegar til kastanna kom var viljinn til þess væntanlega ekki nægilega sterkur því ekki valdi ég þá leið. En mér finnst ótrúlega gaman að syngja og er alltaf á leiðinni til Heru í söngnám.

**En hvað ertu menntuð og hvar liggur ástríða þín?** Ég er með BA-gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands. Ef ég væri tvítug í dag þá myndi ég sennilega ekki velja stjórnmálafræðina heldur skella mér í læknisnám og ofan á það nám í náttúrulækningum. Áhugi minn snýr að þeim í dag – hvernig hægt er að hjálpa líkamanum að lækna sig sjálfur – því hann er hinn eini og sanni læknir. Ég stefni að mastersnámi í Human Nutrition sem kemst næst því sem í dag er kallað functional medicine og snýr að því hvernig við getum nýtt næringuna til heilbrigðis. Mig langar síðan að nýta þetta nám til að hjálpa fólki að viðhalda eða ná heilbrigði á nýjan leik. Og hver veit nema ég bæti einhverju ofan á það. Mig langar t.d. einnig mikið að læra indverskar/ayurvedískar lækningar.

**Þú byrjaðir sem þula hjá Ríkissjónvarpinu árið 1994. Viltu rifja upp fjölmiðlaferilinn þinn í framhaldinu af því?** Ég starfaði síðan eitt sumar sem fréttamaður á Ríkisútvarpinu. Þórhallur fékk mig síðan til liðs við sig og við stjórnuðum saman þættinum Ísland í bítið í tvö ár og þar á eftir Íslandi í dag. Ég gekk síðan til liðs við Kastljósið 2005 og síðastliðið eitt og hálft ár hef ég verið með Heilsuþáttinn á ÍNN.

**Af hverju ákvaðstu að hefja störf á ÍNN en ekki stóru sjónvarpsstöðvunum?** Ingvi Hrafn hringdi í mig eftir að ég hætti í Kastljósinu. Ég var ekkert endilega á þeim buxunum að fara í dagskrárgerð en ég hafði klárlega áhuga á að koma þeim fróðleik sem ég var að viða að mér, og tengist heilsu, til fólks. Hann bauð mér viðræðuþátt um stjórnmál en ég sagði honum að ég vildi fjalla um heilsu og hann féllst á það. Og það einhver veginn hentaði mér á þessum tíma að gera það með látlausum litlum viðræðuþætti þar sem ég hafði algjörlega frjálsar hendur með efnistök. Þátturinn hefur verið núna á dagskrá í eitt og hálft ár og er sýndur á mánudagskvöldum klukkan 20, 22 og á miðnætti.

**Leitar fólk mikið til þín eftir ráðum út frá heilsuþættinum á ÍNN?** Já, það gerir það. Það eru svo ótrúlega margir þarna úti sem þurfa handleiðslu og aðstoð. En mér finnst óskaplega gefandi að geta aðstoðað fólk en í grunninn eru þetta ekki flókin ráð – stóra málið fyrir flesta er að rífa sig upp úr vananum og fá hvatningu og aðstoð við það. Ég er einmitt að fara með hóp af fólki um páskana í detox til Póllands en það eru ótrúlega margir sem hafa einmitt tekið fyrstu skrefin í svona meðferð í leið til betra lífs. Þar ætla ég að vera með fyrirlestra um olíur, fitu, sykur, bólgur, hreyfingu og hugann svo eitthvað sé nefnt. Það eru enn þá þrjú pláss laus þannig að þeir sem hafa áhuga geta enn skellt sér og skrifað mér póst á johanna.vilhjalmsdottir@gmail.com.

**Hvað stendur upp úr þegar þú lítur til baka á störf þín í fjölmiðlum?** Þetta er auðvitað mjög sérstakt starf sem er alveg óendanlega fjölbreytt og býður upp á eitthvað nýtt hvern einasta dag. Maður þarf að vera tilbúinn til að setja sig inn í hvaða mál sem upp koma í þjóðfélaginu. En það sem stendur upp úr eru ekki viðtölin sem snerust um stjórnmál, efnahagsmál eða viðskipti heldur allt þetta sem sneri að hinu mannlega. Þetta einstaka fólk sem maður fékk að kynnast og deila með erfiði lífsreynslu, miklum áskorunum, gleði og sorg. Til dæmis að hitta einstakling sem átti yndislegt líf úti á landi með konu og börnum. Hann fær heilablóðfall og fótunum í raun kippt undan því lífi sem hann lifði í orðsins fyllstu merkingu. Í hjólastól með skerta andlega getu. Þjónusta við hans hæfi var ekki í boði á heimaslóðum þannig að hann þurfti að rífa sig upp og flytja í bæinn. Hjónaband hans, eins og hjónaband svo margra langveikra, þoldi ekki álagið. Hann hafði ekki efni á eigin íbúð og þurfti að búa í pínulitlu herbergi án allrar aðstöðu í húsnæði fyrir langveika, einn. Þetta er ein lítil saga en að hitta allt þetta fólk sem með hugrekki og ótrúlegum dugnaði tókst á við erfiðar lífsins áskoranir og átta sig á því að þetta gæti komið fyrir hvert og eitt okkar kenndi mér þakklæti.

**Fannst þér fjölmiðlastarfið óhentugt samhliða móðurhlutverkinu?** Auðvitað er hægt að samtvinna þetta tvennt með aðstoð en þetta er samt ekki fjölskylduvænsta starf sem til er. Eftir að ég átti yngstu börnin mín fann ég fyrir togstreitu á milli starfsins og heimilisins. Mig langaði hreinlega ekki að vinna fram á kvöld. Ég gekk í gegnum það með elstu dóttur mína að vinna fram á hvert einasta kvöld þegar ég var með þáttinn Ísland í dag á Stöð tvö en kannski hafa aldurinn og aukinn þroski gert það að verkum að ég gæti ekki hugsað mér það í dag. Mér finnst það ömurleg tilhugsun að sjá ekki börnin allan daginn og koma heim rétt áður en þau fara að sofa. Þannig að ég myndi ekki ráða mig í svoleiðis vinnu í dag. Mig langar að vera með börnunum mínum eftir að þau koma úr leikskólanum. Mig langar að njóta þess að vera með þeim eins og hægt er því þetta er svo lítill tími á hverjum degi – kannski fjórir tímar frá því að þau koma heim og þangað til þau fara að sofa.

**Viltu rifja upp með okkur eftirminnilega upplifun í fjölmiðlum?** Það er af svo mörgu að taka en það viðtal sem í raun breytti lífi mínu hvað mest var við tæplega níræða indverska konu, Dadi Janki, sem hefur stundað innhverfa íhugun í sjötíu ár. Eftir það ákváðum við Geir að fara til Indlands og læra að hugleiða og njóta visku hennar og fleiri jóga sem allir höfðu stundað íhugun í tugi ára. Þau hjálpartæki sem við fengum þar til að lifa lífinu og rækta hið sanna sjálf voru í raun einar af stóru gjöfum lífsins og hafa breytt miklu. Við höfum síðan stundað hugleiðslu hérna heima í Lótushúsi sem er skóli út frá skólanum á Indlandi.

**En að áhuga þínum á að minnka lyfjanotkun og bæta heilsu. Hvenær byrjaði heilsuáhuginn fyrir alvöru hjá þér?** Hann hefur nú bara verið að þróast í gegnum árin. Það sem hvetur mig áfram er að upplýsa fólk um hvað það getur haft gríðarleg áhrif á eigin heilsu. Þetta snýst minnst um gen – því genin okkar hafa ekki breyst á síðustu hundrað árum – hvað á síðustu tíu þúsund árum. Við lifum raunverulega í mjög sjúku umhverfi hvað þessi mál varðar – stór hluti af þeim matvælum sem borin eru á borð fyrir okkur er drasl, við búum í gríðarlega streitumiklu



**UPPÁHALDS**
**Vefsíðan:** mercola.com, lifraent.is, drweil.com
**Tímarit:** Economist, Vanity Fair, Foreign Affairs
**Líkamsræktin:** Hot-yoga hjá Lönu í World Class
**Hvernig ræktar þú andann?** Stunda hugleiðslu – sjálfskoðun er einnig mikilvægur þáttur í þeirri ástundun. Þetta eru tæki sem hjálpa manni að upplifa sanna sjálfsvirðingu, sem snýst ekki um ytri hluti.
**Fyrirmyndir:** Fólk sem er trútt sínum gildum og hefur styrk til að fylgja þeim eftir og einnig þeir sem hafa hugrekki og styrk til að fylgja draumum sínum eftir.




Byltingakennd meðferð þar sem keratin og aloe barbadensis er notuð til að innsigla hárið. Mögnuð meðferð sem gerir hárið mjúkt, sléttari, heilbrigt og glansandi. Þessi meðferð virkar eins og kraftaverk á þurrt, úfið, viðkvæmt og brotthætt hár. Besti kosturinn fyrir litað hár, hár með strípum eða skemmt hár.
SALON REYKJAVÍK SÍMI: 56 85 305
GRANDAGARÐUR 5 101 REYKJAVÍK

# OTKUN



umhverfi og eiturefnin sem við höfum dreift út í umhverfið hafa safnast upp og við neytum þeirra daglega. Lífsstílssjúkdómar blómstra og stóru lausnirnar sem kerfið býður upp á felast í þróun nýrra lyfja. Takið bara eftir því næst þegar fjallað verður um sjúkdóm í sókn að þá mun að öllum líkindum fylgja frétt um að vonir séu bundnar við lyf eða þróun nýrra lyfja. Við erum eiginlega bara farin að trúa því að náttúrulegt ástand mannsins sé sjúkt en ekki heilbrigt – og að það sé eðlilegt að taka inn töflur í stórum stíl til að laga ástandið. Og að það sé bara eðlilegt að hérna deyi til dæmis sjö hundruð manns á ári vegna hjarta- og æðasjúkdóma og sex hundruð úr krabbameini. Ef sami fjöldi færist á hverju ári í bíl- eða flugslysum yrði tekið í taumana. Líkaminn er alveg ótrúlega fullkomið tæki og í raun fullkomin efnaverksmiðja. Náttúrulegt ástand hans er ekki sjúkt og hann hefur yfir alveg ótrúlega fullkomnu kerfi að ráða til að viðhalda heilbrigði sínu. En lífsstíll okkar í dag verður honum ofviða. Því er stundum haldið fram að við verðum að deyja úr einhverju en helmingur þeirra sem deyr vegna lífsstílssjúkdóma í heiminum er undir sjötugu. Það er enginn aldur. Og að lyfjunum – hver ákvað að við niðurgreiðum nánast bara lyf en ekki aðrar meðferðir? Rannsóknir hafa til dæmis sýnt að þunglyndislyf hafa ekki meiri áhrif á vægt og miðlungs þunglyndi en lyfleysa og ekki meiri áhrif en regluleg hreyfing. Hvers vegna er hreyfingin ekki niðurgreidd en þunglyndislyf í stórum stíl. Lyf geta gert gagn en ofnotkunin blasir við. Mataræði hefur gríðarleg áhrif á heilsu. Því er svo haldið fram að það hafi ekki verið sannað með tvíblindum empírískum rannsóknum, svokölluðum gullrannsóknum sem henta patentlausnum eins og lyfjum mjög vel, að matur geti fyrirbyggt og jafnvel hjálpað líkamanum að lækna sig af sjúkdómum. En vísbendingarnar eru óteljandi í óteljandi rannsóknum og fólk á rétt á þessari vitneskju. Heilbrigðiskerfið sem við höfum byggt upp mun að mínu mati ekki geta staðið undir sér. Það er einfaldlega of dýrt. Við verðum að fara að búa hérna til raunverulegt heilbrigðiskerfi en ekki áframhaldandi sjúkdómakerfi. Sem bregst bara við þegar að við erum orðin veik. En það þarf hugrekki í svona breytingar – og spurningin sem blasir við er hvort við þurfum að gera ráð fyrir 290 þúsund fermetrum undir veikt fólk í framtíðinni en það er gert ráð fyrir þessu byggingarmagni í áætlunum um nýja spítalann – í stað þess að gera áætlun um hvernig við ætlum að snúa þessu við og fækka þeim sem verða veikir og þurfa að leggjast inn á sjúkrahús.

**Telurðu íslenskan almenning nógu vel upplýstan um innihald matvæla?** Vitund almennings er alltaf að aukast og fleiri og fleiri eru farnir að skoða innihaldslýsingar þess sem þeir versla. En við þurfum auðvitað að vita hvað á að forðast svona að öllu jöfnu. Ég hvet alla til að gera það þó það sé ekki nema til að verða meðvitaðri um hvað þeir eru að setja ofan í sig. En ef reglan er að borða að mestu leyti óunna matvöru og búa sem mest til frá grunni

Framhald á síðu 10




Framhald af síðu 8

þarf maður ekki að hafa áhyggjur af innihaldslýsingum. Þá er það meira hvort grænmetið eða ávextirnir séu ræktaðir með eiturefnum eða ekki eða hvað dýrin sem við kaupum til að borða fá sjálf að borða. Það hefur mikil áhrif á næringargildi dýraafurðanna. Svín og kjúklingar fá eingöngu korn en eru langt í frá einvörðungu kornætur af náttúrunnar hendi. Stórt hlutfall fóðurs mjólkurkúnna okkar er einnig korn en þær eru grasætur af náttúrunnar hendi. Ef varan er unnin kýs ég almennt að sneiða fram hjá hveiti, sykri, aspartam (Nutra Sweet), háfrúktósa kornsírópi (high fructose corn syrup), kornsterkju (corn starch), msg, hydrolized vegetable protein (sama og msg), gervilitarefnum og jurtaolíu (yfirleitt unnar, ólífrænar olíur búnar til úr erfðabreyttu og eiturefnaræktuðu korni sem gera ekkert fyrir heilsuna) svo ég nefni einhver. Þetta snýst kannski fyrst og fremst um að vera upplýstur því svo eigum við náttúrulega val um það hvaða leiðir við kjósum að fara í þessum efnum. Þetta er áskorun fyrir mig alla daga og ég veit að ég gæti gengið lengra til dæmis hvað mataræði varðar. En mér finnst mikilvægast hvað ég læt ofan í mig og börnin mín dags daglega. Að borða þá mat sem er ríkur af næringarefnum en ekki innihaldssnauðar kaloríur. D-vítamín og omega-3 fitusýrur eru síðan ómissandi. Inn á milli leyfum við okkur ýmislegt en þá snýst þetta fyrst og fremst um hið gamla og góða hóf.

**Ef við snúum okkur að allt öðru. Pólitík. Hvernig fannst þér að standa á hliðarlínunni þegar Geir, unnusti þinn, bauð sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar?** Það hefur nú ekki verið neitt leyndarmál að ég stökk ekki hæð mína af ánægju þegar hann sagði mér fyrst frá því að hann langaði til að bjóða sig fram. Mér hugnast ekki pólitíkin í dag. En ég hef að sjálfsögðu stutt hann enda á hann fullt erindi. Hann náði þó ekki inn í borgarstjórn þar sem Sjálfstæðisflokkurinn fékk bara fimm fulltrúa. Hann hefur því starfað sem varaborgarfulltrúi en leyst Þorbjörgu Helgu af síðustu mánuði. En nú er Geir að fara í leyfi frá borgarstjórninni. Handboltinn hefur alltaf togað í hann þó hann hafi á sínum tíma ætlað að segja skilið við hann. Og í ljósi þess að hann þarf að hverfa úr borgarstjórn þegar Þorbjörg Helga snýr aftur úr fæðingarorlofi ákvaðum við að taka tilboði austurríska félagsins Bregenz.

**Hefur þú hugleitt eða verið hvött til að fara sömu leið og faðir þinn, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hvað stjórnmálin varðar?** Já, já, ég hef verið hvött til að fara fram og ég hef hugleitt það. Niðurstaðan er alltaf sú að gefa ekki kost á mér. Ég held að ég geti gert meira gagn í því sem ég er að gera í dag en í pólitíkinni. Umhverfið er líka svo óvægið og hræsnin svo mikil að ég hef bara ekki getað hugsað mér að fara út á þetta svið. Og af því að þið minntust á pabba hérna í spurningunni þá get ég sagt að ég upplifði þetta mjög sterkt í gegnum REI-málið á sínum tíma og pabbi situr til dæmis uppi með það að margir halda að hann hafi ætlað að selja Orkuveituna. Ekkert gæti verið fjær sanni en stundum skiptir sannleikurinn ekki máli í hinni pólitísku umræðu og mér hugnast ekki svoleiðis vinnuumhverfi. Fyrir utan að ef þú ætlar að kasta þér á kaf í stjórnmálin ertu á kafi nánast allan sólarhringinn og það langar mig ekki að gera með lítil börn. Ég eiginlega dáist að fólki sem vílar ekki fyrir sér að fara fram eins og umhverfið er í dag því einhver verður jú að sinna þessum störfum. En aldrei að segja aldrei – maður veit ekki hvort andinn kemur yfir mann einhvern daginn – en það er að minnsta kosti ekki inni í framtíðarsýninni í dag!

**Nú er heilsubók væntanleg frá þér í haust. Hvernig datt þér í hug að skrifa bók?** Það kom eiginlega bara þannig til að Bjarni Þorsteinsson hjá bókaútgáfunni Bjarti/Veröld hafði samband við mig og hafði áhuga á að gefa út bók sem tæki á þessum málum heildrænt. Þetta er í raun bók um allt þetta sem ég hef verið að fjalla um í heilsuþættinum mínum. Ég er alla daga að lesa rannsóknir og annan fróðleik um þessi mál og hvers vegna ekki að koma því á einn stað og leyfa öðrum sem hafa áhuga að njóta þess. Ég fjalla um áhrif matar, hreyfingar og hugans á heilsu. Einnig um eiturefni í matvælum, hreinsi- og snyrtivörum og möguleg áhrif þeirra á heilsuna okkar, áhrif kjötframleiðslu á mengun í heiminum, lífræna ræktun, meðferð dýra og hvað þau fá að borða og hvernig það hefur áhrif á næringargildi kjötsins svo ekki sé talað um heilsu dýranna. Ég kem einnig inn á geðheilsuna í kafla sem ég skrifa með Elínu Ebbu sem var yfiriðjuþjálfi á geðdeild Landspítalans í um þrjátíu ár og rekur Hlutverkasetur í dag. Einstök kona þar á ferð með gríðarlega reynslu sem á erindi við alla sem eru að kljást við geðraskanir eða eiga barn, ættingja eða vin í þeirri stöðu.

**Fyrir hvaða markhóp er heilsubókin?** Þetta er bók fyrir alla sem hafa áhuga á að fræðast um hvers vegna og hvernig matur, hreyfing, hugur og annað í umhverfinu okkar hefur áhrif á heilsuna. Það hefur einnig verið mikill lærdómur fyrir mig að skrifa þessa bók og hvatning til að halda mér á réttu róli. Eins og ég sagði áðan, þá finnst mér svo mikilvægt að við séum upplýst og bókin er liður í því að fræða þá sem hafa áhuga.

**Nú eru kaflaskipti fram undan hjá ykkur. Hvernig leggst það í þig og fjölskylduna að flytja til Austurríkis?** Það bara leggst rosalega vel í okkur. Ég var í sjálfu sér búin að vera á leiðinni út í nám í langan tíma. Ég var búin með undirbúning hér heima í lífeðlis- og líffærafræði og stefndi að mastersnámi í Human Nutrion eða í Ayurvedískum lækningum í Bandaríkjunum. En ég tek bara námið í fjarnámi í staðinn í Austurríki á sama tíma og Geir þjálfar. Ég ætla samt að einbeita mér að því fyrst að hjálpa börnunum að aðlagast í skólanum og svo stefni ég á að hefja námið um næstu áramót.

**Leist ykkur strax vel á ákvörðunina um að flytja til útlanda?** Já, við lítum líka á þetta sem einstakt tækifæri fyrir okkur sem fjölskyldu að vera úti saman og njóta þess sem umhverfið þar hefur upp á að bjóða. Bregenz er alveg einstakur lítill og fjölskylduvænn þrjátíu þúsund manna bær alveg við Bodenseevatnið og Alpana og þaðan er stutt í allar áttir. Og við hlökkum mikið til að eyða meiri tíma saman og eiga meiri tíma með krökkunum.

**Hvað ætlið þið að vera lengi úti og hvenær flytjið þið?** Samningur Geirs er til tveggja ára. En maður veit aldrei í þessum handbolta hvernig fer en við flytjum út í sumar, í lok júní í síðasta lagi.

**Eru skólamál barnanna úti til að mynda frágengin?** Það eru mjög góðir almenningsskólar þarna. Dóttir okkar sem er níu ára fer í einn slíkan og strákarnir fara í leikskóla. Þetta er allt í ferli en klúbburinn aðstoðar okkur á allan hátt í því.

**Eru börnin jákvæð gagnvart flutningunum?** Já, mjög spennt en auðvitað gera þau sér ekki alveg grein fyrir því hvað þetta felur í sér. En ég held að krakkar hafi mjög gott af því að prófa að búa í öðru landi og læra nýtt tungumál. Ég trúi því að þau muni bara þroskast og styrkjast við þessa reynslu.

**Húsnæði og þess háttar í Austurríki – er það frágengið líka?** Nei, við erum bara að leita en það er mjög vel haldið utan um öll þessi mál hjá klúbbnum og það er mikill stuðningur með allt hvað varðar börnin og húsnæðið. Við fórum út áður en ákvörðunin var tekin og hittum alla í stjórn félagsins. Þetta er ótrúlega þéttur og öflugur hópur fólks og þarna ríkir góður andi.

**Að lokum. Hvar sérðu þig eftir 15 ár?** Ég sé mig með fjölskyldunni á fallegri landareign á Suður-Spáni þar sem ég get ræktað lífrænt grænmeti, ávexti og ólífur og jafnvel mitt eigið rauðvín. Þar langar mig að stunda mínar náttúrulækningar og búa til litla framtíðarfjölskylduparadís þar sem við getum notið lífsins með börnum og barnabörnum sem oftast. En hver veit – það er gaman að láta sig dreyma.



**”Við hlökkum mikið til að njóta þess að vera saman og eiga meiri tíma með krökkunum.**

AUGLÝSING: TOPSHOP KYNNIR
KRINGLUNNI OG DEBENHAMS SMÁRALIND

KOOK CONTRAST
Verð 16.990 kr.



MOTO HIGH WAIST GALLABUXUR
Margir litir.
Verð 11.990 kr.



NETFRELSI

Nú missir þú ekki af neinu!

Stöð 2 Netfrelsi er skemmtileg nýjung fyrir áskrifendur Stöðvar 2.
Njóttu þess að horfa á eftirlætisþættina þína og fjölbreytta afþreyingu í tölvunni, farsímanum eða spjaldtölvunni - þegar þér hentar.

Smelltu þér núna inn á stod2.is og horfðu á uppáhaldsþáttinn þinn með Stöð 2 netfrelsi




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

AUGLÝSING: TREVOR SORBIE KYNNIR

# EINFÖLD EN GLÆSILEG GREIÐSLA FYRIR ÁRSHÁTÍÐINA

› Sjá nánar á visir.is/lifid

www.facebook.com/trevorsorbieiceland






3 Til þess að klára greiðsluna og gera hana náttúrulega og fallega er byrjað á því að spreyja yfir allt hárið Trevor Sorbie Dry sjampói. Að því loknu er mjög gott að túbera örlítið rótina og loka þannig skiptingum til þess að krullurnar blandist betur og skiptingar verði ekki sjáanlegar. Að lokum er svo tilvalið að spreyja aðeins yfir hárið Beautiful Volume hárspreyinu til þess að greiðslan haldist sem lengst.








EFTIR



FYRIR



Hárið var undirbúið vel með því að þvo það upp úr Trevor Sorbie Ice Cool Platinum sjampói og næringu. Ice Cool Platinum sjampóið hentar ljósu hári einkar vel, gefur mikla næringu og kemur í veg fyrir gula slikju sem gjarnan getur myndast í hárlit.





1 Eftir að búið er að þurrka hárið er gott að blása það upp úr Beautiful Volume Boosternum sem gefur góða fyllingu ásamt því að veita vörn gegn hita hárblásarans.
Þá er gott að nota Boosterinn og blása gróflega upp á móti rótinni til að fá smá lyftingu í rótina áður en hafist er handa við krullurnar.




2 Til þess að krullurnar verði sem fallegastar er hentugt að skipta hárinu í tvennt, frá miðju enni og aftur á hnakka. Byrja svo að krulla aðra hliðina og svo hina. Til þess að krullurnar falli sem best saman og verði ein flott heild er sniðugt að krulla vinstri hliðina í átt miðju hnakkans og eins hægri hliðina, en þá í hina áttina.

Til þess að ná fram fallega krulluðum lokk er gott að koma sléttujárninu fyrir um ½ -1 cm frá rótinni. Gæta verður þess að klemma sléttujárnið ekki of fast saman. Því næst er sléttujárninu snúið 180° í þá átt sem lokkurinn á að krullast og sléttujárnið togað rólega í gegnum lokkinn um leið.

**Gott ráð:** Til að vernda hárið gegn hitaskemmdum af völdum sléttujárnsins er tilvalið að spreyja yfir hárið Trevor Sorbie Flatten, protect and shine spreyinu.






HEILSUHEIMUR

# TÍU KNATTSPYRNURÁÐ MARGRÉTAR LÁRU



**Margrét Lára Viðarsdóttir, atvinnukona í knattspyrnu og sálfræðinemi á öðru ári, býr í Þýskalandi þar sem hún spilar með Turbine Potsdam. Hún deilir með okkur tíu mikilvægum atriðum sem vert er að hafa í huga til að ná árangri í knattspyrnu.**

**1.** Setja sér há markmið og vinna hart að því að ná þeim.

**2.** Byggja upp gott og mikið sjálfstraust. Hafa trú á sjálfum sér og láta aldrei neikvætt umtal draga sig niður.

**3.** Setja íþróttina í forgang. Fótboltinn númer eitt, tvö og þrjú.

**4.** Mæta á æfingu til þess að bæta sig og leggja sig alltaf 110% fram.

**5.** Æfa aukalega. Mikilvægt að æfa vel. Styrkja enn betur þá þætti sem maður er góður í og fækka veikleikum sínum.

**6.** Hafa gaman af því sem maður er að gera. Það á að vera það skemmtilegasta sem maður gerir – að æfa og spila.

**7.** Mikilvægt að umgangast góða vini og fjölskylduna, þau standa við bakið á manni bæði þegar vel gengur og illa.

**8.** Stunda hugarþjálfun þegar góður tími gefst. Leggjast upp í rúm með góða tónlist og sjá fyrir sér andstæðing sinn og hvernig maður ætlar að bregðast við ákveðnum aðstæðum sem geta komið upp í leik eða á æfingu.

**9.** Setja rétt bensín á vélina. Það er að segja hugsa um mataræðið, borða hollan og næringarríkan mat.

**10.** Mikilvægt að fá nægan svefn. Ekkert er verra en að mæta þreyttur á æfingu.


## DOVE KYNNIR:

**Nýtt frá Dove – body lotion með shea butter**




Shea butter er næringarríkur rakagjafi sem inniheldur nauðsynlegar fitusýrur til að viðhalda raka og teygjanleika húðarinnar. Húðkremin frá Dove innihalda formúluna DeepCare complex, sem fær kremið til að fara dýpra í húðina og auka þar með virkni þeirra.




# ÆFA SAMAN FIMM SINNUM Í VIKU

**Hjónin Unnur Gunnarsdóttir og Jói Fel sjónvarpskokkur æfa saman með jákvæðu hugarfari.**

**Stundið þið líkamsrækt?** „Já, hreyfing skiptir okkur afar miklu máli og skipar stóran sess í daglegri rútínu hjá okkur. Það er alltaf hægt að koma að æfingu og öllu máli skiptir að vera ekki að taka óþarfa pásur – bara drífa sig á æfingu, ekkert bull, engin afsökun.“

**Hve oft æfið þið í viku?** „Við reynum að komast fimm sinnum í viku. Þá stundum við lyftingar alla daga og brennsla er með í hófi. Góðar teygjur og jákvætt hugarfar verður að vera með, og svo eigum við lítinn dásamlegan hund sem við skottumst með út daglega.“

**Hvernig er mataræðið hjá ykkur?** „Mataræðið er í föstum skorðum nema um helgar þá gerum við vel við okkur. Lífið er of stutt fyrir megrun og þess háttar. Við borðum mikið af brauði, sem eru jú öll sykurlaus og frábær hollusta. Svo má alls ekki gleyma rauðvíninu sem verður að vera með því það skapar góða stemningu, meltingu, slökun og gleði.“






## HAMINGJUHORNIÐ



**Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra**

**Hvað gerir þú til að tæma hugann eftir erfiða vinnuviku?** Það sem ég geri á hverjum degi er að leika við börnin mín. Ef ég mögulega get þá tæmi ég hugann best þannig. Þá skipti ég um gír og hugsa um þeirra heim. Ég á þrjá stráka sex, fjögurra ára og níu mánaða.

**Hvernig hleður þú batteríin?** Uppáhaldið mitt er að fara út að ganga eða hjóla og fá ferskt loft. Best af öllu er að fara út að ganga með góðri vinkonu því þá fær maður bæði hreyfingu, súrefni og félagsskap. Líkamleg og andleg næring.

**Hugleiðir þú eða notar þú aðrar aðferðir til að rækta hugann?** Ég hugleiði ekki en á efri árum þá er ég farin að rifja upp jákvæða hluti og góðar minningar fyrir svefninn.

**Viltu deila með okkur uppáhalds hamingjumolanum þínum?** Því meira sem við sækjumst eftir hamingjunni því ólíklegri erum við til að öðlast hana. Þessi tilvitnun er ekki eftir neinn sérstakan en er vel þekkt þversögn úr heimi heimspekinnar. Hamingjan er eitthvað sem við þráum öll og því meira sem við rembumst við að ná henni því erfiðara getur það orðið.


Hótel Volkswagen
LEIKRIT EFTIR JÓN GNARR
Í leikstjórn Benedikts Erlingssonar
„ER ÞETTA GÁTA EÐA ER ÞETTA BRANDARI?"
Frumsýnt 24. mars
Miðasala | 568 - 8000 | borgarleikhus.is

# GLÆSILEGAR VIÐ OPNUN HRÍMS HÖNNUNARHÚSS

Hrím Hönnunarhús opnaði í gær sína fyrstu verslun í Reykjavík, á Laugavegi 25. Lífið mætti á opnunina og forvitnaðist um fataval glæsilegra kvenna.




TINNA BRÁ BALDVINSDÓTTIR
EIGANDI VERSLUNARINNAR HRÍM HÖNNUNARHÚS




SVALA HJÖRLEIFSDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTÝRA UNDRALANDSINS




ARNA RÚN GÚSTAFSDÓTTIR GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
Í UNDRALANDINU




JÚLÍA HVANNDAL, GRAFÍSKUR
HÖNNUÐUR Í UNDRALANDINU




ALDÍS SNORRADÓTTIR UMSJÓNARMAÐUR
SÝNINGARÝMIS HRÍMS




JÓNA BERGLIND STEFÁNSDÓTTIR
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
Í UNDRALANDINU









VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR 2 SPORT 2 SPORT 2 2 SPORT 3 2 SPORT 4 2 SPORT 5 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Lífið

## HELGARMATURINN



**Þegar fyrrum þulan og íslenskufræðingurinn, Anna Rún Frímannsdóttir vill dekra við fjölskylduna grillar hún humar og býður upp á ferskt meðlæti með.**

### Grillaður humar í skel

1 kg humar í skel (fyrir um 4)
Hvítlaukssmjör
100 gr. smjör
1 msk. steinselja
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir

Bræðið smjörið í potti, bætið hvítlauk og steinselju út í og látið sjóða í um 2 mínútur.
Humarinn er settur í bakka með skelhliðina niður og penslaður vel með hvítlauksblöndunni.
Grillið á miklum hita í 6 mínútur og snúið af og til.

Humarinn er svo borinn fram með brakandi fersku salati, grilluðu hvítlauksbrauði og hvítlaukssósu. Einnig er gott að skera niður sítrónu og kreista yfir humarinn.

### ÓMISSANDI HVÍTLAUKSSÓSA

1 dós sýrður rjómi 18% (200 gr)
2 pressaðir hvítlauksgeirar
1 msk. söxuð steinselja
½ tsk. sítrónusafi

Öllu er blandað vel saman, gott að kæla vel áður en borið er fram.

### GRILLAÐ HVÍTLAUKSBRAUÐ

1 stk. snittubrauð
Hvítlaukssmjör
Hvítlaukssalt
Rifinn ostur

Snittubrauðið er skorið í 3 stóra bita og svo eftir endilöngu þannig að úr verða 6 ílangar sneiðar. Smurt vel með hvítlaukssmjöri, rifinn ostur er settur yfir og örlítið af hvítlaukssalti. Svo eru brauðin grilluð hæfilega. Algjört sælgæti.

### BRAKANDI FERSKT SALAT

Klettasalat
Jarðarber
Mangó
Steinalaus vínber
Rauð paprika
Agúrka
Rauðlaukur
Furuhnetur (má sleppa eða hafa sér)
Fetaostur (má sleppa eða hafa sér)

## INNRÁS ÍSLENSKRA FATAHÖNNUÐA

Dagana 22. til 25. mars gera 35 íslenskir fatahönnuðir innrás í gamla 17 húsið á Laugaveginum á HönnunarMars. Hægt verður að gera góð kaup hjá hönnuðunum og umfram allt upplifa einstaka stemningu. Meðal þeirra merkja og hönnuða sem þar verða eru **Steinunn**, Thelma Design, Birna, Farmers Market, Bóas, **Ella**, Elm, Eygló, Go With Jan, Gust, **Zizka**, Hanna Felting, Helicopter, Hlín Reykdal, Hringa, Iglo, Kiosk, Kalda, Mundi, Nikita, Rey, Shadow Creatures, Skaparinn, Sonja Bent, Ýr .


Steinunn Sigurðardóttir


Harpa Einarsdóttir


Elínrós Líndal




## BÍLAR & FARATÆKI



SUBARU Legacy outback. Árgerð 2008, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.390.000. Rnr.221428.



PALOMINO Yearling 4103. Árgerð 2006, Svefntjöld og grjótgrind og kassi . Verð 1.590.000. Rnr.251015.



SUZUKI Liana . Árgerð 2005, ekinn 99 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. ný dekk Verð 1.190.000. tilboð 890.000 Rnr.221532.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**



NISSAN Patrol gr. Árgerð 2006, ekinn 95 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.101496.Myndir inná bilabankinn.is 588-0700



HONDA Accord comfort. Árgerð 2005, ekinn 168 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.090.000. Rnr.102070.myndir inná bilabankinn.is 588-0700



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2008, ekinn 42 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.650.000. Rnr.101529.myndir inná bilabankinn.is 588-0700



SUBARU Legacy. Árgerð 2004, ekinn 75 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.490.000. Rnr.102128.myndir inná bílabankinn.is 588-0700



RENAULT Kangoo express. Árgerð 1998, ekinn 199 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 390.000. Rnr.101687.myndir inná bilabankinn.is 5880700 100% visa/ euro



POLARIS Iq 600 fusion. Árgerð 2007, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 750.000. Rnr.121316.myndir inná bilabankinn.is visa/euro

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**



**TILBOÐ 1.390.000.-**

M.BENZ ML430. Árgerð 2000, ekinn 184.þ km, sjálfskiptur. Verð áður 1.790.000.- Tilboð 1.390.000.- Mjög heilt og gott eintak. Rnr.245422. S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthál s 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

hjól.is
bestir í hjólum...



Kawasaki Versys 650 ABS. Árg 2008, ek: 9 þ.km. Ásett verð 1.190 þús, Sérstakt tilboðsverð 949 þús!!! #203068

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**www.hjol.is**

bifreidar.is
bifreiða- & vinnuvélanetsalan



M.BENZ Sprinter 518 20 manna. Árgerð 2010, ekinn 87 Þ.KM. FLOTTUR BÍLL Verð 11.000.000.SKIPTI Á ÓDÝRARI Rnr.104311.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

Breiðan ehf
821-6292



Kia K2500 diesel, árg.'06, 6 manna, ek. aðeins 52þús.km., sk.'13, verð kr. 1.280.000,- 100% lánað, GSM 821-6292

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



CADILLAC Escalade 4 dr 4wd. 8 MANNA, bensín, sjálfskiptur, leður og fleira. FLOTTUR BÍLL Verð 2.690. þús Rnr.127697.

100 bílar.is
bílasala



LINCOLN Mark 4wd LT 35". Árg 2008, ek 46 Þ.KM, bensín, sjálfsk, Einn með öllum aukahlutum, 2x dekkjagangar á felgum omfl, Verð 6.500.000. Rnr.116320. Er í salnum hjá okkur.

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

BERNHARD 1962 - 50 ÁRA - 2012



**NISSAN PATROL GR LUXURY**
Nýskráður 1/2006, ekinn 140 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.490.000**



**TOYOTA RAV4 GX**
Nýskráður 11/2007, ekinn 52 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.350.000**



**PEUGEOT 407 SW**
Nýskráður 8/2006, ekinn 68 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.650.000**



**MAZDA 6 WAGON**
Nýskráður 4/2005, ekinn 142 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 1.390.000**



**FORD MONDEO TREND**
Nýskráður 3/2005, ekinn 96 þ.km, bensín, 5 gírar.
**kr. 1.050.000**



**BMW 3**
Nýskráður 10/2004, ekinn 116 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**kr. 1.750.000**



**NISSAN MURANO**
Nýskráður 1/2007, ekinn 48 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.990.000**



**LEXUS RX300**
Nýskráður 12/2002, ekinn 106 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.750.000**



**HONDA CR-V PANORAMA**
Nýskráður 7/2007, ekinn 82 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.460.000**

**Komdu, reynsluaktu og gerðu góð kaup á góðum notuðum bílum.**
**Opið laugardaga milli kl. 12 - 16**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

**Nú erum við á þremur stöðum:**

**Bernhard notaðir bílar**
Eirhöfða 11, Reykjavík, sími 551 7171

**Bernhard notaðir bílar, Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 15, Reykjanesbæ, sími 421 7800

**Bernhard notaðir bílar, Akranesi**
Innnesvegi 3, Akranesi, sími 431 1985

BERNHARD 1962 - 50 ÁRA - 2012

STÓRA BÍLASALAN



MM Pajero Instyle DIESEL Árgerð 11/2009, ekinn 31þ.km. Einn með öllu! ATH Lækkað verð! 7.490.000kr. Skoða skipti á ódýara. Raðnúmer 152159. Sjá nánar á www.stora.is



MM L200 DIESEL Árgerð 11/2009, ekinn 25þ.km, ssk, með húsi. Mjög fallegt eintak sem er á staðnum! TILBOÐ 4.490.000kr. Raðn 131223. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

bilfang.is S.567 2000



**DIESEL !**
Skoda Octavia Ambiente Combi 4X4 DIESEL05/2011 ek 25 þ.km Topp bíll sem eyðir litlu verð 4090



Mazda 2 Sport 09/2008 ek 37 þ.km nú á tilboði 1490 þús

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

## Bílar til sölu

SPARAÐU BENSÍN! Metan uppfærðu bílinn þinn
VélRás
Velras.is • Sími: 555 6670
Álhella 4

Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.

Suzuki Baleno árg. '98 station, beinsk. ek. 133þús, nýsk. '13. Verð 330þús. S. 868 8565.

Opel Astra Station '98. Ek. 171 þ. Nýsk. 6/13. Mikið lagfærður. V. 320 þ. s. 659-2837.

Subary Legacy árgerð 1996 til sölu. Þarfnast lagfæringar. Tilboð óskast. Uppl. í síma 6186604.

## 0-250 þús.

Grá toyota corolla 5dyra sjálfskipt'95 ný vetrar og sumar dekk 250 þús eða tilboð s.8607110

## 250-499 þús.

Renault megane scenic 4x4 19/10 '00. Ásett v. 650 þ. Tilb. 490 þ. s. 820 5698.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Reiðhjól



Rafmagnshjól, farartæki framtíðar. Eigum nokkur hjól á lager, á frábæru staðgreiðsluverði. Nánar á helgaland. is S. 893 7771.

## Varahlutir

Bílapartasalan Bílhlutir
Kaplahrauni 14 • 220 Hafnarfjörður
Sími: 555 4940 • www.bilhlutir.is
Sérhæfum okkur í VW - SKODA varahlutum
Kaupum nýlega bíla til niðurrifs

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Varahlutavaktin**
**Sími 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Hyundai Sonata '97, Accent '01, Impreza '99 og felicia '99, Peugeot 306 '99, 206 og 406 ST. Almera '97-'99, Terrano '98, Ford 250 '99, Megane 01. Vectra '98, Astra '97, Corsa '98, Baleno '98. Kia Rio '02. Benz 230E '97. Volvo 460 '93, Ford Mondeo ár '00. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. Dráttarbeisli í Primera '98, Elantra '98, Almera '98 Legacy '98, carisma'98. S. 896 8568.

**GS Varahlutir**
**Sími 567-6744**
Bremsu- og stýrishlutir í flestar gerðir bíla. Pöntum á fimmtudögum, varan komin á mánudegi. Gott úrval af Gabriel dempurum á lager. Bíldshöfða 14, 110 Rvk.

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð sanngjörn verð. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja

HreinirGarðar
Trjáklippingar og trjáfellingar
www.hreinirgardar.is
S.571-2000

Alhliða garðþjónusta
Garðaþjónusta Íslands ehf
Vönduð vinnubrögð. Róbert S. 866 9767

Láttu fagmenn vinna verkið.
Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjössi 696 6676
www.hellulagnir.is

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Garðsláttur
Beðahreinsun
Stubbatæting
Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Garðlist.is

## Bókhald

Accountant
Accountant – bókhald og skattaráðgjöf ehf.
S. 692-2470
info@accountant.is
www.accountant.is
Síðumúla 29, 2.h.
108 Reykjavík

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Skattframtöl 2012**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Málarameistari**
Öll almenn málningarvinna. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Við sjáum um allt
Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö
Niðurrif - Förgun - Pípulagnir - Rafmagn - Múrverk -Smíðavinna- Flísalagnir
Þú þarft ekki að leita lengra flisaverk.is - badherbergi.is
Sími 553 2200
kristjan@flisaverk.is

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir -gólf. Gerum tilboð. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Tölvur

omnis tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

## Nudd

Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

## Spádómar

**Spásími 908 6060**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbærin, draumar og trúnaður. S. 894 9228 Steinunn visa/euro.

**661 3839 - Símaspá**
Tímapantanir frá kl. 13.00.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

B.S.VERKTAKAR

Malbikun og malbiksviðgerðir S 551 4000 & 690 8000 www.verktak.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur**
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18, lau 12-15. www.ditto.



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. Sími 777 2000 www.heitirpottar.is

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar. S. 896 8568.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og ísskápa. Einnig ódýra varahluti í flestar gerðir þvottvéla. Síðumúli 37, neðan verðu. S. 845 5976 - 445 4237.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**
**www.kaupumgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun

bathmate
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími 849 0698
www.bathmate.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**NUDD OG HEILSA**
HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**
**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 45 þ. Uppl. í s. 895 0482.

181fm á 165.000 með hita& rafm. Endaraðhús á Kjalarnesi. Stór garður. Dýr leyfð. Gsm.7783780

## Húsnæði óskast

**Yfirtaka á lánum**
Ert þú með fasteign sem þú vilt selja með því að lánin verði yfirtekin? Er með greiðslubyrði allt að 400 þúsund. Skoða allar eignir. Sendið uppl. á huseign@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Bílskúr

Til leigu 21m2 bílskúr í 108 Reykjavík. Hiti,rafmagn,kalt vatn. Laus frá 1.apríl. Verð 32.000.Sími 693 9049

# ATVINNA

## Atvinna óskast

**Hluta-, fulltstarf óskast**
35 ára sem hef starfað við pípulagningar, smíðavinnu, matreiðslu, rútuakstur, sölu-og markaðsstörf og fl. Reyklaus, drekk ekki. S. 896 1639 sigurjon76@gmail.com

**Samskip óska eftir að ráða starfsmenn í sendibílaakstur**
**Hæfnikröfur starfsmanns:**

**-Meirapróf CE -Reynsla af akstri dráttarbíla**
**-Geta til að vinna undir álagi**
**- Gott heilsufar**
**- Hreint sakavottorð**
**-Stundvísi, heiðarleiki og hæfni í mannlegum samskiptum**
**Umfram allt þarf starfsmaður að hafa gildi Samskipa að leiðarljósi sem eru: Frumkvæði, Samheldni og Þekking**

**Vinsamlega sækið um starfið á vef Samskipa. www.samskip.is Nánari upplýsingar um starfið veitir Steinar Orri Sigurðsson akstursstjóri í síma 858-8651**

## Atvinna í boði

Pizzeria Rizzo

**Áttu sparneytin bíl ?**
**Okkur vantar bílstjóra kvöld-og helgar. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. gefur Solla í S. 663 2502 & rizzo@rizzo.is**




**Góð aukavinna**
Leitum að hressu fólki í tímabundið verkefni næstu daga, góðir tekjumöguleikar og kauptrygging. Skráðu þig í verkefnið á vefnum: www.pulsinn.com

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Frá Lífspekifélaginu**
**Í kvöld, föstudaginn 16. mars kl. 20:30** heldur **Jóhann Hauksson** fréttamaður erindi sem hann nefnir **Þræðir valdsins** í húsi félagsins Ingólfsstræti 22.
**Laugardaginn 17. mars kl.15:00 er opið hús og 15:30** ræðir **Jóhannes Ágústsson fyrrv. rektor** við þátttakendur um **siðfræði Immanuels Kants.**
**Á fimmtudögum** kl. 16.30 - 18.30 er bókaþjónustan opin með miklu úrvali andlegra bókmennta.
**www.lifspekifelagid.is**

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

# Auglýsing um samþykkt deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar

Þingeyjarsveit

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur á fundi sínum 8. mars s.l. samþykkt deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar skv. 3 mgr 41.gr. skipulagslaga nr 123/2010. Nokkrar athugasemdir bárust og var brugðist við þeim eftir því sem ástæður gáfu tilefni til og hefur viðkomandi aðilum verið gerð grein fyrir niðurstöðu sveitarstjórnar. Ekki voru gerðar neinar grundvallarbreytingar á auglýstri tillögu.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. grein laga nr. 130/2011. Kærufrestur er 1 mánuður frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar

# Hluthafafundur í Smjörlíki ehf.

Hér með er boðað til hluthafafundar í einkahlutafélaginu Smjörlíki ehf., kt. 621245-0159, mánudaginn 26. mars nk., kl. 11 á skrifstofu BBA//Legal ehf. að Höfðatúni 2, 18. hæð, 105 Reykjavík.

**Dagskrá fundarins:**
1. Breytingar á samþykktum félagsins og ný stjórn kosin.
2. Slit á félaginu.
3. Gerð efnahags- og rekstrarreiknings.
4. Önnur mál.

Meginefni tillögu um breytingar á samþykktum félagsins varðar breytingar á 18. grein samþykktanna með þeim hætti að stjórn félagsins verði skipuð 1 manni og 1 varamanni í stað þriggja manna.

Reykjavík, 14. mars 2012.
Þorsteinn M Jónsson

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Auglýsing um úthlutun aflaheimilda til áframeldis á þorski á fiskveiðiárinu 2012/2013.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra auglýsir eftir umsóknum um úthlutun aflaheimilda til áframeldis á þorski, sbr. reglugerð nr. 736/2009, um úthlutun aflaheimilda í þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess.

Umsóknarfrestur er til laugardagsins 31. mars 2012.

Umsóknum skal skila til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík og einnig skal senda umsóknir með rafrænum hætti á netfangið postur@slr.stjr.is.
Umsóknir skulu merktar sem „Þorskeldiskvóti".

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið*

# Aðalfundur MATVÍS

Aðalfundur MATVÍS, matvæla- og veitingafélags Íslands, verður haldinn 21 mars n.k að Stórhöfða 31, gengið inn Grafarvogs megin.

Fundurinn hefst kl. 16.00.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Lagabreytingar

Þingeyjarsveit

## Auglýsing um skipulag Tillaga að deiliskipulagi fyrir ferðaþjónustubyggingar í landi Rauðuskriðu I-III í Aðaldal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi skv.1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan nær til 5,38 ha svæðis sem skilgreint er sem verslunar- og þjónustusvæði í Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022. Gert ráð fyrir byggingu á 225 m² gistihúsi og ca 100 m² viðbyggingu við núverandi matsal.

Tillöguuppdráttur með greinargerð munu liggja frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum og hjá Skipulagsstofnun frá 16 mars. til 27 apríl 2012. svo að þeir aðilar sem telja sig eiga hagsmuna að gæta geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar, www.thingeyjarsveit.is- Stjórnsýsla-Skipulagsmál

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 þann 27. apríl 2012 og skal athugasemdum skilað skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum og/eða í tölvupósti (thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.
Skipulagsfulltúi Þingeyjarsveitar

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2012, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2012 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2012, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

> Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2012

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ALBERT EINSTEIN** (1879-1955) fæddist á þessum degi

*„Hver sá sem segist geta dæmt um hvað er sannleikur og þekking bíður skipbrot og verður aðhlátursefni guðanna.“*



*Þökkum af alhug auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru*

**Baldvinu Gunnlaugsdóttur**

Eiðsvallagötu 26, Akureyri.

Guð blessi ykkur öll.

**Anton Sölvason** — **Anna Vigfúsdóttir**
**Margrét Sölvadóttir** — **Þröstur Guðjónsson**
**Gunnlaugur Sölvason** — **Halldóra Garðarsdóttir**
**María Sölvadóttir**
**Egill Sölvason** — **Auðbjörg Bára Guðmundsdóttir**
**Guðfinna Sölvadóttir** — **Konráð Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Þökkum stuðning og hlýhug við andlát og útför ástkærrar unnustu minnar, dóttur okkar, systur, mágkonu og frænku,*

**Petrínu Margrétar Árnadóttur**

Sólheimum 27, Reykjavík.

**Guðmundur Mjölnir Þorsteinsson**
**Árni Sigurðsson** — **Sigurbjörg Sigurðardóttir**
**Kristófer Eiríkur Árnason** — **Sandra Ólafsdóttir**
**Þorkell Árnason** — **Oddný Bergþóra Helgadóttir**
**Viðar Már Ólafsson**
**Kristófer Örn Kristófersson**
**Kristinn Arnar Kristófersson**



*Okkar ástkæra eiginkona, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Guðlaug Gunnarsdóttir**

Frostaskjóli 3, Reykjavík,

andaðist að morgni 11. mars á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 20. mars kl. 13.00.

**Halldór Vídalín Kristjánsson**
**Ebba Dahlmann**
**Solveig Sif Halldórsdóttir** — **Arnar Pálsson**
**Jón Vídalín Halldórsson** — **Linda Björg Birgisdóttir**
**Gunnar Áki Halldórsson** — **Svala Júlía Ólafsdóttir**
**og barnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rósa Kemp Þórlindsdóttir**

Barrholti 7, Mosfellsbæ,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 8. mars síðastliðinn, verður jarðsungin frá Grensáskirkju mánudaginn 19. mars klukkan 13.00.

**Jón Þorberg Eggertsson**
**Ólafur Ólafsson** — **Alda Konráðsdóttir**
**Svala Haukdal Jónsdóttir** — **Kjartan O. Þorbergsson**
**Þórdís Elva Jónsdóttir** — **Hafsteinn Ágústsson**
**Guðríður Erna Jónsdóttir** — **Ólafur Ágúst Gíslason**
**Jórunn Linda Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ÞÓRDÍS ÞÓRÐARDÓTTIR:** VER DOKTORSRITGERÐ UM MENNINGARLÆSI BARNA

## Það kom óþægilega á óvart hversu skýr kynjamunurinn er

„Það kom mér helst á óvart hvað var auðvelt að sýna fram á hvað 4 og 5 ára börn búa yfir mikilli hæfni til að byggja upp þekkingu og gefa henni merkingu. Ég held að börn séu töluvert vanmetnir einstaklingar,“ segir Þórdís Þórðardóttir, sem í dag klukkan 13 mun verja doktorsritgerð sína við uppeldis- og menntunarfræðideild Menntavísindasviðs í hátíðarsal Háskóla Íslands.

Nafn ritgerðarinnar er „Menningarlæsi – hlutverk barnaefnis í uppeldi og menntun telpna og drengja í tveimur leikskólum“. Með menningarlæsi leikskólabarna er átt við þá þekkingu þeirra á barnaefni sem nýtist þeim til virkrar þátttöku í samræðum, leik og skapandi starfi í leikskólanum og færir þeim jafnframt virðingarsess í jafningjahópnum. Er þá jafnt átt við bækur, sjónvarp, mynddiska og tölvur, enda gera börn engan greinarmun á því efni að sögn Þórdísar. „Þegar kemur að barnaefni getum við ekki flokkað eftir hugmyndum okkar um sígilt efni og afþreyingarefni, því þau gera ekki greinarmun á því.“

Þórdís segir það standa upp úr niðurstöðum hennar hversu kynjað menningarlæsi barna sé. „Það kom mér satt að segja óþægilega á óvart hvað kynjamunurinn var skýr. Menningarlæsi telpna byggir á tengslum, vináttu, samskiptum og prinsessum sem eru fallegar og giftast prinsum. Strákarnir eru mjög fastir í ofurhetjum, stríðshetjum og því að bjarga fólki. Hjá þeim er slegist og þar er stríð. Mjög margar stelpur hafa gaman af ofurhetjum, en þær segja helst ekki frá því nema í laumi. Strákarnir fordæma hins vegar prinsessusögurnar.“

Hún segir að börn efist um staðalmyndir kynjanna, rétt eins og fullorðnir, og efinn birtist helst í því að stelpur segist líka geta verið ofurhetjur og að þær séu alveg jafn sterkar og strákar. Hins vegar komi það mun sjaldnar fyrir að strákar segist alveg mega leika í stelpuleikjum, enda hafi þeir lítinn áhuga á því. Þannig, segir Þórdís, er alveg klárt að karlmennskan nýtur meiri virðingar en kvenleikinn á meðal leikskólabarna.



**ÞÓRDÍS ÞÓRÐARDÓTTIR** Mjög margar stelpur hafa áhuga á ofurhetjuleikjum, en strákar fordæma alla jafnan prinsessusögur og hafa engan áhuga á þeim. Þetta sýnir hversu skýrt það er strax í leikskóla að karlmennskan nýtur meiri virðingar en kvenleikinn að mati Þórdísar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Börnin skipa hvert öðru í virðingarsess, eftir því hversu haldgóða þekkingu þau hafa á barnaefni, samkvæmt niðurstöðum Þórdísar. Þau sem hæstan hafa virðingarsessinn meðal jafningja eru þau sem hafa hvað besta þekkingu á efninu. En eru foreldrar þá ef til vill að minnka menningarlæsi barna sinna, með því að takmarka aðgang þeirra að tilteknu efni, reyni til dæmis að halda strákum frá bardagaleikjum og stelpum frá prinsessusögum? „Það væri kannski betra að orða það þannig að menningarlæsi barna eykst eftir því sem þau hafa aðgang að fjölbreyttari miðlum. Ef þeim er haldið frá tölvum og sjónvarpi fá þau ekki eins djúpa þekkingu, því börn bera alla miðlana saman og þannig dýpkar þekking þeirra.“

Þórdís segir að þau börn sem hafi áhuga á öðrum hlutum en jafningjar þeirra standi oft frammi fyrir stríðni. „Börn mega vera öðruvísi og fylgja sinni sannfæringu, en ef hún er á skjön við sannfæringu hópsins mega þau búast við því að verða strítt. Það er veiðileyfi á þá sem eru öðruvísi. En um leið dást hin börnin að þeim fyrir að fylgja sannfæringu sinni. Þetta á jafnt við um stráka og stelpur.“

holmfridur@frettabladid.is



## 70 ára afmæli

Smiðurinn, skátinn og slökkviliðsmaðurinn síkáti, **Siggi í Bæjarstæði (afi Siggi),**

**Sigurður Guðjónsson,**

verður 70 ára laugardaginn 17. mars. Í tilefni dagsins verður slegið upp veislu í Golfskálanum frá kl. 16-19.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



*Elskulegur frændi okkar og mágur,*

**Barði Ágústsson**

Lindargötu 4, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar 8. mars. Hann verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 17. mars kl. 14.00.
Við færum starfsfólki Heilbrigðisstofnunarinnar sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Aðstandendur.**



*Bróðir minn,*

**Lárus Magnússon**

frá Tjaldanesi,

sem andaðist þann 9. mars sl., verður jarðsunginn frá Staðarhólskirkju í Dalasýslu laugardaginn 17. mars og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Magnúsdóttir**


MEIRA ÚRVAL
acer
Acer Aspire 5349-140
15,6" INTEL B815, 4GB MINNI OG 320 GB.
15,6"
89.990
TOSHIBA
TOSHIBA Satellite C660-2K1
15,6" INTEL B960, 4GB MINNI OG 500 GB.
15,6"
99.990
23,6"
PHILIPS
Philips 247E3LSU
24" FULL HD LED MEÐ 20.000.000:1 SKERPU
29.990
Logitech
Logitech Z313
2.1 HÁTALARAKERFI MEÐ BASSABOXI
9.990
COOLER MASTER
CoolerMaster Elite 310
HEIMILISTÖLVA Í COOLERMASTER TURNKASSA Á ÓTRÚLEGU VERÐI !
59.990
WD
Philips 247E3LSU
HD LIVE ÞRÁÐLAUS MARGMIÐLUNARSPILARI
29.990
Fermingarkort
Fermingarkort Tölvulistans
Við bætum 10% við gjafaupphæðina !
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardag 11-16
tl.is
TÖLVU LISTINN
6 VERSLANIR UM ALLT LAND
REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gáski, **6.** átt, **8.** arinn, **9.** kvenkyns hundur, **11.** pípa, **12.** yfirstétt, **14.** ofanálag, **16.** berist til, **17.** haf, **18.** maka, **20.** tveir eins, **21.** gort.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hleypa, **3.** í röð, **4.** snyrtipinni, **5.** sakka, **7.** flæmi, **10.** óvild, **13.** lærir, **15.** hald, **16.** krá, **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** sv, **8.** stó, **9.** tík, **11.** æð, **12.** aðall, **14.** álegg, **16.** bt, **17.** sær, **18.** ata, **20.** ii, **21.** raup.

**LÓÐRÉTT: 1.** ysta, **3.** rs, **4.** stælgæi, **5.** lóð, **7.** víðátta, **10.** kal, **13.** les, **15.** gríp, **16.** bar, **19.** au.


Kommuneqarfik SERMERSOOQ Reykjavíkurborg Tórshavnar kommuna

**Samstarfssjóður Kommunequarfik Sermersooq-Reykjavíkur-Þórshafnar auglýsir eftir styrkumsóknum fyrir árið 2012**

Reykjavíkurborg er aðili að samstarfssjóði höfuðstaða Færeyja, Grænlands og Íslands. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla skilning og samstarf, m.a. á sviði menningarmála, milli þessara borga, íbúa þeirra, samtaka og stjórnmálamanna og veita fjárstyrki til verkefna sem þjóna þessum markmiðum.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til verkefna sem tengjast samskiptum milli höfuðstaðanna og efla tengsl þeirra með einhverjum hætti, t.d. á sviði menningar, fræðslu eða íþrótta.

Í umsókn skal lýsa fyrirhuguðum verkefnum ítarlega, fyrirkomulagi þeirra, tímasetningu og kostnaði.

**Umsókn skal beint til:**
Samstarfssjóður Kommunequarfik Sermersooq-Reykjavíkur-Þórshafnar
b.t. skrifstofu borgarstjóra
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umsóknir skulu berast skrifstofu borgarstjóra í síðasta lagi föstudaginn 20. apríl nk. og koma umsóknir sem síðar kunna að berast ekki til afgreiðslu. Sérstök umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjóra, Ráðhúsi Reykjavíkur, s: (354) 411 4500.

Stjórn sjóðsins mun afgreiða umsóknir í maí nk.

Reykjavík, 16. mars 2012
Borgarritari





Discovery Channel er fáanlegt í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ


# Mig langar ekki í pungbindi

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Angan af nýslegnu grasi fyllir vitin þar sem ég sit undir berum himni og skrifa þessi orð með ylhýra golu í nýlögðu hárinu og hrímað glas af silkimjúku Chardonney við höndina. Djók. Ég sit við eldhúsborðið klædd flannelnáttfötum með saumsprettu í klofinu. Cheerios-ið er sokkið gegnsósa til botns í morgunverðarskálinni og herbergið fyllir rammur þefur af gömlu fiskroði og kaffikorgi því ég nenni ekki út með ruslið. Í miðri baráttu við ritstíflu reikar hugurinn að ísskápnum. Í ávalri flösku liggja dreggjar hvítvíns síðustu helgar. Mig langar í þær. Ástæðurnar eru margar. Lyktin er eins og af grasi, ferskleikinn er eins og gola og eftir nokkra sopa stæði mér á sama um að hárið á mér lítur út eins og gjörningur eftir Ragnar Kjartansson sem gæti heitið Medúsa safnar í dredda. Ein er þó sú ástæða sem myndi ekki liggja til grundvallar ákvörðun um að láta freistast í flöskuna.

**RÉTT VIKA** er síðan alþjóðlegum baráttudegi kvenna var fagnað um heim allan – með mismunandi hætti þó. Í Afganistan vöknuðu konur upp við þær fréttir að samkvæmt tilskipun yfirvalda töldust þær nú annars flokks þegnar. Í Bretlandi var farið í skrúðgöngu. Á Íslandi var konum færð gjöf: Í tilefni dagsins samþykkti borgarráð að grípa til aðgerða til að fá fleiri konur til að hjóla því rannsóknir sýndu að aðeins 8% kvenna hjóla allt árið á móti 17% karla.

**ÉG KLÓRAÐI** mér í höfðinu. Hvernig var hægt að draga þá ályktun að fleiri konur á hjólum stuðli að jafnrétti? Næsta dag rann upp fyrir mér ljós. Á forsíðu Fréttablaðsins mátti lesa viðtal við Gunnar Smára Egilsson, formann SÁÁ. Tilefnið var könnun sem sýndi að áfengisneysla íslenskra kvenna hefði aukist síðasta áratug og að lítill munur væri orðinn á drykkju kynjanna. Gunnar Smári taldi þróunina böl sem rekja mætti til réttindabaráttu kvenna: „Konur þurfa að geta gert allt eins og karlar, þar á meðal drukkið eins og þeir."

**Æ FLEIRI** virðast haldnir ranghugmyndum um að konur þrái fátt heitar en að vera karlar. Sem afleiðing eru kynjahlutföll, sem koma jafnrétti ekki vitund við, gripin á lofti og þau notuð til að skora ódýr stig. Nær væri að borgarráð nýtti fé sem ætlað er að jafna hjólanotkun kynjanna í alvöru jafnréttismál – leikskólapláss, launajöfnun – í stað þess að hafa jafnréttisbaráttuna að athlægi. Við konur óskum okkur jafnra tækifæra, ekki ályktana um að við klæðumst jakkafötum og pungbindum, horfum á fótbolta, lesum Tom Clancey eða hjólum í tólf vindstiga gaddi. Og við drekkum Chardonneyið okkar því okkur finnst það gott en ekki vegna þess að okkur langar til að vera Gunnar Smári Egilsson. Skál.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MÚRBÚÐARVERÐ!

## „Verðvernd" eða GOTT VERÐ



Deka Meistaralakk 70
Akrýllakk. hvítt. 1 líter
**1.595,-**

Hágæða sænsk málning 10% gljástig, verð 10L
**5.290,-** allir ljósir litir



**6.990,-**
**Drive** ryksuga í bílskúrinn
- 1200W
- 20 lítra
- sogkraftur > 16KPA
- fjöldi fylgihluta



**Spandy** heimilisryksugan
- 1600W
- afar hljóðlát
- mikill sogkraftur > 18KPA
- Hepa filter
- margnota poki

**5.990,-**





Deka Olíulakk 30
**1.495,-**



Bakki, grind og 2 stk 12cm málningarrúllur
**358,-**



Mako pensill 50mm
**195,-**

Drive fjölnotatæki 180W
**4.590,-**



Drive háþrýstidæla
70 bar
**9.990,-**





Black&Decker
háþrýstidæla
110 bar
**15.900**
1400W
360 min/lit/klst
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki
Sápubox

Gott í sumarbústaðinn



Ryco-1509 Olíufylltur 2000W rafmagnsofn m/termo stillingum og yfirhitavörn 9 þilja
**8.690**



Rafmagnshita-
blásari 2Kw
**1.995**



SHA-3901A
T8 Loftljós flúor rakaþ.
2x18w 67,5x16,6cm
**3.595**

Gott í sumarbústaðinn



Ryco-2006T Rafmagnsþilofn Turbo með yfirhitavari 3 stillingar 2000w
**5.890**



Rafmagnshitablásari
2Kw 1 fasa
**6.990**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



SHA-V5228 IP65
T5 Flúor lampi
2x28w 120cm
**5.390**



G 201 með hjólum **108** lítra 71x52x44cm **2.990,-**



G 002 með hjólum **52** lítra 58x42x34cm **1.990,-**
G 003 með hjólum **28** lítra 49x36x28cm **999,-**



MARC-LEO5 Leo hillueining.
100x30x185cm. 5 hillur
**6.990,-**



MARC-LEO1 Leo hillueining.
75x30x135cm. 4 hillur
**5.290,-**

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Furuvöllum 15. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |
| **Húsavík** | Garðarsbraut 50. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Vestmannaeyjar** | Flötum 29. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
*– Afslátt eða gott verð?*
*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

# menning

menning@frettabladid.is



**BORGARBÓKASAFN** og Myndlistaskólinn í Reykjavík standa fyrir myndasögusamkeppni fyrir fólk á aldrinum 10–20+ ára. Þemað er manga. Verkin geta hvort sem er verið myndasaga eða stök mynd með myndasögutema og/eða tengist myndasögum á einhvern hátt. Nánari upplýsingar um keppnina eru á vefsíðunni www.borgarbokasafn.is.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 16. mars 2012**

**➜ Uppákomur**

**10.00** 1.500 leik- og grunnskólanemendur syngja saman í göngugötunni á Akureyri, neðst í stöllunum í Skátagilinu.

**14.00** Húsverndarstofa stendur fyrir málþingi um viðhald og endurbætur eldri húsa í Kornhúsinu í Árbæjarsafni. Aðgangur er ókeypis.

**19.30** Húsavíkurkvöld Völsungs verður haldið á Spot í Kópavogi. Miðaverð er kr. 5.000.

**20.00** Uppistandið Guðni Ágústsson og Fíllinn ásamt hananum Hrólfi fer fram á Græna Hattinum. Miðaverð er kr. 2.000 Seinna uppistandið verður kl. 23.00.

**➜ Tónlist**

**12.00** Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari spilar á tónleikum í Víðistaðakirkju. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Hljómsveitin Eldar stígur á svið á Bar 11. Eftir tónleika mætir DJ í búrið. Aðgangur er ókeypis.

**21.30** Kalli Hallgríms heldur tónleika með Gímaldin og HEK á Café Haítí.

**22.00** KK og Illgresi halda tónleika á Café Rosenberg.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the Sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**➜ Fyrirlestrar**

**12.00** Kristi Raik, fræðimaður við Alþjoðamálastofnun Finnlands, ræðir um aðlögun Finnlands og Eistlands að öryggis- og varnarmálastefni ESB. Fyrirlesturinn fer fram í stofu 101 í Lögbergi.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**






## RITAR SÖGU KIRKJUNNAR

„Ég held að kirkjan standi ekki illa. Átta prestar sækjast eftir biskupsembættinu," segir Torfi Hjaltalín.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Reyndi að finna þráð sem einkenndi trú Íslendinga

**Íslensk kirkjusaga er nýkomin út, rituð af Torfa K. Stefánssyni Hjaltalín. Þar er fjallað á aðgengilegan hátt um áhrif kirkjunnar og útgáfu, trúarlíf almennings og einstaka kennimenn.**

Ég sá tvær bækur um kirkjusögu úti í Noregi sem eru kenndar í framhaldsskólum þar. Hér er íslensk kirkjusaga hins vegar ekki kennslufag en ég ákvað að skrifa hana samt," segir Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, sem nýlega gaf út Íslenska kirkjusögu sem hann segir henta prestum, nemum í guðfræði, sagnfræði og bókmenntafræði, ásamt öllum almenningi. „Fólk getur lesið söguna sem eina heild en líka notað sem uppflettirit því kaflar eru fremur stuttir og auðvelt er að finna einstök atriði eftir efnisyfirliti og nafnaskrá. Bókin er að mestu unnin upp úr öðrum ritum en auðvitað umskrifaði ég allt. Vil ekki lenda í sömu gryfju og Hannes Hólmsteinn og svo er maður svo sérvitur að finnast alltaf eigin texti bestur," segir hann sposkur.

Það sem einkum kom Torfa á óvart við vinnslu bókarinnar, að eigin sögn, var hversu mikið Íslendingar skrifuðu af trúarlegu efni á miðöldum. „Ég bjó í Noregi í eitt ár og tók eftir að Norðmenn voru að skrifa um íslenskar miðaldabókmenntir, ekki bara Snorra og Íslendingasögurnar heldur líka trúarbókmenntir. Sumar þeirra hafa ekki einu sinni verið gefnar út á íslensku. Ég get nefnt kvæði frá miðöldum sem heitir Geisli og fjallar um Ólaf konung helga. Það var flutt við vígslu Niðarósdómkirkju 1153 og þykir voða flott. Íslendingurinn Einar Skúlason orti það. Þeir voru fleiri Íslendingarnir sem sátu úti í Noregi og ortu, einn þeirra var Hallfreður vandræðaskáld. Þetta voru miklir höfðingjar."

Torfi segir líka áhugavert í sögunni hversu kaþólskan hafi verið sterk áfram í landinu á 16., 17. og jafnvel 18. öld þótt búið væri að skipta um sið. „Íslendingar þýddu mikið úr þýsku á fyrstu öldum siðbótarinnar og þaðan komu sterk kaþólsk áhrif. Menn voru að þýða hér nýlega útkomin rit þannig að þeir fylgdust mjög vel með. Þetta eru bókmenntir til sáluhjálpar fyrir almenning á öllum stundum og stöðum í lífinu. Talað hefur verið neikvætt um 17. og 18. öld en svo virðist sem margt jákvætt hafi líka verið í gangi þá. Guðbrandur biskup og Arngrímur lærði voru stórvirkastir í þýðingum á þessum tíma og Hólaprentið gaf mikið út. Víða í Evrópu sáu prentarar og leikmenn um svona útgáfu en hér voru biskuparnir með sjálfstæða stefnu á þessu sviði þó svo að eftir siðaskiptin væri íslenska kirkjan bara lítil deild innan danska stjórnskipulagsins, undir kóngi í raun og veru."

Í þessari þúsund ára kirkjusögu kveðst Torfi reyna að finna þráð sem einkenni trú okkar Íslendinga og nefnir þar dulhyggju- og andaktarbókmenntir sem notaðar hafi verið til heimabrúks við húslestra um aldir, ásamt sálmabókum. Passíusálmar Hallgríms séu gott dæmi um trúarlegt efni sem lifi með þjóðinni og sé lesið á hverri lönguföstu enn í dag.

Torfi er einmitt kominn í nútímann í bókarlok, gerir þar grein fyrir auknum úrsögnum úr þjóðkirkjunni og minnkandi trausti hennar, samkvæmt skoðanakönnunum. Telur hann sjálfur hana standa á brauðfótum? „Nei, ég held að kirkjan standi ekkert illa á Íslandi," segir hann. „Átta prestar sækjast eftir biskupsembættinu en maður hélt að enginn hefði áhuga á því eftir það sem á undan er gengið. Það sýnir að kirkjunnar fólk lítur ekki á það sem ok að verða biskup yfir Íslandi."

**gun@frettabladid.is**


SÝNING LAUGARDAG KL. 11:00-15:00




NÝJUNG á íslenskum innréttingamarkaði




Við höfum gert samning við einn stæsta innréttingaframleiðanda Þýskalands um framleiðslu á eldhúsinnréttingum sem verða seldar undir vörumerki Eirvíkur.

Þér er boðið í glæsilegan sýningasal okkar þar sem við kynnum nýjustu strauma í hönnun eldhúsa.

*Farðu alla leið með Eirvík*

EIRVÍK *innréttingar*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


FEGRAÐU HEIMILISBÓKHALDIÐ
MEÐ SKEMMTILEGRI RITFÖNGUM FRÁ EYMUNDSSON
Muna framtalið í mars
LEITZ Heimsþekkt vörumerki með gæðavörur
OXFORD minnisbækur Vandaðar bækur með teygju.
Verð kr. 1.599
Á TILBOÐI Í MARSMÁNUÐI 1.199 KRÓNUR
Herlitz skjalabox Margir litir í boði.
Verð kr. 699
Energel penninn er sá vinsælasti í Eymundsson. Mjúkur, þægilegur og hægt er að endurnýja fyllingu. Margir litir. Umhverfisvæn vara.
Verð kr. 519
Vönduðu áherslupennarnir sem endast betur. Margir litir í boði. Ská oddur.
Verð kr. 329
Millispjöld! Nauðsynleg fyrir skipulagið!
Verð kr. 589
Sjálflímandi Post-it miðar Einfaldlega ómissandi á heimilinu.
Verð kr. 459
Post-it
VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON
5% afsláttur af öllum ritföngum! Skráðu þig í næstu heimsókn.
Eymundsson Bóksali frá 1872



**549 KALÓRÍUR** aukalega á dag innbyrða þeir sem ekki fá nægan nætursvefn samkvæmt nýjum rannsóknum við Mayo Clinic í Rochester. Fullorðnum er ráðlagt að ná 6,5 klukkustunda svefni á hverri nóttu að meðaltali.

## HEILSA



**ORSÖK OFFITU BARNA** Vísindamenn hafa fundið tengsl á milli aðstæðna fóstra í móðurkviði og offitu barna.

Ástæðan fyrir breytingum á fósturvísum við fæðingu getur verið mataræði móðurinnar, mengun sem hún hefur andað að sér eða streita. Í rannsókn vísindamanna við háskólann í Newcastle voru þessar breytingar tengdar við aukna líkamsþyngd níu ára barna.

Samkvæmt frétt BBC telja vísindamennirnir að enn eigi eftir að sanna betur sambandið milli þessara breytinga og offitu barna. Rannsóknin var birt í tímaritinu Plos One.

DRDENIM JEANSMAKERS®
A MATTER OF LIFE AND DENIM™
LAUGAVEGI 7 & SMÁRALIND



KISSY
GALLABUXUR
8.990 KR.
www.facebook.com/drdenimiceland



**VINSÆL OG VEIT AF ÞVÍ** Kate Young er vinsæl í Hollywood. NORDICPHOTOS/GETTY

# Valdamesti stílistinn

**TÍSKA** Stílistinn Kate Young trónir á toppi lista yfir valdamestu stílista í Hollywood um þessar mundir. Young tekur við titlinum af Rachel Zoe.

Meðal viðskiptavina Young eru leikkonurnar Michelle Williams og Natalie Portman sem vekja ávallt athygli fyrir kjólaval sitt á rauða dreglinum. Í öðru sæti listans, sem tímaritið Hollywood Reporter tók saman, situr Leslie Fremar, sem ber meðal annars ábyrgð á klæðavali Charlize Theron og Reese Witherspoon. Stílistinn Petra Flannery er í þriðja sæti, en sú starfar mikið með ungum og upprennandi stjörnum líkt og Emmu Stone, Zoe Saldana, Milu Kunis og Megan Fox.

L'Wren Scott hreppti tólfta sætið, en hún starfar bæði sem stílisti og hönnuður og er að auki trúlofuð rokkaranum Mick Jagger. Scott starfar náið með forsetafrú Bandaríkjanna, Michelle Obama.



**FLÉTTUR Í TÍSKU** Þórdís segir sig og dætur sínar allar vera með mjög þykkt hár. Hún vonast til að læra að gera mismunandi fléttur í þær og jafnvel sjálfa sig á námskeiðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# LÆRIR AÐ FLÉTTA HÁR DÆTRANNA

**Útskriftarnemar í hárgreiðslu frá Iðnskólanum í Hafnarfirði ætla að halda námskeið þar sem kenndar verða einfaldar barnagreiðslur gegn vægu verði.**

**TÍSKA** „Ég á þrjár dætur, þriggja, fjögurra og sjö ára, og langar mikið að verða betri í að gera alls konar greiðslur í þær," segir Þórdís Brynjólfsdóttir, sem hyggst mæta á sérstakt hárgreiðslunámskeið fyrir foreldra í þeirri von að fullkomna kunnáttu sína í að greiða dætrum sínum.

Þórdís segist hafa heyrt af svona námskeiði áður, en að þá hafi verið einblínt á feður. Hún segir sjálfa sig og dætur sínar allar vera með þykkt hár sem erfitt sé að eiga við. „Ég sendi stelpurnar nú aldrei út úr húsi nema þær séu snyrtilega greiddar, en yfirleitt eru þær bara með tagl eða spennur. Ég er voða klaufsk við að flétta og vonast helst til að læra að gera mismunandi fléttur, það er nú svo mikið í tísku í dag þetta fléttudæmi," segir Þórdís, sem reiknar með að taka tvær eldri stúlkurnar með sér á námskeiðið.

Ólöf Sunna Magnúsdóttir, einn útskriftarnemanna sem stendur fyrir námskeiðinu, segir það hugsað fyrir alla þá sem eiga erfitt með að greiða börnunum sínum. Mæður, feður og jafnvel ömmur og afar eru velkomin. „Sumir eiga í erfiðleikum með það eitt að setja teygjur í hár barnanna sinna meðan aðrir vilja kannski læra einhverjar sætar barnagreiðslur, en við ætlum að kenna allan skalann," segir hún og bætir við að dúkkuhausar verði á staðnum fyrir þá sem hafa ekki tök á að taka börn með sér eða eru með börn með of stutt hár.

Námskeiðið er haldið sem fjáröflun til að standa undir kostnaði við útskriftina og fer fram á Hárgreiðslustofu Hrafnhildar í Árbænum þann 17. mars. Í boði verða tvö námskeið sem áætlað er að taki um eina og hálfa klukkustund hvort, og hefjast þau klukkan 10 og 12. Verði mikil aðsókn verður svo bætt við námskeiði klukkan 14. Verðið er 2.500 krónur og hægt er að skrá sig á tölvupóstfanginu margretosk1@hotmail.com. tinnaros@frettabladid.is




# Snertilaus snjallsími



**TÆKNI** Japanski raftækjarisinn Sony hefur þróað snjallsíma þar sem hægt er að vafra um netið með því að setja fingur yfir tenglana án þess að snerta þá.

Fyrirtækið kallar þessa nýjung „fljótandi snertingu". Síminn nefnist Xperia Sola og verður settur á markað seinna á þessu ári, samkvæmt BBC. Mörg önnur stórfyrirtæki eru að þróa svipaða snertilausa síma, þar á meðal Apple og Microsoft. Markmiðið er að notendur fari á netið, svari símanum og skoði myndir með því að nota handahreyfingar í stað snertingar, þar á meðal að smella fingrum fyrir framan skjáinn.

# VERÐHRUN

# Í OUTLET 10
# LOKAHELGIN

**500 kr. - 990 kr. - 1990 kr. - 2990 kr. - 3990 kr. - 4990 kr.**



ICHI



Fermingarjakkaföt
9.990.-



Buxur frá:
990.-

DIESEL
FOR SUCCESSFUL LIVING

adidas

carhartt



4.990.- 4.990.-



Úlpur: 4.990.-

DIESEL, ADIDAS, CHARHARTT, SPARKZ, SOLID,
BRUUNZ BAZAAR, BOBBIE BURNS, KAWASAKI, JUNK DE LUXE,
MALENE BIRGER, MISS SIXTY, NÜMPH, MATINIQUE, PAUL SMITH, MO MA, G-STAR, MAO, MOSS, BJÖRKVIN,
TIGER OF SWEDEN, SAMSOE & SAMSOE, MIA, KILLAH, INWEAR, SISTERS POINT, SOAKED IN LUXURY, PART TWO,
RELIGION, BULLBOXER, AGAIN AND AGAIN, BRONX, ICHI, IMPERIAL, SAINT TROPEZ OG FULLT AF FLEIRI FLOTTUM MERKJUM.

## Enn meiri verðlækkun

+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna

**OPIÐ:** MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook

**OUTLET 10**
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

# Dóttir Houston byrjuð með uppeldisbróður sínum

**Bobbi Kristina Brown, dóttir söngkonunnar Whitney Houston, er sögð eiga í sambandi við uppeldisbróður sinn, Nick Gordon. Gordon er 22 ára gamall og hefur búið með Houston-fjölskyldunni frá 12 ára aldri.**



**Á Í ERFIÐLEIKUM** Bobbi Kristina Brown, dóttir Whitney Houston, er sögð eiga í sambandi við uppeldisbróður sinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýverið náðust myndir af Brown og Gordon í innilegum faðmlögum úti á götu og upphófust sterkar gagnrýnisraddir í kjölfar myndbirtingarinnar. Gordon er ósáttur við neikvæðu raddirnar er hafa ómað og svarar þeim fullum hálsi á Twitter-síðu sinni. „Við urðum aðeins nánari og hvað með það!“ var á meðal þess sem hann skrifaði.

„Fyrir allt heimska fólkið þarna úti, þá eignaðist Houston aðeins eitt barn. Og hún treysti mér í hvívetna. Hún kallaði mig guðson sinn,“ skrifaði Gordon einnig.

Það eru þó ekki aðeins ókunnugir sem hafa látið skoðun sína í ljós á sambandinu því móðuramma Brown, Cissy Houston, er mótfallin ráðahagnum. „Henni finnst sem Nick sé að notfæra sér hversu viðkvæm Bobbi Kristina er þessa stundina. Þó Whitney hafi aldrei löglega ættleitt Nick, þá kallaði hún hann son sinn og Bobbi kallaði hann bróður,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

Brown hefur auk þess íhugað að skipta um nafn og hefur lýst því yfir að hún vilji alls ekki heita í höfuðið á föður sínum, söngvaranum Bobby Brown.

# Góða veizlu gjöra skal

Bíó ★★☆☆☆

Project X

**Leikstjórn:** Nima Nourizadeh
**Leikarar:** Thomas Mann, Oliver Cooper, Jonathan Daniel Brown, Kirby Bliss Blanton, Alexis Knapp, Rick Shapiro, Brady Hender, Nick Nervies, Miles Teller

Þrír unglingspiltar ákveða að halda partý þegar foreldrar eins þeirra eru að heiman, en veislan er fljót að fara úr böndunum. Veglegri en söguþráðurinn ekki að þessu sinni, en Project X stólar á að áhorfendur afsaki það í þágu grínsins.

Mannamótið í myndinni er vissulega fjörugt og uppátæki veislugesta til þess fallin að vekja hrifningu unglinga en fordæmingu fullorðna fólksins. Krakkaskarinn bryður alsælutöflur og berbrjósta stúlkur fara í myndavélasleik. Dvergur er læstur inni í bakaraofni og nágranni sem kvartar er beittur líkamlegu ofbeldi. Þó stuðaði ekkert af þessu mig sérstaklega, en kvenfyrirlitning og hómófóbía aðalpersónanna gerði það hins vegar.



**STUÐ** Partýið í Project X er hressilegt en myndin er fremur misheppnuð.

Fjandsamleg hegðun þeirra og viðhorf þjóna hvorki kómískum tilgangi né hjálpa sögunni að neinu leyti. Líklega er tilgangurinn eingöngu sá að ýta undir mýtuna um meintan níhílisma klámkynslóðarinnar. Eða kannski er ég bara orðinn svo gamall og úr sambandi við raunveruleikann að sjá ekkert fyndið eða sniðugt við 17 ára stráka að tala um það að ríða druslum.

Kvikmyndin hefur slegið í gegn vestanhafs og mun vafalaust gera það hér á landi einnig. Ekkert sem ég skrifa mun draga úr því, en um leið finnst mér dapurlegt að hugsa til þess að nútímamaðurinn sé hættur að gera þá kröfu á gamanmyndir að þær séu fyndnar. Project X inniheldur enga brandara, engar spaugilegar kringumstæður og ekki eina einustu aðlaðandi persónu. Stuðið er til staðar en það dugir ekki til.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Hressilegt partý en fremur misheppnuð mynd.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| TÖFRATENINGURINN | KL. 3.30 | L |
| THIS MEANS WAR | KL. 8 - 10.15 | 14 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 10 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE VOW | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THIS MEANS WAR | KL. 10.15 | 14 |
| LISTAMAÐURINN | KL. 5.45 - 8 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| ACT OF VALOR | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE VOW | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| PROJECT X Luxus VIP | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| JOHN CARTER | kl. 3:20 - 5:20 - 8 - 10:40 | 3D | 7 |
| JOHN CARTER | kl. 10:10 | 2D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 3:20 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| HUGO Með texta | kl. 5:30 - 8 | 2D | 10 |
| CONTRABAND | kl. 5:50 | 2D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| FJÖRFISKARNIR M/ ísl. Tali | kl. 3:30 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 10 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 6 | 3D | 7 |
| PRÚÐULEIKARARNIR enskt tal ísl texti | kl. 6 | 2D | L |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:10 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| JOURNEY 2: THE MYSTERIOUS ISLAND | kl. 5:50 - 8 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| FRÍÐA OG DÝRIÐ m/ísl tali | kl. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:10 | 3D | 7 |
| THE WOMAN IN BLACK | kl. 10:40 | 2D | 16 |
| JOURNEY 2 : THE MYSTERIOUS ISLAND 3D | kl. 5:50 | 3D | 7 |
| BEAUTY & THE BEAST - 3D (FRÍÐA OG DÝRIÐ) M/ ísl. Tali | kl. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| PROJECT X | kl. 8 | 2D | 16 |
| JOHN CARTER | kl. 5:30 | 3D | 7 |
| SVARTUR Á LEIK | kl. 10:10 | 2D | 16 |
| A FEW BEST MEN | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS m/íslensku tali | kl. 6 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| JOHN CARTER | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 7 |
| A FEW BEST MEN | kl. 6 | 12 |
| THIS MEANS WAR | kl. 8 - 10:20 | 12 |

MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
tryggðu þér miða á sambio.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| PROJECT X | 6, 8 og 10.15 |
| JOHN CARTER 3D | 4(950 kr) og 7 |
| SVARTUR Á LEIK | 5.50, 8 og 10.15 |
| SAFE HOUSE | 10.20 |
| JOURNEY 2 3D | 4(950 kr) |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 2D | 4(750 kr) |

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.




BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**FÖSTUDAGUR: *ÞÝSKIR: ALMANYA 20:00*** ■ *BLACK'S GAME (SVARTUR Á LEIK) 17:40, 20:00, 22:20* ■ **BLIKKIÐ 18:00, 20:00** ■ MACHINE GUN PREACHER 22:00 ■ THE SKIN I LIVE IN 17:40, 22:20 ■ THE DESCENDANTS 20:00, 22:20 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*

**SKÓLANEMAR:** 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!
Sami afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara.



# Tökum á 24-mynd frestað

Upptökum hefur verið frestað á kvikmyndaútgáfu sjónvarpsþáttanna 24. Tökur áttu að hefjast í þessum mánuði en hefur verið frestað til næsta árs. Ástæðan er sú að aðalleikarinn Kiefer Sutherland, sem fer með hlutverk Jacks Bauer, er upptekinn við að leika í nýjum sjónvarpsþáttum sem kallast Touch. Deilur eru einnig uppi um hversu miklum peningum eigi að eyða í myndina, auk þess sem handritið er ekki tilbúið. Kvikmyndin á að vera hluti af þríleik og á fyrsta myndin að gerast sex mánuðum eftir að síðustu þáttaröðinni lauk.



**ENGIN MYND** Kiefer Sutherland leikur ekki í 24-kvikmyndinni á þessu ári.

# 48 keppa í Músíktilraunum

Alls keppa 48 hljómsveitir á Músíktilraunum 2012 sem standa yfir í Austurbæ frá 23. til 31. mars. Mikill áhugi var á keppninni í ár og sóttu tæplega sextíu hljómsveitir um þátttöku.

Undanúrslitakvöldin verða fjögur og spila því tólf hljómsveitir á hverju kvöldi. Sú nýbreytni verður í ár að eitt gestaband spilar í dómarahléinu á hverju kvöldi. Í ár verða það Sóley, Þórir, Sin Fang og Svavar Knútur. Hægt er að nálgast upplýsingar um hljómsveitirnar sem taka þátt, hlusta á lög með þeim og sjá niðurröðun á hverju kvöldi á Musiktilraunir.is. Miða má nálgast á Midi.is.



**SAMARIS** Hljómsveitin Samaris vann Músíktilraunir í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Flókin æska

Leighton Meester segist ekki hafa fæðst í fangelsi líkt og margir trúa, heldur á sjúkrahúsi líkt og flest önnur börn. „Móðir mín sat inni á meðgöngunni en fæddi mig samt á spítala, ég var svo send í fóstur til ömmu minnar þegar ég var þriggja mánaða,“ sagði Gossip Girl-leikkonan en foreldrar hennar afplánuðu bæði dóm fyrir fíkniefnainnflutning.

„Fjölskylda mín á klikkaða sögu, en hún var ekki alveg ömurleg. Þegar ég lít til baka í dag man ég frekar eftir góðu hlutunum. Æska mín var flókin en ég lék mér oft á ströndinni og átti líka góðar stundir.“



**FLÓKIN ÆSKA** Leighton Meester átti erfiða en góða æsku að eigin sögn.



**HRIFIN AF SÆNSKRI HÖNNUN** Leikkonan Gwyneth Paltrow er andlit vorlínu sænsku tískukeðjunnar Lindex. NORDICPHOTOS/GETTY

# Paltrow hrifin af Lindex

**Leikkonan Gwyneth Paltrow er nýtt andlit sænsku tískukeðjunnar Lindex og segist leikkonan vera afskaplega hrifin af vorlínu keðjunnar.**

**Paltrow er mikil áhugakona um tísku og er meðal annars náin vinkona hönnuðarins Stellu McCartney. Paltrow lýsti yfir aðdáun sinni á vorlínu Lindex í nýlegu viðtali, en línan hefur hlotið heitið Preppy Modern. „Ég elska fötin frá þeim og ég mundi aldrei vera í forsvari fyrir tískukeðju sem ég væri ekki hrifin af. Fötin þeirra eru nákvæmlega það sem ég mundi klæðast heima hjá mér,“ sagði leikkonan.**



# sport

sport@frettabladid



**ÞÓRA BJÖRG HELGADÓTTIR** átti mjög góðan leik í markinu og Sara Björk Gunnarsdóttir skoraði sigurmarkið þegar LdB Malmö vann þýska liðið 1. FFC Frankfurt 1-0 í fyrri leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í fótbolta í gær. Þóra sýndi mikið öryggi í markinu allan tímann og varði alls níu skot en Sara skoraði sigurmarkið á 25. mínútu og hefur því skorað 5 mörk í 5 leikjum í Meistaradeildinni á tímabilinu.

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Express karla*

**Grindavík-Snæfell 89-101 (39-52)**

**Stig Grindavíkur:** J'Nathan Bullock 25 (13 frák.), Páll Axel Vilbergsson 18, Þorleifur Ólafsson 13, Sigurður Þorsteinsson 7, Jóhann Ólafsson 7, Ólafur Ólafsson 6, Ómar Sævarsson 6, Ryan Pettinella 4, Björn Steinar Brynjólfsson 3.

**Stig Snæfells:** Marquis Sheldon Hall 22, Quincy Hankins-Cole 21 (17 frák.), Jón Ólafur Jónsson 18 (11 frák.), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 14, Hafþór Ingi Gunnarsson 14, Sveinn Davíðsson 8, Ólafur Torfason 2, Óskar Hjartarson 2.

**Fjölnir-Njarðvík 92-74 (43-36)**

**Stig Fjölnis:** Calvin O'Neal 27, Nathan Walkup 20 (11 frák.) Jón Sverrisson 16 (12 frák.), Arnþór Freyr Guðmundsson 14 (6 frák./6 stoðs.), Björgvin Ríkharðsson 13, Daði Berg Grétarsson 2.

**Stig Njarðvíkur:** Cameron Echols 24 (15 frák.), Travis Holmes 17, Elvar Már Friðriksson 13, Páll Kristinss. 6, Styrmir Fjeldsted 6, Ólafur Helgi Jónss. 5, Oddur Péturss. 2, Maciej Baginski 1.

**ÍR-Haukar 87-92 (46-49)**

**Stig ÍR:** Robert Jarvis 26, Rodney Alexander 21 (11 frák.), Nemanja Sovic 17, Ellert Arnarson 8, Kristinn Jónasson 6, Níels Dungal 6, Eiríkur Önundarson 3.

**Stig Hauka:** Christopher Smith 25, Emil Barja 19, Alik Joseph-Pauline 15 (10 frák./7 stoðs.), Chavis Lamontz Holmes 12, Helgi Björn Einarsson 9, Haukur Óskarsson 5, Guðmundur Kári Sævarsson 3, Davíð Páll Hermannsson 2, Örn Sigurðarson 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **20** | **17** | **3** | **1799-1599** | **34** |
| Þór Þ. | 19 | 13 | 6 | 1624-1516 | 26 |
| **KR** | **19** | **12** | **7** | **1679-1609** | **24** |
| Stjarnan | 19 | 12 | 7 | 1667-1574 | 24 |
| **Keflavík** | **19** | **12** | **7** | **1716-1603** | **24** |
| Snæfell | 20 | 11 | 9 | 1877-1780 | 22 |
| **Tindastóll** | **19** | **9** | **10** | **1578-1652** | **18** |
| Njarðvík | 20 | 9 | 11 | 1682-1714 | 18 |
| **ÍR** | **20** | **8** | **12** | **1770-1855** | **16** |
| Fjölnir | 20 | 8 | 12 | 1714-1801 | 16 |
| **Haukar** | **20** | **6** | **14** | **1575-1654** | **12** |
| Valur | 19 | 0 | 19 | 1444-1768 | 0 |

**LEIKIR Í KVÖLD:**

**Tindastóll - Þór Þorl. Sauðárkr. Kl. 19.15**
Keflavík - Stjarnan Toyota höllin Kl. 19.15
**Valur - KR Vodafonehöllin Kl. 19.15**

*Evrópudeildin 16 liða úrslit*

**Athl. Bilbao - Man. United 2-1 (5-3 sam.)**
1-0 Fernando Llorente (23.), 2-0 Oscar De Marcos (65.), 2-1 Wayne Rooney (80.)
**Man.City - Sporting Lissabon 3-2 (3-3)**
0-1 Matías Fernández (33.), 0-2 Ricky van Wolfswinkel (40.), 2-1 Sergio Agüero (60.), 2-2 Mario Balotelli, víti (75.), 3-2 Agüero (82.)
**Hannover 96 - Standard Liege 4-0 (6-2)**
Birkir Bjarnason fékk ekki að koma inná.
**PSV - Valencia 1-1 (3-5)**
**Udinese - AZ Alkmaar 2-1 (2-3)**
Jóhann Berg Guðmundsson kom inn á 78. mín.
**Besiktas - Atlético Madrid 0-3 (1-6)**
**Olympiakos - Metalist Kharkiv 1-2 (2-2)**
**Schalke 04 - Twente 4-1 (4-2)**



**BIKARINN Á LOFT** Páll Axel Vilbergsson, fyrirliði Grindavíkur, lyftir hér deildarmeistarabikarnum í gær. MYND/JÓN BJÖRN ÓLAFSSON

# SÚRSÆT BIKARLYFTING

**Grindvíkingar lyftu deildarmeistaratitlinum í gærkvöld en það var lítill meistarabragur á leik þeirra þegar þeir töpuðu, 89-101, fyrir spræku liði Snæfells.**

**KÖRFUBOLTI** Deildarmeistarar Grindavíkur höfðu greinilega lítinn áhuga á því að lyfta bikar við bestu aðstæður í gær því þeir virtust aldrei vera með hugann almennilega við verkefnið. Þeir reyndu þó að kreista fram bros í leikslok er þeir tóku við deildarmeistaratitlinum. Hólmarar brostu þó hringinn enda komnir í úrslitakeppnina með sigri.

### Helgi Jónas ekki sáttur

„Ég er ekki sáttur. Þetta var bara lélegt. Ég veit hreinlega ekki hvað ég á að segja," sagði Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur, svekktur í leikslok. Helgi var foxillur út í sína leikmenn allan leikinn og sparkaði í veggi er hann var hvað reiðastur.

„Ég sagði mönnum að njóta sín í leiknum en þeir fylgdu ekki neinu af því sem búið var að leggja upp með. Það tekur á að horfa á slíkt. Ég veit ekki hvað skal skrifa þetta á. Bara þjálfarann. Ég verð að taka þetta á mig, það er minnsta mál," sagði Helgi sem hefur verið duglegur að skamma sína menn í vetur þó svo þeir hafi verið langbestir. „Það liggur við að það sé eina sem virkar á þá. Ef ég segi ekki neitt þá fer þetta í tóma vitleysu."

Það voru gestirnir sem mættu miklu betur stemmdir til leiks. Grindvíkingar höfðu ekki að neinu að keppa nema vera í góðu skapi í bikarafhendingunni eftir leik. Það virtist ekki vera næg hvatning því þeir voru algjörlega hauslausir nær allan hálfleikinn.

Gestirnir úr Hólminum náðu fljótt þægilegu forskoti og mestur var munurinn 20 stig í fyrri hálfleiknum. Útlendingarnir spiluðu vel í liði Snæfells sem og Jón Ólafur og Pálmi Freyr. J'Nathan Bullock var eini maðurinn með meðvitund hjá Grindvíkingum og þökk sé honum var munurinn aðeins þrettán stig í hálfleik, 39-52.

Snæfell hélt einbeitingu í síðari hálfleik, gaf Grindvíkingum engin færi á sér sem þó voru skömminni skárri í síðari hálfleik. Grindvíkingar komust aldrei nær en ellefu stig og Snæfell fagnaði mjög sanngjörnum sigri.

„Þetta var langt yfir pari hjá mörgum rétt eins og undanfarið. Nú var grimmdin og einbeitingin til fyrirmyndar allan leikinn hjá okkur. Menn voru í stuði enda er úrslitakeppnin að byrja," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, en hann var hæstánægður með sætið í úrslitakeppninni.

„Nú þurfum við að bæta við okkar leik og ætlum að koma inn í úrslitakeppnina með stemningu."

### Haukar enn á lífi

Það er enn spenna í fallbaráttunni eftir leikina í gærkvöldi því Haukar héldu sér á lífi með því að vinna fimm stiga sigur á ÍR í Seljaskóla. Fjölnir vann á sama tíma Njarðvík sem þýðir að bæði ÍR og Fjölnir eru með fjórum stigum meira en Haukar. Haukarnir búa hins vegar að því að vera með betri innbyrðisstöðu en bæði þessi lið og það eru enn fjögur stig eftir í pottinum.

henry@frettabladid.is
ooj@frettabladid.is

Bæði Manchester-liðin féllu úr leik í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar í gær:

# Enn eitt Evróputapið hjá United

**FÓTBOLTI** Manchester-liðin geta farið að einbeita sér að baráttunni um Englandsmeistaratitilinn eftir að þau féllu bæði úr leik í sextán liða úrslitum Evrópudeildarinnar í gær. United tapaði 2-1 á útivelli á móti spænska liðinu Athletic Bilbao og það nægði ekki City að vinna 3-2 heimasigur á portúgalska liðinu Sporting Lissabon.

Athletic Bilbao yfirspilaði Manchester United lengstum í gær alveg eins og í fyrri leiknum og það er óhætt að segja að Spanverjarnir hafi unnið sannfærandi sigur í báðum leikjum. Manchester United hefur þar með tapað þremur Evrópuleikjum í röð og alls fjórum af síðustu fimm leikjum sínum í Meistaradeildinni og Evrópudeildinni.

„Ég held að við getum ekki kvartað. Það er enginn léttir að vera fallinn úr leik. Það voru samt mestu vonbrigðin að falla út úr Meistaradeildinni," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man United.

Jóhann Berg Guðmundsson og félagar í hollenska liðinu AZ Alkmaar komust áfram þrátt fyrir að leika manni færri í 87 mínútur í 2-1 tapi á móti Udinese á Ítalíu. Birkir Bjarnason og félagar í Standard Liege eru úr leik. - óój



**WAYNE ROONEY** Skoraði 3 mörk í leikjunum á móti Bilbao. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Breiðagerði 7 - 108 Reykjavík




Opið hús í dag föstudag frá kl. 12:30 til 13:00
347,9 m2 einbýlishús með aukaíbúð í kjallara við Breiðagerði 7 í Reykjavík. Húsið sjálft er á þremur hæðum skráð 219 m2. Bílskúrinn er skráður 40 m2 og geymsla í kjallara undir bílskúrnum er skráð 89 m2. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 53,9 m.** 10293

Þrastarás 25 - 221 Hafnarfjörður




Opið hús í dag föstudag frá kl. 12:30 til 13:00
Mjög fallegt og vel skipulagt 231,5 m2 einbýlishús með stórum bílskúr við Þrastarás 25 í Hafnarfirði. Stór timburverönd. Fallegar innréttingar og gólfefni. Stutt í skóla og leikskóla.
Eignin er laus til afhendingar strax. V. 53,9 m 10291



KYNNTU ÞÉR TILBOÐIN OKKAR!

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og EIRHÖFÐA (Bílakjarninn)

525 8000
www.bilaland.is
bílaland

# Helgar Roast

Alla laugardaga og sunnudaga frá kl. 11.30

Helgarsteik mánaðarins:
Úrval forrétta þar sem hver velur fyrir sig
Heilsteikt íslensk Peking-önd „a l´orange“
Kirsuberjatoppar í súkkulaðimóa,
hindberjaískrap og frosið vanillukrem
3.500 kr.



# Hann & hún

Matreiðslumeistarar Gallery Restaurant hafa sett saman matseðla
sem höfða til mismunandi bragðlauka kynjanna.
Það er gaman að finna hvað kitlar bragðlaukana hjá hvoru kyni –
svo kemur mismunandi smekkur til sögunnar. Hvor hentar þínum bragðlaukum?



## Hún

Lystauki - Saffrankrydduð kræklingasúpa og appelsínur
Túnfiskur á tvo vegu ásamt mangó og agúrkusalati, þeyttri kókosmjólk og lime
Kjúklingabringa undir kóríanderhjúp ásamt steiktum humarhala, snjóbaunum
og asíukryddaðri appelsínusósu
Valrhona „Gianduja” með ástaraldinkaramellu,
sítruskremi í sætu röri og gleymdi ísinn
5.900 kr.



## Hann

Lystauki - Humarsúpa Gallery Restaurants með marineruðum humri
Saltfiskur og parmaskinka ásamt sultuðum tómötum og nýrakaðri fenníku
Rib-eye steik - 12 daga „Premier Cru” með stökkum belgískum kartöflum
og Béarnaise- eða rauðvínssósu
Kirsuberjatoppar í súkkulaðihrauni, hindberjaískrap og frosið vanillukrem
5.900 kr.

Velkomin!

Gallery Restaurant

HÓTEL HOLT

Gallery Restaurant - Hótel Holt - Bergstaðastræti 37 - sími 552 5700 - gallery@holt.is - holt.is

H:N Markaðssamskipti / SIA

**> Stöð 2 kl. 20.10**

## Spurningabomban

***Fjörið heldur áfram í Spurningabombunni hjá Loga Bergmann á Stöð 2 í kvöld. Að þessu sinni eru það eldhressir tónlistarmenn sem etja kappi. Félagarnir Eyjólfur Kristjánsson og Stefán Hilmarsson mæta þeim Braga Valdimar Skúlasyni og Guðmundi Pálssyni úr Baggalúti.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** MAGNÚS Þ. LÚÐVÍKSSON OG ÞJÓÐARGERSEMAR

## *Rautt ljón eða rauður fálki?*

Þær eru nokkrar raddirnar sem eru fyrir löngu orðnar aufúsugestir á heimilum landsmanna. Ein þeirra er Bjarni Felixson sem hefur um áratugaskeið listilega lýst íþróttaviðburðum fyrir Ríkisútvarpið. Bjarni lét af störfum hjá RÚV fyrir nokkrum árum og fór á eftirlaun. Blessunarlega er hann þó ekki alveg horfinn af sjónarsviðinu þar sem ómþýða rödd Bjarna má enn heyra af og til í útsendingum KR-útvarpsins að sumri til.

Bjarni er löngu orðinn þjóðargersemi, ekki síst vegna framlags síns til knattspyrnumenningar á Íslandi. Sem ungur maður átti Bjarna glæstan feril í gullaldarliði KR. Á Ríkissjónvarpinu kynnti hann landann svo fyrir enska boltanum. Fyrst um sinn voru fáir sannfærðir um að gaman væri að fylgjast með tuðrusparki á Bretlandseyjum. Gerðust þær raddir meira að segja háværar þegar þorskastríðin stóðu sem hæst að hætta sýningum á enska boltanum. Nú til dags þarf varla að fjölyrða um vinsældir enska boltans meðal landsmanna enda orðinn ríkur þáttur í menningu landsins.



Bjarni er dæmi um mann sem hefur heila starfsævi unnið samviskusamlega og af eldmóði við hugðarefni sitt: fótbolta. Það er til happs að Bjarni starfaði hjá RÚV svo allir, fremur en bara sumir, hafa notið starfa hans. Það eru menn eins og Bjarni sem marka spor í samfélagið og menningu þess. Slíka menn ber að vegsama og legg ég hér með til að Bjarna Felixsyni verði veitt Hin íslenska fálkaorða fyrir framlag til íslenskrar menningar.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskalögin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Girni, grúsk og gloríur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Sólskinshestur **15.25** Vinnustofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Á Búsúkíslóðum **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Litla flugan **23.00** Glæta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**12.00 Aukafréttir**
**12.15 Hlé**
**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Leó** (21:52) (Leon)
**17.23 Músahús Mikka** (72:78)
**17.50 Óskabarnið** (9:13)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Andraland** (2:7) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Gettu betur** (4:7) Spurningakeppni framhaldsskólanna. Menntaskólinn á Akureyri og Kvennaskólinn í Reykjavík eigast við.
**21.15 Míla af mánaskini** (Moonlight Mile) Meðal leikenda eru Jake Gyllenhaal, Dustin Hoffman og Susan Sarandon.
**23.15 Vegahótelið** (Vacancy) Hjón leita skjóls á gistihúsi á afskekktum stað eftir að bíll þeirra bilar. Þau finna faldar myndavélar í herbergi sínu og átta sig á því að ekki er allt með felldu. Meðal leikenda eru Kate Beckinsale, Luke Wilson og Frank Whaley. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.40 Ísilögð áin** (Frozen River) Tvær einstæðar mæður leiðast út í smygl á verndarsvæði Mohawk-indíána á landamærum New York-ríkis og Quebec í Kanada. Meðal leikenda eru Melissa Leo og Michael O'Keefe.
**02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.05 Dear John**
**08.00 Just Married**
**10.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**12.00 Gosi**
**14.00 Just Married**
**16.00 Night at the Museum: Battle of the Smithsonian**
**18.00 Gosi**
**20.00 Dear John**
**22.00 Rambo**
**00.00 Rat Pack**
**02.00 Fighting**
**04.00 Rambo**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (47:175)
**10.15 Covert Affairs** (7:11)
**11.00 Hell's Kitchen** (5:15)
**11.45 Human Target** (6:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Dragonball: Evolution**
**14.35 Friends** (24:24)
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Tricky TV** (11:23)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (6:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (1:22)
**19.45 Týnda kynslóðin** (27:40)
**20.10 Spurningabomban** (8:10)
**20.55 American Idol** (19:40)
**22.20 Get Shorty** Chili Palmer er okurlánari í Miami sem er sendur til Los Angeles til að innheimta skuld frá kvikmyndaframleiðandanum Harry Zimm.
**00.05 Stephanie Daley** Áhrifamikil mynd um þungaðan réttarsálfræðing sem fenginn er til að komast að sannleikanum um mál hinnar 16 ára gömlu Stephanie Daley, sem er sökuð um að fela þungun sína og síðan deyða nýfætt barn sitt.
**01.35 The Condemned** Hörkuspennandi hasarmynd um prúttinn sjónvarpsþáttaframleiðanda sem mútar fangelsisstjórum víða um heim og kaupir tíu dauðadæmda fanga úr fangelsi. Hann tilkynnir þeim að þeir verði að berjast upp á líf og dauða í beinni útsendingu á Netinu.
**03.25 Dragonball: Evolution**
**04.50 Friends** (24:24)
**05.10 The Simpsons** (1:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Athl. Bilbao - Man. Utd** Evrópud.
**10.45 Dregið í 8 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu** BEINT
**12.00 Dregið í 8 liða úrslit Evrópudeildarinnar** BEINT
**15.40 Udinese - AZ** Evrópudeildin
**17.25 Man. City - Sporting** Evrópudeildin
**19.10 Evrópudeildarmörkin**
**20.00 Meistaradeildin: Fréttaþáttur**
**20.30 La Liga Report**
**21.00 FA Cup - Preview Show**
**21.30 Athletic - Man. Utd.**
**23.15 UFC 117**
**02.15 Spænsku mörkin**
**02.55 Formúla 1: Ástralía - Æfing 3** BEINT
**05.50 Formúla 1: Ástralía - Tímataka** BEINT

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.30 Sunnudagsmessan**
**16.50 Sunderland - Liverpool**
**18.40 Chelsea - Stoke**
**20.30 Football League Show**
**21.00 Premier League Preview**
**21.30 Premier League World**
**22.00 PL Classic Matches: Liverpool - Man Utd, 99/00**
**22.30 Premier League Preview**

## EXTRA

**18.35 The Doctors** (71:175)
**19.20 The Amazing Race** (4:12)
**20.10 Friends** (9:24)
**20.35 Modern Family** (9:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 How I Met Your Mother** (5:24)
**22.20 American Idol** (20:40)
**23.05 Alcatraz** (6:13)
**23.50 NCIS: Los Angeles** (13:24)
**00.35 Týnda kynslóðin** (27:40)
**01.00 Friends** (9:24)

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (8:12) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Dynasty** (9:22) (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Solsidan** (6:10) (e)
**12.25 Game Tíví** (8:12) (e)
**12.55 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 7th Heaven** (17:22)
**16.45 Britain's Next Top Model** (1:14) (e)
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Good Wife** (7:22) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos** (32:50) (e)
**19.35 Got to Dance** (3:15)
**20.25 Minute To Win It** Tvíburarnir Dan og Shawn Nier reyna við milljónina.
**21.10 Minute To Win It** Tíu fyrrum keppendur úr Ungfrú Ameríku og Ungfrú Heimi keppa sín á milli fyrir góðgerðasamtök að eigin vali.
**21.55 HA?** (25:31) Íslenskur skemmtiþáttur.
**22.45 Jonathan Ross** (17:19)
**23.35 Once Upon A Time** (10:22) (e)
**00.25 Flashpoint** (11:13) (e)
**01.15 Saturday Night Live** (11:22) (e)
**02.05 Jimmy Kimmel** (e)
**02.50 Whose Line is it Anyway?** (25:39) (e)
**03.15 Smash Cuts** (34:52) (e)
**03.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Transitions Championship 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Transitions Championship 2012 (1:4) **15.00** Champions Tour - Highlights (1:25) **15.55** Inside the PGA Tour (11:45) **16.20** Transitions Championship 2012 (1:4) **19.00** Transitions Championship 2012 (2:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (10:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Föstudagsþátturinn

## BBC entertainment

**06.35** The Vicar of Dibley **07.40** Jane Eyre **08.30** New Tricks **09.25** Come Dine With Me **10.15** My Family **11.15** Come Dine With Me **12.05** My Family **13.10** The Vicar of Dibley **15.45** QI **16.45** The Best of Top Gear **17.35** Live at the Apollo **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **19.40** QI **20.10** Derren Brown: How To Beat a Casino **21.00** Live at the Apollo **21.45** Peep Show **22.15** Live at the Apollo **23.00** The Vicar of Dibley **00.00** The Vicar of Dibley **01.00** Jane Eyre **01.50** New Tricks **02.45** Live at the Apollo **05.00** EastEnders

## DR 1

**11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Dyrehospitalet **12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Lægerne **15.00** Dyk Olli dyk **15.15** Timmy-tid **15.25** Der var engang.... **16.00** Pacific Paradise Police **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hammerslag **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** My Super Ex-Girlfriend **22.25** En plads i mit hjerte

## NRK 1

**11.45** Schrödingers katt **12.15** NRK nyheter **12.20** V-cupfinale langrenn **13.15** V-cupfinale skiskyting **14.00** NRK nyheter **14.10** V-cupfinale hopp **15.00** NRK nyheter **15.10** V-cupfinale hopp **15.55** V-cupfinale langrenn **17.00** Oddasat - nyheter på samisk **17.15** Tegnspråknytt **17.20** Sporten? **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.40** Norge rundt **19.05** Popstokk **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.10** Kveldsnytt **22.25** Finnmarksløpet **23.00** Tungrockens historie **23.40** Elskerinner

## svt1

**09.00** Go'kväll **09.45** Debatt **10.30** Alpint **11.40** Högt att flyga **12.10** Isbastu **12.20** Skidor **13.30** Holmenkollen **14.30** Bakom 30 grader i februari **14.35** Dag **15.00** Rapport **15.05** Livet på Laerkevej **15.50** Skidor **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Minuten **20.00** Skavlan **21.00** The Missing **23.15** Rapport **23.20** Kulturnyheterna **23.25** White Chicks **01.10** Rapport **01.15** Game of Thrones **02.10** Tv-cirkeln. Game of thrones

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Motoring **21.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





# Fylgstu með í símanum

**Fjölbreytt úrval hágæða IP myndavéla með frábærum myndgæðum. Þú getur sótt myndir beint í símann eða spjaldtölvuna.**

**Hringdu núna í 570 2400 eða kynntu þér málið á oryggi.is.**

ÖRYGGI VELFERÐ

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 111049


ÚTILÍF
SKÍÐA OG BRETTA
ÚTSALA
30-50%
AFSLÁTTUR
VETRARFATNAÐUR Á 30% AFSLÆTTI
SKÍÐADEILDIN – ÚTILÍF GLÆSIBÆ
BRETTADEILDIN – ÚTILÍF KRINGLUNNI
SKÍÐI OG BRETTI – ÚTILÍF SMÁRALIND
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Þessa dagana er það Midnight City með M83. Ég kemst alltaf í gírinn þegar ég hlusta á það.“*

Valdimar Guðmundsson tónlistarmaður.

# Nýr vefur í samkeppni við Fótbolta.net

Ný fótboltavefsíða, 433.is, fer í loftið í dag. Þar verður ítarleg umfjöllun um fótbolta, bæði innlendan og erlendan.

„Það hefur í rauninni bara verið ein síða að sinna þessum stóra markaði. Þeir sem koma að þessu telja að það sé pláss fyrir tvo aðila, þannig að það var ákveðið að kýla á þetta,“ segir ritstjórinn Hörður Snævar Jónsson.

Fjórir starfsmenn verða í fullu starfi á síðunni og að sögn Harðar verður töluverð áhersla lögð á sjónvarp og umfjöllun um atvinnumenn erlendis. Þegar er búið að heimsækja landsliðsmennina Gylfa Sigurðsson, Aron Einar Gunnarsson, Jóhann Berg Guðmundsson og Kolbein Sigþórsson og spjalla við þá um lífið og tilveruna.

Vefsíðan Fotbolti.net hefur verið vinsælasta fótboltasíða landsins undanfarin ár og Hörður Snævar starfaði þar einmitt í sex ár. Hann segir 433.is vera tilbúna í samkeppnina. „Þeir hafa verið stærstir en hafa í rauninni aldrei fengið alvöru samkeppni. Við teljum okkur í stakk búna til að veita þeim samkeppni á jafnréttisgrundvelli.“

Geir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnusambands Íslands, opnar síðuna með formlegum hætti á sportbarnum Úrillu górillunni í kvöld.

**- fb**



**KLÁR Í SAMKEPPNI** Hörður Snævar Jónsson ritstýrir fótboltasíðunni 433.is sem fer í loftið í dag. Hann er tilbúinn í samkeppni við Fótbolta.net. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






**BORGRÍKI 2 Í BÍGERÐ** Ólafur Jóhannesson er byrjaður að undirbúa Borgríki 2 en þessi mynd er úr kynningartökunum fyrir framhaldsmyndina en tökur á stiklu fyrir fjárfesta hafa staðið yfir í vikunni.

**ÓLAFUR JÓHANNESSON:** BYRJAÐUR AÐ UNDIRBÚA BORGRÍKI 2

# New Regency endurgerir Borgríki í Hollywood

„Ég á von á að við klárum samninga á næstu dögum,“ segir leikstjórinn Ólafur Jóhannesson um samning við kvikmyndarisann New Regency um endurgerð á íslensku spennumyndinni Borgríki.

Aðdragandinn hefur verið nokkuð langur en það var strax í haust, fyrir frumsýningu Borgríkis á Íslandi, sem Ólafur gerði samning við umboðsskrifstofuna Principal Entertainment. Þar komst hann í samband við Hollywood-framleiðendurna James Mangold og Cathy Conrad, sem sáu til þess að New Regency fékk veður af myndinni en Mangold og Conrad eru með myndir á borð við Walk the Line, Girl Interrupted og Scream 1, 2, 3 og 4 á ferilskránni.

„Kathy Conrad og James Mangold eru mjög stór nöfn í bransanum. Nú fer ákveðin undirbúningsvinna í gang þarna úti undir þeirra stjórn. Það er verið að finna góða handritshöfunda sem geta lagað handritið að bandarískum veruleika en ekki er komið neitt á hreint með leikstjóra eða hvaða borg verður sögusviðið,“ segir Ólafur en New Regency er eitt af stærstu framleiðslufyrirtækjum í Bandaríkjunum. „Þetta er mjög stórt og við Kristín Andrea, sem framleiddi Borgríki með mér, erum komin með sterkan lögfræðing til að sjá um okkur þarna úti því þetta er mikill frumskógur.“

Bíómyndin Borgríki sló í gegn hérlendis og er Ólafur þegar byrjaður að huga að framhaldsmynd. Ólafur skrifar sjálfur handritið í samvinnu við Hrafnkel Stefánsson og er fyrsti hluti þess tilbúinn. „Við erum byrjuð að undirbúa Borgríki 2 og í vikunni höfum við verið að búa til stiklu fyrir fjárfesta,“ segir Ólafur sem getur ekki gefið mikið upp um söguþráðinn í framhaldsmyndinni en hann á von á því að aðalleikararnir verði þeir sömu, þau Ágústa Eva Erlendsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Sigurður Sigurjónsson og Zlatko Krickic.

Þrátt fyrir að undirbúningur sé hafinn á Ólafur von á að nokkur bið verði í myndina sjálfa. „Ég tel að það séu allavega eitt til tvö ár þangað til við hefjum tökur.“

**alfrun@frettabladid.is**




# Með einkabílstjóra í Brussel

„Þetta er besta stuttmyndahátíðin í Belgíu og sérhæfð fyrir stuttmyndir,“ segir Helgi Jóhannsson sem fylgir eftir stuttmynd sinni, Þegar kanínur fljúga, á hátíðinni Brussels Short Film Festival í Brussel nú í byrjun maí.

Halldór Ragnar Halldórsson er annar leikstjóri myndarinnar og fer að sjálfsögðu með til Belgíu. „Þessi mynd er barnið okkar,“ segir Helgi. Þetta er fyrsta alvöru stuttmynd þeirra félaga, en þeir eru nú þegar búnir að komast með hana inn á nokkrar erlendar hátíðir. Helgi segir að á milli þrjú og fjögur þúsund myndir hafi verið sendar inn fyrir hátíðina í Brussel, en aðeins 100 komist inn. „Það er frábært að komast á hátíð sem er bara fyrir stuttmyndir, því þær eiga það stundum til að týnast innan um stóru myndirnar á kvikmyndahátíðum,“ segir hann.

Strákarnir fá að upplifa ljúfa lífið í Brussel, því aðstandendur hátíðarinnar borga allan ferðakostnað, hótel og uppihald. „Þetta er auðvitað Brussel, ætli ESB sé ekki að borga þetta,“ segir Helgi léttur. „Það skiptir nú mestu máli að hafa komist inn á hátíðina, allt annað er bara bónus“ bætir hann við.

Til að kóróna ferðina hafa aðstandendur svo lofað þeim félögum einkabílstjóra sem sæki þá á flugvöllinn og sjái um að flytja þá á hátíðina. Helgi segist aldrei hafa haft einkabílstjóra áður, svo það verði skemmtileg upplifun. Hann veit ekki með gæði farartækisins, en segist að sjálfsögðu heimta að fá eitthvað almennilegt „Það er eins gott að þetta sé limmósína,“ segir hann og hlær.

**- trs**



**ÞEGAR KANÍNUR FLJÚGA** Helgi fylgir stuttmynd sinni á hátíðina Brussels Short Film Festival í byrjun maí.



Nikon
At the heart of the image

# I AM YOUR BEST DEAL

## Nikon 1 J1

Verð frá 119.995.-



**I AM** | 1 CLICK AHEAD

KAUPAUKI




**Nú er hægt að taka öðruvísi ljósmyndir.** Taktu ljósmynd um leið og þú tekur hreyfimynd. Taktu alltaf bestu myndina með nýja snjallmyndavalinu. Búðu til hreyfimynd úr ljósmynd. Allt þetta og miklu meira með nýju Nikon 1 myndavélinni með skiptanlegum linsum. Fáanleg í 5 mismunandi litum.

**KAUPAUKI** Innifalið í kaupum á Nikon J1 myndavél fylgir taska og 8GB minniskort að verðmæti kr 12.995 kr.

## COOLPIX

Verð 29.995.-



KAUPAUKI




**COOLPIX S3300 – Litrík sýn á pína veröld.** Nett og meðfærileg myndavél með 16 megapixla upplausn, NIKKOR gleiðhornslinsu, 6x optískum aðdrætti og hristivörn. Sjálfvirkar umhverfisstillingar, stór 2.7" LCD skjár og HD hreyfimyndataka. Eins fæst hún í 8 líflegum litum. Taktu skemmtilegar myndir við öll tilefni.

**KAUPAUKI** Innifalið í kaupum á Nikon S3300 myndavél fylgir taska og 4GB minniskort að verðmæti kr 7.995 kr.

Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.

**www.nikon.is**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði; Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húnvetninga – Hvammstanga; Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði; Valberg – Ólafsfjörður; Kauptún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað; Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ; Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Haglél selst enn

Platan Haglél með Mugison, sem seldist eins og heitar lummur fyrir jólin, er síður en svo hætt að seljast eins og efsta sæti Tónlistans ber vott um. Hún hefur á þessu ári selst í um 1.500 eintökum sem verður að teljast mjög góður árangur miðað við að hún kom út á síðasta ári. Haglél er söluhæsta plata Mugisons til þessa. Hún hefur selst í um 31 þúsund eintökum en síðasta plata hans og sú næst-söluhæsta, Mugiboogie, hefur selst í 25 þúsund eintökum.



**- fb**

### Að hitta naglann

Grein sem **Ögmundur Jónasson** innanríkisráðherra skrifaði í byrjun vikunnar í Fréttablaðið um hætt-una á mögulegum uppkaupum útlendinga á jörðum hér á landi fær ekki háa einkunn hjá **Jónasi Kristjánssyni** ritstjóra. „Sérhæfður lýðskrumari í þjóðrembu reynir með lygasögum að bjarga sér yfir á nýjan stað í pólitík," skrifar hann á vef sinn. Í tilvísun Jónasar á eigin skrif á Facebook leggur líka orð í belg **Eiður Svanberg Guðnason**, fyrrum sendiherra, ráðherra, þingmaður og fjölmiðlamaður og segir: „Ekki er hún falleg einkunnin sem Ögmund-ur fær hjá Jónasi. En Jónasi er lagið að hitta naglann á höfuðið." **- óká**



### Mest lesið vísir

1. Framdi sjálfsmorð eftir að vera neydd til að giftast nauðgara sínum
2. Tveir til viðbótar hugsanlega í gæsluvarðhald
3. Ljótasti hundur í heimi dáinn
4. Úrskurðaðir í vikulangt gæsluvarðhald
5. Lögreglan krefst gæsluvarðhalds yfir fjórum mönnum


### ENSKI BIKARINN Í BEINNI UM HELGINA

LAUGARDAG
12:35 Everton - Sunderland SPORT
17:20 Tottenham - Bolton SPORT
SUNNUDAG
13:50 Chelsea - Leicester SPORT
15:50 Liverpool - Stoke SPORT




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

HONDA
The Power of Dreams

FRUMSÝNING




EF VIÐ HÆTTUM OKKUR
ALDREI INN Á ÓKUNNAR SLÓÐIR
HVERNIG UPPGÖTVUM VIÐ ÞÁ NÝJAR?

Við hjá Honda leggjum ástríðu okkar í að skoða nýjar slóðir og nýjar hugmyndir. Það er einmitt þar sem allir nýju möguleikarnir liggja. Þetta er hugmyndin á bakvið nýjan Civic. Hönnuðir okkar vildu hanna besta Civic frá upphafi, þannig að þeir lögðu af stað í stærsta ferðalag sitt til þessa.

FRUMSÝNUM NÝJAN CIVIC UM HELGINA

LAUGARDAG MILLI KL. 10:00 OG 16:00
SUNNUDAG MILLI KL. 13:00 OG 16:00

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD

www.honda.is

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535